# FRÉTTABLAÐIÐ

105. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 5. MAÍ 2018


# Leið eins og sökin væri mín

**Guðrún Dögg Rúnarsdóttir** neyddist til að flýja land eftir lífshættulegt ofbeldi og hótanir Marks Doninger, þáverandi leikmanns ÍA. Guðrún segir íþróttafélagið hafa varið ofbeldismanninn. Það hafi tekið hana sex ár að byggja sig upp að nýju. →26



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



## Fimm í röð

Þjálfari KR fer yfir leiðina á toppinn. →40




## Fyrir tíma netsins

Virkir í athugasemdum báru gremju sína í hljóði. →36



## Öðruvísi fátækt í Reykjavík

Móðir Kristbjargar flúði örbirgð í Ekvador. →34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Í dag gefur suðvestanáttin aðeins eftir frá því sem hún var í gær, en þó verður víða strekkingsvindur. Áfram má búast við snjóéljum og fremur köldu veðri, en norðaustan- og austanlands verður sólskin og þokkalegar hitatölur yfir daginn.

SJÁ SÍÐU 52



**Sindri Þór Stefánsson í Héraðsdómi Reykjaness í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Eðlilega ósáttur segir verjandinn

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði Sindra Þór Stefánsson í eins mánaðar farbann í gær. Sindri er grunaður um aðild að þjófnaði á 600 Bitcoin-tölvum úr þremur gagnaverum en engin ákæra hefur verið gefin út á hendur honum.

Sindri lýsti á Facebook furðu sinni á því að þrír lögreglumenn hefðu verið sendir til Amsterdam til að sækja hann og flytja heim. „Kom svo fyrir dómara í Reykjanesbæ þar sem mér var sleppt út en með farbanni. Til hvers var eiginlega verið að auglýsa eftir mér?“

Þorgils Þorgilsson, verjandi Sindra, segir skiljanlegt að Sindra finnist óeðlilegt að lýst hafi verið eftir honum og hann sagður strokufangi.

„Maðurinn lýsir yfir sakleysi sínu þannig að það er eðlilegt að hann sé ósáttur við að vera dæmdur í gæsluvarðhald í tólf vikur. Svo fer hann úr fangelsi þegar honum er sagt að hann sé frjáls ferða sinna,“ segir Þorgils.

Þá segir Þorgils rannsóknina hafa tekið duglegan tíma. Það sé hins vegar erfitt fyrir hann að meta hvort sá tími hafi verið of langur í ljósi umfangs málsins.

„En jú, mér finnst vera liðinn mjög langur tími. Margir mánuðir. Hvort þetta er óeðlilega langur tími er allt annar handleggur.“ **– þea**

# Keisaraveldi hins illa sagði sís á Laugavegi



**The 501st Legion eru alþjóðleg samtök Star Wars-aðdáenda sem spóka sig í nákvæmum eftirlíkingum búninga illmenna í myndunum og láta gott af sér leiða. Þeim rann blóðið til skyldunnar á Star Wars-deginum í gær og herjuðu á Laugaveginn vegfarendum til ánægju.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Áfram í haldi eftir lát bróður

**LÖGREGLUMÁL** Héraðsdómur Suðurlands framlengdi í gær gæsluvarðhald yfir manni á sjötugsaldri, ábúandanum á Gýgjarhóli II í Biskupstungum, sem grunaður er um að hafa orðið 65 ára gömlum bróður sínum að bana í lok mars.

Gæsluvarðhald sem maðurinn var áður settur í hefði runnið út á mánudaginn en nýja varðhaldið er til fjögurra vikna og rennur út 4. júní. „Rannsókn málsins miðar vel og standa vonir til þess að unnt verði að afgreiða það fullrannsakað til héraðssaksóknara í maí,“ segir í tilkynningu um málið frá lögreglunni á Suðurlandi. **– gar**

**» Sá grunaði ber við minnisleysi vegna ölvunar. Þriðji bróðirinn var sofandi í herbergi á bænum.**




# Vætutíð leysir af kulda sem gæti ógnað gróðri

**Viðkvæmasti gróðurinn gæti skaðast í kuldakastinu sem íbúar á vestanverðu landinu finna fyrir. Búast má við að kalt verði fram yfir helgi. Veðurfræðingur spáir því að eftir helgina verði síðan óvenju mikil vætutíð miðað við árstíma.**

**NÁTTÚRA** „Það gæti komið eitthvert bakslag í viðkvæman gróður en ég held að þetta verði ekki varanlegt,“ segir Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur.

Þrátt fyrir kuldakast og snjókomu á vestanverðu landinu telur Kári að gróður sleppi að mestu leyti vel.

„Það hefði verið mikið verra ef við hefðum fengið norðanátt. Af því að þá hefðum við fengið miklu meiri kulda með sól,“ segir Kári. Það séu fyrst og fremst runnategundir sem laufgist snemma sem gætu skaðast. Nefnir hann blátoppinn, runnategund sem oft laufgast snemma og er oft komin af stað um miðjan apríl.

Kári segir að það sé allt í lagi að halda sínu striki í vorverkunum þrátt fyrir óveðrið.

„Ef klakinn er farinn úr jarðveginum, þá er allt í lagi að byrja að planta. Það er í rauninni betra en að draga það fram í miðjan júní þegar jarðvegurinn er farinn að þorna. Þá eiga plönturnar erfiðara með að koma sér af stað,“ segir Kári.

Teitur Arason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að suðvestanáttin hafi náð hámarki í gær.

„Það má segja að þetta séu leifarnar af vetrinum að sækja á okkur. Þetta er kalt loft, ættað frá heimskautasvæðum Kanada, sem fer stundum á flakk og það veldur órólegu veðri þar sem það kemur niður,“ segir Teitur.

„Þetta er það kalt loft að þegar það fer yfir sjóinn vestan við landið, þá drekkur það í sig raka úr sjónum og myndar éljaklakkana og það steypist snjór yfir vestanvert landið,“ bætir Teitur við. Á milli skín svo sólin, sem er orðin það sterk í maí að hún nær að hita yfirborðið á milli élja.

Teitur segir að suðvestanáttin verði áfram hvöss yfir helgina með svipuðu veðurlagi.

„En það er miklu betra veður austan við Tröllaskaga og fyrir norðaustan og á Austurlandi er þurrt og bjart veður,“ bætir Teitur við.

Búist er við að eftir helgi skipti veðrið um gír og verði mildara og blautara. Þetta er mjög ódæmigerð staða að sögn Teits. Algengara sé að kuldinn sæki að landsmönnum úr norðri á þessum árstíma.

„Síðan er næsta vika ekki heldur alveg venjuleg fyrir það hvað hún er vætusöm. Vorið er nú yfirleitt þurrasti árstíminn,“ segir Teitur.

**jonhakon@frettabladid.is**



**Kirkjugarðar Reykjavíkur eru á meðal fallegustu skrúðgarða landsins, enda vaskur hópur manna sem starfar þar. Miðað við veðurspána fram undan gætu þeir þurft að bregða sér í regngalla næstu daga.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Ef klakinn er farinn úr jarðveginum, þá er allt í lagi að byrja að planta. Það er í rauninni betra en að draga það fram í miðjan júní.**

Kári Aðalsteinsson, garðyrkjustjóri hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur


Kringlan
30 ára
3.–7. MAÍ
FIMMTUDAG TIL MÁNUDAGS
KRINGLU
KAST
LAUGARDAGUR
10 – 18
SUNNUDAGUR
13 – 18
20–50%
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM
kringlan.is
facebook.com/kringlan.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 29.04.2018 TIL 05.05.2018

**50** þúsund er fjöldi leigjenda á Íslandi nú. Þeir eru nú 10 þúsundum fleiri en fyrir sjö árum.





**3** þúsund fyrirtæki um það bil starfa í ferðaþjónustu hér á landi. Um 400 eru innan vébanda Samtaka ferðaþjónustunnar.



**350.710** manns bjuggu á Íslandi í lok 1. ársfjórðungs 2018.

**43.650** voru ellilífeyrisþegar í desember árið 2016, 20.333 karlar og 23.317 konur.



**4,5** milljarða eru jarðböðin við Mývatn metin á. Jókst virði þeirra um 1,3 milljarða, eða ríflega 40 prósent, í fyrra. Í lok árs 2014 var baðstaðurinn metinn á um 900 milljónir.



**20%** launahækkun fékk forstjóri Hörpu síðasta sumar. Í febrúar í fyrra hafði kjararáð ákvarðað forstjóranum 1,3 milljónir í mánaðarlaun. Stjórn Hörpu hækkaði launin í 1,567 milljónir á mánuði.

## Þrjú í fréttum
### Átök, íslenska og rétt nafn

**Ragnar Þór Ingólfsson**
*formaður VR*



boðaði í ræðu 1. maí baráttu sem ekki hefur sést í áratugi yrði ekki komið til móts við kröfur launafólks. Hann boðaði skærur, kerfisbundin verkföll minni hópa í stað úreltra allsherjarverkfalla. Fleiri en flugmenn og flugvirkjar gætu lamað hér flugsamgöngur.

**Eiríkur Rögnvaldsson**
*prófessor í íslenskri málfræði í HÍ*



benti á það í grein í Fréttablaðinu að kennurum námsbrautar í íslensku sem sinna einkum íslensku nútímamáli hefði á tveimur og hálfu ári fækkað úr fimm í tvo og hálfan. Á sama tíma gerðu ytri aðstæður það brýnna en nokkru sinni að fylgjast grannt með stöðu íslenskunnar.

**Alexandra Briem**
*transkona sem skipar 3. sætið á lista Pírata fyrir borgarstjórnarkosningarnar*



gerði sér vonir um að nafnbreyting hennar myndi ganga í gegn í tæka tíð til þess að hún fengi sitt rétta nafn prentað á atkvæðaseðilinn. Hún fékk hins vegar þær fregnir hjá Embætti landlæknis að mál hennar væri stopp í sérfræðinefndinni um kynáttunarvanda þar sem ekki væri búið að skipa nýjan geðlækni í nefndina.

# Rannsaka afhendingu gagna Barnaverndarstofu til fjölmiðla

**Frumkvæðisathugun Persónuverndar er hafin á því hvernig staðið var að afhendingu gagna Barnaverndarstofu til fjölmiðla um viðkvæm málefni. Lekinn er litinn alvarlegum augum. Velferðarráðherra hefur kallað forstjóra Barnaverndarstofu á teppið í næstu viku. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu skoðar einnig málið.**

**STJÓRNSÝSLA** Persónuvernd hefur hafið frumkvæðisrannsókn á því að Barnaverndarstofa afhenti Stundinni og RÚV hundruð blaðsíðna um barnaverndarmál á höfuðborgarsvæðinu. Málið er litið alvarlegum augum og er lögreglan á höfuðborgarsvæðinu einnig að skoða það.

Barnaverndarstofa lét fréttastofu Ríkisútvarpsins og Stundinni í té gagnapakka um einstök barnaverndarmál, deilur foreldra um umgengnisrétt við börn og fundargerðir svo dæmi séu tekin.

Þó að nöfn og kennitölur hafi verið afmáð úr gögnunum er mögulegt að finna út hvaða einstaklinga er um að ræða. Þetta ætlar Persónuvernd að rannsaka.

„Gögn sem þessi eru líkast til viðkvæmustu upplýsingarnar sem hægt er að komast í. Það er því mikilvægt að skoða hvernig vinnslu persónugreinanlegra upplýsinga var háttað í þessu tilviki. Við höfum skoðað málið eins og það liggur fyrir núna og teljum ástæðu til að hefja frumkvæðisathugun,“ segir Vigdís Eva Líndal, skrifstofustjóri upplýsingaöryggis hjá Persónuvernd.

Ekki er nóg samkvæmt persónuverndarlögum að afmá nöfn og kennitölur. Ef hægt er að rekja upplýsingar til tiltekinna einstaklinga eigi þær að fara leynt.

Afhending gagnanna gæti einnig varðað við almenn hegningarlög. Þar segir að opinber starfsmaður gæti átt yfir höfði sér eins árs fangelsi segi hann frá einhverju er leynt á að fara sem hann hefur vitneskju um í starfi sínu eða embætti.



Heiða Björg Pálmadóttir, starfandi forstjóri Barnaverndarstofu, neitar að hafa brotið lög. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Ásmundur Einar Daðason velferðarráðherra.**

Heiða Björg Pálmadóttir, starfandi forstjóri Barnaverndarstofu, neitar því að hafa brotið lög.

„Beiðni um upplýsingar var unnin samkvæmt lögum í samráði við lögfræðinga stofnunarinnar.“

Ásmundur Einar Daðason, velferðarráðherra og æðsti yfirmaður barnaverndarmála, segir málið alvarlegt og til skoðunar.

„Við erum búin að kalla til okkar forsvarsmenn Barnaverndarstofu og barnaverndarnefndir á höfuðborgarsvæðinu á fund í næstu viku til að fara yfir þessi mál,“ segir ráðherra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gætir mikils titrings innan barnaverndarnefnda á höfuðborgarsvæðinu vegna afhendingar gagnanna.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, sagði málið á borði ákærusviðs.

Anna Eygló Karlsdóttir, yfirmaður barnaverndar Kópavogs, segir að mögulega hafi mál úr Kópavogi verið í gagnapakkanum.

„Bæjarlögmaður og lögfræðingur barnaverndarnefndar Kópavogs eru að skoða þetta mál. Við viljum auðvitað ekki að upplýsingar sem þessar rati til annarra en þeirra sem málið varðar,“ segir Anna Eygló.

**sveinn@frettabladid.is**

Allar almennar bílaviðgerðir
**Fyllum á A/C kælikerfi**
Smur og dekkjaþjónusta
Pólýhúðun á felgum
Dekkjahótel

BIFREIÐA & DEKKJAÞJÓNUSTAN
Auðbrekku 2
Kópavogi
557-6644 / 823-6644
www.dekkjathjonustan.is
www.facebook.com/dekkjathjonustan
dekkjathjonustan@dekkjathjonustan.is


GRÆNIR DAGAR
20%
AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM
*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM
VEFVERSLUN
WWW.RFL.IS
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
20-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLUM
20-30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM RÚMGRINDUM
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATASKÁPUM
40% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM STANDSPEGLUM
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
GILDIR TIL 06.05

Rannsóknasjóður
Umsóknarfrestur 15. júní

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

**Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2019. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, 15. júní 2018.**

Umsækjendur eru beðnir um að kynna sér vel reglur Rannsóknasjóðs fyrir styrkárið 2019 áður en hafist er handa við gerð umsóknar.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Nánari upplýsingar og aðgang að rafrænu umsóknarkerfi má nálgast á **www.rannis.is**

rannís
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun



Viðskiptatækifæri:
Nýtt hótel í Reykjavík til leigu




Til leigu nýtt og glæsilegt 48 herbergja hótel í fallegu húsi a góðum stað í Reykjavík.
Hótelið verður innréttað og afhent fullbúið í upphafi árs 2019.
Hönnun innra útlits verði unnin í samráði við leigjanda.
Leigjandi þarf að greiða fyrir lausamuni hótelsins, leggja fram tryggingu fyrir húsaleigu og geta sýnt fram á þekkingu á atvinnugreininni.

**Verulega spennandi verkefni í ferðaþjónustu í höfuðborginni.**

Nánari upplýsingar: Guðni Halldórsson, gudni@kontakt.is og Gunnar Svavarsson, gunnar@kontakt.is

Viðskiptatækifæri á www.kontakt.is

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
globalM&A Iceland

Haukur 05.18


## Táragas á Gasa



**Fjölmargir Palestínumenn söfnuðust saman Gasasvæðismegin við landamæravegg Ísraela og mótmæltu líkt og þeir hafa gert undanfarna fimm föstudaga. Kröfðust Palestínumennirnir þess að fá að snúa aftur til síns sögulega heimalands á meðan ísraelskir hermenn létu táragassprengjum rigna yfir þá.** NORDICPHOTOS/AFP

# Skipin skila milljörðum

## Doug Lansky lét skemmtiferðaskipaiðnaðinn hafa það óþvegið í Hörpu. Hvatti Íslendinga til að banna þau. Formaður Cruise Iceland segir skipin afar mikilvæg.

**FERÐAÞJÓNUSTA** Íslendingar ættu að takmarka skaðann sem hlýst af skemmtiferðaskipum með því að fækka þeim eða banna komu þeirra alfarið því við þurfum ekki á þeim að halda. Þetta ráðlagði Doug Lansky, aðalfyrirlesari á morgunfundi Ferðamálastofu og Íslenska ferðaklasans í Hörpu í vikunni. Lansky fullyrti að skemmtiferðaskip skildu lítið eftir sig á viðkomustöðum annað en mengun.

Pétur Ólafsson, formaður Cruise Iceland, samtaka hafna sem taka á móti skemmtiferðaskipum, furðar sig á yfirlýsingum Lanskys og segir komu þeirra skipta sköpum. Heimsóknir skemmtiferðaskipa hafi skilað 7 til 8 milljörðum í tekjur í fyrra og skapað 300 heilsársstörf, mörg hver á landsbyggðinni þar sem ferðaþjónustan eigi undir högg að sækja. Þrátt fyrir að farþegar skemmtiferðaskipa séu aðeins 6 prósent af heildarfjölda ferðamanna á Íslandi.

Lansky virðist þó lítt hrifinn af þessum geira og lét hann hafa það óþvegið í erindi sínu. Líkti honum við „vampírur í leit að fersku blóði“ sem Íslendingar þyrftu að standa í lappirnar gagnvart. Lansky sagði fyrirtækin leita ýmissa ívilnana á viðkomustöðum sínum, svo sem afslátta af hafnargjöldum sem þeir þó rukki farþega sína um og stingi mismuninum í vasann.

Pétur segir það af og frá að nokkur höfn hér á landi gefi afslátt af gjöldum sínum. Bendir hann á tölur frá Cruise Iceland yfir hverjir hafi tekjur af komu skipanna. Ríkið fái skatttekjur í formi vitagjalda og tollafgreiðslugjalda. Hafnir hafi tekjur af hafna- og þjónustugjöldum. Þá fái þjónustuaðilar, ferðaþjónustuaðilar, rútufyrirtæki og leiðsögumenn sitt, svo fátt eitt sé nefnt.



**Ljóst er að hinar fljótandi borgir menga töluvert en formaður Cruise Iceland segir af og frá að skemmtiferðaskipin skili ekki tekjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Vampírur í leit að fersku blóði.**
>
> Doug Lansky, fyrirlesari og ráðgjafi í ferðamálum



„Nefna má sem dæmi að á Akureyri og Ísafirði eru tekjur af skemmtiferðaskipum orðnar á bilinu 40 til 50 prósent heildartekna hafnanna. Þetta skiptir þar afar miklu máli,“ segir Pétur.

Samkvæmt tölum frá Faxaflóahöfnum var heildarfjöldi farþega á skemmtiferðaskipum 128 þúsund í fyrra í 135 ferðum.

Í erindi tók Lansky til tölfræði yfir mengun sem hlýst af skipunum. Útblástur hvers skips í gangi í höfn sé á við milljón manna borg á hverjum degi, en þar fyrir utan losi hvert skip að meðaltali 95 þúsund lítra af skólpi í hafið á hverjum degi og þá falli til 7 tonn af rusli og 56 lítrar af skaðlegum spilliefnum, svo eitthvað sé nefnt.

Cruise Iceland hefur bent á að skipin slökkvi á aðalvélum sínum í höfn. Ljósavélar þurfi þó að vera áfram í gangi enda orkuþörfin mikil. Þó að skipum sé skylt að nýta sér rafmagn úr landi ef það er mögulegt þá eru dreifikerfi hér vanbúin til þess og kalli á milljarða fjárfestingu.

Pétur bendir á að hreinsibúnaður margra skemmtiferðaskipa sé orðinn mjög fullkominn og að útgerðir leggi metnað sinn í að losa hvergi ómeðhöndlað skólp. Þau flokki allan sinn úrgang sem komið sé til móttökuaðila í höfn, það sé vissulega gríðarlegt magn sem til falli.

**mikael@frettabladid.is**

# RISA TAX FREE DAGAR

## DAGANA 3.-7. MAÍ

**Taxfree* af öllum fatnaði, öllum skóm, öllum hjólum, öllum leikföngum, öllum heimilisvörum, öllum F&F fatnaði og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.

24
Opið allan sólarhringinn
Garðabæ og Skeifunni

HAGKAUP
Meira svona alla daga

# Tvísýnt um kjarasamninga kennara

**Kennari í Menntaskólanum í Reykjavík segir vinnumat kennara vera ruddaskap. Atkvæðagreiðsla um nýjan kjarasamning hófst í vikunni og lýkur á mánudaginn. Trúnaðarmaður kennara í Menntaskólanum við Hamrahlíð segir samninginn vera ágætis biðleik í eitt ár.**

**KJARAMÁL** „Það sem við vorum að vonast til að myndi gerast í þessum samningum var að vinnumatinu yrði kastað út,“ segir Linda Rós Michaelsdóttir, kennari í Menntaskólanum í Reykjavík, um kjarasamninga Félags framhaldsskólakennara við ríkið. Atkvæðagreiðsla um samningana hófst á miðvikudaginn og stendur fram til klukkan tvö á mánudag. Á hádegi í gær hafði um 41 prósent félagsmanna greitt atkvæði.

Linda Rós segist telja að samningurinn verði felldur og sjálf vonast hún til þess að hann verði kolfelldur. „Ég hugsa að það hefðu töluvert fleiri skoðað þetta jákvætt ef vinnumatinu hefði verið hent út. Vegna þess að vinnumatið er slíkur ruddaskapur við stéttina að það er ekkert hægt að una við það.“

Linda segir að það sem fari einkum fyrir brjóstið á henni varðandi vinnumatið sé að ef kennarar kenna sama pensúmið oftar en einu sinni, þá skerðist launin. „Það er sem ég sæi Hilmi Snæ leikara fá skertar greiðslur vegna þess að hann er að fá sömu leikrulluna tvisvar í viku,“ segir Linda. Til útskýringar segir hún að jafnvel þótt kennarar kenni sama pensúmið oftar en einu sinni, þá séu þeir með ólíka hópa. „Þú getur verið með einn hóp þar sem þú þarft að beita þér lítið. Þú getur svo verið með annan hóp sem er með börnum með miklar sérþarfir og þú getur þá þurft að beita þér allt öðruvísi.“ Vinnuaðferðirnar séu því öðruvísi þótt pensúmið sé það sama.

Kennarar hafa einnig gert athugasemdir við það að 14. grein kjarasamninganna hafi verið tekin út. Þeirri grein var ætlað að tryggja að laun kennara myndu ekki dragast aftur úr launum félagsmanna í BHM. „Það er hin ástæðan fyrir því að ég mun aldrei koma til með að samþykkja þetta,“ segir Linda.

Björn Ólafsson, trúnaðarmaður kennara í Menntaskólanum við Hamrahlíð, segist vonast til að samningurinn verði samþykktur. Í honum séu nokkur ákvæði sem geri hann aðlaðandi. Hann segir þó að atkvæðagreiðslan geti farið á hvorn veginn sem er.

Björn telur að samningurinn núna hafi verið ágætur biðleikur í eitt ár. Kennarar séu að reyna að halda sig á pari við félagsmenn í BHM og það virðist takast í þessum samningum. „Ég skil alveg fólk sem er ósátt við samninginn, en það er ekki verið að greiða atkvæði um þá þætti sem fólk er alla jafna ósáttast við. Þetta er ekki kjarasamningur um vinnumat. Þetta er einföld launahækkun upp á 4,25 prósent og það virðist bara vera það sem flestir eru að fá þessa dagana,“ segir hann.

Björn lítur svo á að 14. greinin hafa komið inn í kjarasamning kennara árið 2014 en hafi ekki verið inni í samningum sem voru gerðir 2016. Óánægjan núna sé því á misskilningi byggð. „En ef það væri hægt að koma svona ákvæði inn í næsta kjarasamning sem við gerum, þá væri ég manna ánægðastur með það.“ jonhakon@frettabladid.is

## Grunnskólakennarar felldu sinn samning

Grunnskólakennarar felldu í mars samning sem gerður var við Samband íslenskra sveitarfélaga. Rösklega tveir af hverjum þremur sem greiddu atkvæði tóku afstöðu gegn samningnum. Samninganefnd Félags grunnskólakennara hefur átt einn fund með samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og er áætlað að næsti fundur fari fram 11. apríl.



**Framhaldsskólakennari segir að jafnvel þótt kennarar kenni sama námsefnið oftar en einu sinni, þá séu þeir með ólíka hópa. Beita þurfi ólíkum aðferðum eftir hópum, jafnvel þótt námsefnið sé það sama.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



HÚSASMIÐJAN

blómaval

weber grill á ótrúlegu verði
um helgina meðan birgðir endast

# Helgar sprengja



Ótrúlegt verð á Weber gasgrillum

Þetta grill er eingöngu til í Grafarholti og Skútuvogi

weber
**59.990 kr**
~~69.900 kr~~
**Gasgrill Weber Q3000**
Postulínsglerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni.
Hitamælir í loki, 2 ryðfríir brennarar, 6,35 kW/h-21.700 BTU .
Grillflötur: 63 x 45 cm.
3000404



weber
SÚPER TILBOÐ
**Gasgrill Weber Q3200**
Létt og meðfærilegt gasgrill, stór grillflötur,
postulínsglerungshúðaðar grillgrindur úr pottjárni.
Brennari: 6,35 kW/h—21.700 BTU. Grillflötur:
63x45 cm, efri grind: 40x11 cm. Ljós í handfangi.
3000403
**62.990 kr**
~~69.990 kr~~



weber
FRÁBÆRT VERÐ
**Gasgrill Weber Q1200**
Frábært heima eða í ferðalagið.
Grillflötur: 32x42 cm.
3000376
**32.990 kr**



weber
FRÁBÆRT VERÐ
**47.890 kr**
**Gasgrill Q2200**
Meðfærilegt gasgrill á fótum.
Grillflötur: 39x54 cm.
3000378



weber
SÚPER TILBOÐ
**159.990 kr**
~~169.990 kr~~
**Gasgrill Genisis II**
6 riðfríir brennarar, rafstýrður
kveikjari, grillflötur: 103x48 cm.
3000328



30% afsláttur

SÚPER TILBOÐ
**14.995 kr**
~~21.495 kr~~
**Borvél 18V**
Graphite + ljós, taska,
**2 rafhlöður**, 2.0Ah, Li-ion,
s./mín. 0-350/1250, hersla
44Nm, þyngd 1,1 kg.
5245270

# TAX FREE
## af ÖLLUM hjólum





Sýpris
80-100 cm.
**999 kr.**
~~1.990 kr.~~

Tax Free tilboð jafngildir 19,35% afslætti




# Kláraðu verkið í Vogunum
Húsasmiðjan **Skútuvogi** og **Kjalarvogi**



Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt á milli verslana.

# Jóhannes til SAF

**FERÐAÞJÓNUSTA** Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, er nýr framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Alls sótti 41um starfið. Jóhannes Þór tekur við af Helgu Árnadóttur sem nýverið var ráðin til Bláa lónsins.

Jóhannes Þór mun láta af störfum fyrir Sigmund Davíð, formann Miðflokksins, og byrja hjá SAF 10. júní.


Jóhannes Þ. Skúlason.

Jóhannes Þór er með BA-próf í sagnfræði og kennsluréttindi frá HÍ. Hann hefur starfað fyrir Sigmund Davíð á Alþingi frá árinu 2011 og rekur almannatengslafyrirtækið Orðspor. Hann var talsmaður InDefence-hópsins og hefur unnið sem grunnskólakennari. – ósk

# Útvarpsstjóri stendur við sáttagreiðslu í fréttamáli

**FJÖLMIÐLAR** Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri segir RÚV fagna því að Sigmundur Ernir Rúnarsson hafi verið sýknaður í meiðyrðamáli sem Guðmundur Spartakus Ómarsson höfðaði gegn honum.

Magnús telur þó að mál Sigmundar Ernis og það mál sem Guðmundur höfðaði gegn RÚV hafi verið ólík í eðli sínu og telur enn að það hafi verið rétt ákvörðun að greiða honum 2,5 milljónir króna til að ljúka málinu utan dómstóla.

Líkt og fram hefur komið var Sigmundi Erni stefnt vegna greinar á vef Hringbrautar sem byggðist að stórum hluta á umfjöllun RÚV um meinta aðkomu Guðmundar að fíkniefnaviðskiptum í Brasilíu og Paragvæ.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir Magnús Geir að niðurstaða Hæstaréttar í málinu grundvallist á því að frétt Hringbrautar hafi verið frétt um fréttaflutning annarra fjölmiðla.


Magnús Geir Þórðarson.

„Mál RÚV er frábrugðið þessu máli um það veigamikla atriði að tiltekinn hluti ummælanna var ekki endursögn á öðrum fréttaflutningi og hefur í raun þegar að einhverju marki verið leiðréttur.“

Mat lögfræðinga RÚV hafi verið að umtalsverðar líkur stæðu til að tilteknar kröfur Guðmundar næðu fram að ganga.

„Því var það mat lögfræðinga RÚV að ljúka málinu með sátt, fremur en áframhaldandi málarekstri eftir atvikum á tveimur dómstigum.“

Upphæð sáttarinnar hafi þá verið metin nálægt því sem RÚV hefði þurft að greiða í málskostnað, skaðabætur og eigin kostnað við málareksturinn. – smj




# Inntökupróf í Læknadeild HÍ

## Læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði

**Inntökupróf í Læknadeild Háskóla Íslands fyrir nám í læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði verður haldið í Reykjavík fimmtudaginn 7. og föstudaginn 8. júní 2018.**

Skráning í inntökuprófið fer fram á heimasíðu Læknadeildar og er opin til og með 20. maí 2018. Próftökugjald er 20.000 kr. Þátttakendur fá nánari upplýsingar sendar eftir að skráningu er lokið.

Þegar inntökuprófið er þreytt skal nemandinn hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu prófi og skilað inn staðfestingu því til sönnunar. Umsóknin telst því ekki gild fyrr en staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini eða rafrænt stúdentsprófsskírteini úr Innu hefur borist skrifstofu Nemendaskrár Háskóla Íslands, Háskólatorgi, Sæmundargötu 4, 101 Reykjavík.

Skráning í inntökuprófið getur farið fram þótt nemandi hafi ekki lokið stúdentsprófi en þá skal skila staðfestingu til Nemendaskrár Háskóla Íslands um að stúdentspróf verði lokið áður en inntökupróf hefst. Staðfesting þarf að berast eigi síðar en 20. maí 2018.

Undirbúningur prófsins fer fram af hálfu Læknadeildar með sérstakri ráðgjöf, m.a. frá kennurum framhaldsskóla og Menntamálastofnun. Inntökuprófið tekur tvo daga og samanstendur af fjórum tveggja tíma próflotum og Aðgangsprófi fyrir háskólastig (A-prófi) sem tekur 3,5 klst. A-prófið gildir 30% af inntökuprófinu. Niðurstaða prófsins birtist í einni einkunn sem verður reiknuð með tveimur aukastöfum. Reiknað er með að niðurstaða liggi fyrir ekki síðar en um miðjan júlí.

Árið 2018 fá 50 nemendur í læknisfræði og 35 í sjúkraþjálfunarfræði rétt til náms í Læknadeild Háskóla Íslands og skulu þeir staðfesta skráningu fyrir 20. júlí. Þeir sem ekki öðlast rétt til náms í Læknadeild, eiga þess kost að skrá sig, innan sömu tímamarka, í aðrar deildir gegn greiðslu skrásetningargjalds skv. reglum Háskóla Íslands.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari upplýsingar um prófið og dæmi um prófspurningar sem finna má á heimasíðu Læknadeildar, **www.laeknadeild.hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
LÆKNADEILD



Heimavellir eiga meðal annars íbúðir í Bryggjuhverfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Meta Heimavelli 2 til 26 prósent yfir útboðsgengi

**Hlutafjárútboð Heimavalla fer fram í byrjun næstu viku. Leigufélagið hyggst afla um það bil milljarðs króna sem fara á í niðurgreiðslu skulda. Capacent segir að landsmenn leigi húsnæði í auknum mæli.**

**VIÐSKIPTI** Capacent verðmetur gengi leigufélagsins Heimavalla, sem stefnir að skráningu á hlutabréfamarkað, á 1,74 krónur á hlut. Útboðsgengið er 1,38-1,71, samkvæmt tilboðsbók B. Verðmatsgengið er því allt frá 26 prósentum yfir útboðsgengi í 2 prósent yfir útboðsgengi, allt eftir hvernig rætist úr hlutafjárútboðinu sem fram fer á mánudag og þriðjudag. Þetta kemur fram í verðmati sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

> **Heimavellir eiga eftir að sanna sig á markaði og endurfjármögnun skulda félagsins verður verðugt verkefni næstu misserin.**
>
> Úr verðmati Capacent

Heimavellir eru fyrsta félagið sem skráð er á Aðallistann eftir fjármálahrun sem hyggst afla fjármagns með skráningu á hlutabréfamarkað. Leigufélagið mun afla um 1-1,3 milljarða króna í hlutafjárútboðinu, miðað við téð útboðsgengi, og hyggst nýta fjármunina til að greiða niður skuldir sem hafa safnast samhliða örum vexti. Um er að ræða fyrsta íbúðaleigufélagið á markað en fyrir á fleti eru þrjú fasteignafélög sem leigja atvinnuhúsnæði.

Heildarvirði Heimavalla, það er samanlagt virði skulda og virði hlutafjár samkvæmt verðmatinu, miðað við hagnað fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta, er 26 prósentum undir meðaltali skráðra norrænna fasteignafélaga. Að sama skapi er hlutfallið 26 prósentum hærra en hjá íslensku fasteignafélögunum. „Þessi niðurstaða er ekki óeðlileg að mati Capacent þar sem Heimavellir eiga eftir að sanna sig á markaði og endurfjármögnun skulda félagsins verður verðugt verkefni næstu misserin,“ segir í verðmatinu.

Fram kemur í verðmati Capacent að frá árinu 2009 hafi hlutfall leiguíbúða af markaðnum aukist úr 14 prósentum í 22 prósent. Hlutfallið hafi haldist þrátt fyrir verulegan hagvöxt, bætta eiginfjárstöðu heimila og auknar ráðstöfunartekjur íbúa. Því virðist að landsmenn líti í auknum mæli til þess möguleika að leigja í stað þess að eiga. „Íslendingar eru þekktir fyrir annað en að bregðast ekki við þegar vindáttin breytist,“ segir í verðmatinu. Ef verulegar breytingar verði á markaðsaðstæðum og landsmenn kjósi að eiga frekar en að leigja eigi Heimavellir kost á að selja einstakar eignir úr safninu eftir því sem eftirspurn dvínar. Það myndi hins vegar draga úr hagkvæmni í rekstri félagsins og skapa óvissu um rekstrarforsendur.

Capacent bendir á þá áhættu sem kann að skapast ef verkalýðsfélög og sveitarfélög auka framboð á leiguíbúðum. Það gæti haft áhrif á þann hluta markaðarins sem er með lægri tekjur. Sá hluti markaðarins er um 30 prósent, það er félagslegar íbúðir og námsmannaíbúðir, samkvæmt mati Heimavalla.

helgivifill@frettabladid.is




KIA
The Power to Surprise

## 58 km drægni – einn af mörgum kostum Niro

**Kia Niro Plug-in Hybrid** er aflmikill og umhverfismildur rafbíll með allt að 58 kílómetra drægni á rafmagni og einstaklega sparneytna bensínvél. Þessi dugmikli sportjeppi fæst á lækkuðu verði og honum fylgir **hleðslustöð með uppsetningu, hleðslukapall og skottmotta** í takmörkuðu magni. Tryggðu þér Kia Niro Plug-in Hybrid með rafmögnuðum kaupauka.

**Komdu í Öskju og reynsluaktu Kia Niro með 7 ára ábyrgð*.**

Kia Niro PHEV, sjálfskiptur, á verði frá:

**3.790.777 kr.**

1,6 bensín/rafmagn, 141 ha.**

ASKJA
**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustueftirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd **Skv. tölum frá framleiðanda





Rudy Giuliani og Donald Trump árið 2016. NORDICPHOTOS/AFP

# Erfiðleikar hjá Rudy Giuliani

**Trump svaraði fyrir ummæli Rudys Giuliani, nýs lögfræðings síns, um Stormy Daniels-málið. Sagði Giuliani frábæran en minnti á að hann væri nýr í starfi.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, þurfti í gær að svara fyrir ummæli Rudys Giuliani, nýs meðlims lögfræðiteymis forsetans og fyrrverandi borgarstjóra New York.

Giuliani hefur farið mikinn í viðtölum í vikunni. Á miðvikudag sagði hann til að mynda frá því að Trump hefði endurgreitt Michael Cohen, lögmanni sínum, eftir að Cohen sá um gerð samkomulags við klámmyndaleikkonuna Stormy Daniels.

Samkomulagið var gert fáeinum dögum fyrir forsetakosningarnar 2016 og gekk út á að Daniels myndi þegja um að hún hefði sofið hjá Trump árið 2006, sem Trump hefur reyndar sagt upplognar ásakanir. Sagði Giuliani að Trump hefði endurgreitt Cohen 130.000 dali, andvirði rúmra þrettán milljóna króna.

Ummælin hafa reynst Trumpliðum erfið af tveimur ástæðum. Annars vegar eru þau í beinni þversögn við það sem Trump sagði í apríl, að hann hefði ekki vitað af gerð samkomulagsins. Hins vegar komu upp spurningar um hvort greiðslan hefði komið úr framboðssjóðum Trumps. Ef það er satt er um brot á alríkislögum að ræða.

Á fimmtudag sagði Trump að fjármagnið hefði ekki komið úr framboðssjóðum. Þá sagði Sarah Sanders, fjölmiðlafulltrúi forsetans, að Trump hefði ekki vitað af samkomulaginu þegar það var gert, hún hefði frétt af því seinna.

The New York Times greindi frá því á fimmtudag að Trump gæti hafa gerst brotlegur jafnvel þótt greiðslan hefði ekki komið úr framboðssjóðum. „Ef ekki er greint frá slíkum greiðslum gæti það verið brot á lögum um siðareglur. Opinberir starfsmenn, meðal annars Trump, þurfa að greina frá skuldum, hærri en tíu þúsund dalir, er söfnuðust á undanförnu ári. Í síðustu skýrslu Trumps, sem skilað var í júní, var ekki minnst á neina skuld við Cohen,“ sagði í fréttinni.

Trump sagði svo í gær að þótt Giuliani væri „frábær gaur“ væri hann bara nýbyrjaður í starfi. „Rudy, við elskum Rudy, einstakur gaur. Hann skilur að þetta eru nornaveiðar. Hann veit það jafnvel betur en nokkur annar. En þegar hann fullyrti ákveðna hluti … Hann byrjaði bara í gær. Þannig er það nú,“ sagði Trump svo síðar um daginn.

Trump verður tíðrætt um meintar nornaveiðar. Það sem af er ári hefur hann tíst að minnsta kosti nítján sinnum um meintar nornaveiðar, oftast í tengslum við rannsókn Roberts Mueller, sérstaks saksóknara dómsmálaráðuneytisins, á afskiptum Rússa af kosningunum 2016 og meintu samráði framboðs Trumps við rússnesk yfirvöld. Greinilegt er að Trump telur rannsóknina samsæri gegn sér.

Ummæli Giulianis hafa ekki eingöngu valdið Trump hugarangri, að því er CNN greinir frá. Heimildir miðilsins herma, samkvæmt frétt frá því í gær, að lögfræðiteymið undrist ummæli borgarstjórans fyrrverandi. Telji hann ekki hafa verið undirbúinn fyrir viðtölin.

thorgnyr@frettabladid.is



# 25% afsláttur af öllum vörum!

## Tilboðið gildir til 9. maí






**HTL** hornsófií leðri. Stærð 285 x 230 cm.
Litir; Svart, brúnt og blágrátt.
Kr. 598.000,-, **nú kr. 448.500,-**



**Day Home púði**
kr. 11.800,- , **nú kr. 8.850,-**



**Teppi Elvang,**
kr. 15.900,-, **nú kr. 11.925,-**



**Camerich Ex sófaborð 120x80 cm,**
verð frá kr. 106.000,- , **nú kr. 79.500,-**



**PB home körfur**
frá kr.6.800,- , **nú frá kr. 5.100,-**



**Camerich Crescent áklæðissófi,**
3ja sæta frá kr. 324.000,-, **nú frá kr. 243.000,-**
sófasett 3+1+1 frá 662.000,-, **nú frá kr. 496.500,-**



**Leðursófasett idp Sphera 3+1+1,** verð kr. 796.000,-, **nú kr. 597.000,-**
3ja sæta sófi stakur verð kr. 380.000,-, **nú kr. 285.000,-**



**Blómavasi LSA**
kr. 3.900,-, **nú kr. 2.925,-**



**Camerich Lark hliðarborð,**
settið kr. 92.000,-, **nú kr. 69.000,-**



**Mondecasa garðhúsgögn**



**PB home spegill**
60 cm kr 13.800,-, **nú kr. 10.350,-**



**Idp coco** sófasett í leðri 3+2
Stærð: 3ja 200 x 95 cm, 160 x 95 cm
Litir: svart. Kr. 598.000,-, **nú kr. 388.700,- (-35%)**

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.**

RAFBÍLAR ERU UMHVERFISVÆNIR, HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG SKEMMTILEGIR Í AKSTRI

# LANDSINS MES
# AF RAFBÍLUM










## Hagkvæmni og umhverfisvitund

Tengitvinnbílar eru mjög sparneytnir í daglegri notkun í þéttbýli þegar þess er gætt að hlaða rafhlöðuna daglega. Uppgefnar tölur fyrir blandaðan akstur eru á bilinu 2-3,5 l/100 km. 100% rafbílar sem keyrðir eru 15.000 km á ári nota raforku fyrir u.þ.b. 2.900 kr. á mánuði. Það er því hverju orði sannara að raf- og tengitvinnbílar eru bæði hagkvæmir í akstri og umhverfisvænir.

## Eru tveir bílar á þínu heimili?

Fjölskyldur sem reka tvo bíla ættu að skoða möguleikann á að skipta öðrum út fyrir rafbíl. Við kaup á rafbíl frá BL getur þú greitt hluta kaupverðsins með notuðum bíl og fengið milligjöfina að láni að hluta eða öllu leyti. Komdu og fáðu upplýsingar hjá sölumönnum BL um möguleikana sem standa til boða.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **GE bílar**<br>Reykjanesbæ<br>www.gebilar.is<br>420 0400 | **Bílasalan Bílás**<br>Akranesi<br>www.bilas.is<br>431 2622 | **Bílasala Akureyrar**<br>Akureyri<br>www.bilak.is<br>461 2533 | **Bílaverkstæði Austurlands**<br>Egilsstöðum<br>www.bva.is<br>470 5070 | **IB ehf.**<br>Selfossi<br>www.ib.is<br>480 8080 | **BL söluumboð**<br>Vestmannaeyjum<br>481 1313<br>862 2516 |

# STA ÚRVAL

## RAFBÍLASUMARIÐ BYRJAR HJÁ BL NÚNA!

BL hefur verið leiðandi í sölu og þjónustu við rafbíla frá upphafi rafbílavæðingar. Hjá BL er að finna eitt landsins mesta úrval rafbíla og tengitvinnbíla frá ýmsum framleiðendum.

Komdu heimsókn og við segjum þér frá öllu sem þú þarft að huga að við kaup á rafbíl eða tengitvinnbíl.
















ENNEMM / SÍA / NM88074

### Sértilboð og aukahlutapakkar

Við bjóðum veglega aukahlutapakka með völdum gerðum af BMW tengitvinnbílum auk þess sem við bjóðum heimahleðslustöðvar með völdum gerðum af rafbílum. Komið í reynsluakstur og fáið upplýsingar hjá sölumönnum

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

KOMDU OG FINNDU HVAÐ ÞAÐ ER GAMAN AÐ KEYRA RAFBÍL

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Gæða plast þakrennur
Allir fylgihlutir fáanlegir

GALECO
Frábært verð!
Sjá verðlista á:
www.murbudin.is
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Kletthálsi 7, Reykjavík
Fuglavík 18, Reykjanesbæ
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

ERTU Í LEIT AÐ DRAUMASTARFINU?
Finndu þitt starf á atvinna.frettabladid.is
FRÉTTABLAÐIÐ.IS job.is

# Bandaríkjaher ver 1,5 milljörðum í Keflavík

**Hershöfðingi bandaríska flughersins segir Ísland gríðarlega mikilvægt fyrir Bandaríkin og NATO. Ekki er rætt um varanlega viðveru að nýju en viðveru þó. Herinn ver miklu fé í viðhald flugbrauta og aðra innviði á Keflavíkurflugvelli.**

**UTANRÍKISMÁL** „Ísland er okkur enn mjög mikilvægt og jafnvel mikilvægara nú á síðustu árum,“ segir Richard Clark, hershöfðingi bandaríska flughersins í Evrópu, sem staddur er hér á landi til að minnast fjórtán hermanna sem fórust í flugslysi fyrir 75 árum með sprengjuvélinni Hot Stuff á Fagradalsfjalli 3 maí 1943.

Minnismerki var afhjúpað á slysstaðnum í gær og minningarathöfn haldin í Andrews kvikmyndahúsinu á Keflavíkurvelli.

„Þótt slysið sé ekki mjög þekktur atburður í sögunni er þetta söguleg stund, ekki einungis vegna slyssins,“ segir Clark og vísar til þess að Bandaríkjaher kom til að vera með fasta viðveru á Íslandi sama ár og slysið varð.

„Með þessari athöfn minnumst við einnig þessa sterka sambands sem ríkin tvö hafa átt undanfarin 75 ár.“

Rúmur áratugur er frá því að bandaríski herinn fór héðan. Aðspurður segir Clark ekki hafa komið til umræðu milli ríkjanna að herinn snúi aftur til að vera með fasta viðveru hér, en hins vegar sé rætt um takmarkaðri viðveru.

„Við í bandaríska hernum höfum þó nokkra viðveru hér vegna loftvarnareftirlitsins og það krefst töluverðra fjárfestinga í innviðum,“ segir Clark og bætir við:

„Til marks um mikilvægi Íslands fyrir okkur, þá erum við að verja 14,5 milljónum dollara í innviði á Keflavíkurvelli bara á þessu ári.“

Clark segir fjárfestingar í innviðum þó ekki eingöngu vegna bandarískrar viðveru heldur hafi önnur NATO-ríki einnig gagn af því enda fari um þúsund flugvélar NATO-ríkja í gegnum Keflavík árlega.

„Þannig að við þurfum og viljum hafa flugbrautir og önnur mannvirki í fullkomnu ástandi ef og þegar við þurfum á þeim að halda.“

Clark segir varnarsamvinnu Evrópuríkja mjög mikilvæga; ekki einungis meðal NATO-ríkja heldur einnig meðal ríkja sem standa utan NATO, eins og Finnland og Svíþjóð.

„Við erum að byggja upp sameiginleg varnarlið og slíkt krefst flókins undirbúnings og æfinga við mismunandi aðstæður,“ segir Clark, aðspurður um stórar fyrirhugaðar heræfingar í Noregi í haust.

Þótt Clark fallist á að spennustigið í NATO sé töluvert hærra en það hefur verið undanfarin ár vill hann lítið tjá sig um mögulegar hættur sem ógnað geta Evrópu og aðspurður um ótta Norðurlandanna og ríkja austar í Evrópu við Rússa segist Clark ekki geta talað fyrir þeirra hönd.

„Ég veit hins vegar að þessi ríki eru mjög öflugir þátttakendur í varnarsamstarfinu, en hvort það er drifið af einhverjum ótta eða óróleika þori ég ekki að segja til um,“ segir Clark. Frá Bandaríkjamönnum séð snúist uppbygging varnarsamstarfsins í Evrópu ekki síst um mikilvægi NATO og góða samvinnu.

„Það krefst bæði liðsafla og fjárfestinga og tekur tíma. Við hugsum ávallt þannig að við þurfum að vera undirbúin undir það versta en vona það besta.“ **aðalheidur@frettabladid.is**



**Richard Clark, hershöfðingi bandaríska flughersins í Evrópu, var hér við minningarathöfn um hermenn sem fórust hér 1943.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Við þurfum og viljum hafa flugbrautir og önnur mannvirki í fullkomnu ástandi ef og þegar við þurfum á þeim að halda.**
>
> Richard Clark, hershöfðingi bandaríska flughersins í Evrópu

Umhverfisstyrkir Landsbankans

**Samfélagssjóður Landsbankans** veitir árlega fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmið umhverfisstyrkja er að styðja við einstaklinga og félagasamtök sem starfa á sviði umhverfismála og náttúruverndar.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**
» Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
» Verkefni er nýtast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfénaðar eða ferðamanna.
» Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
» Verkefni er auka þekkingu almennings á umhverfismálum.
» Verkefni er hvetja til umhverfisvæns hátternis.

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með föstudeginum **25. maí 2018**. Rafrænar umsóknir og nánari upplýsingar á **landsbankinn.is.**

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

# FORD MUSTANG SÝNING

Í DAG LAUGARDAG KL. 10-16

GLÆSILEG SÝNING Á TVEIMUR HÆÐUM!




## Mustang klúbburinn og Ford á Íslandi halda glæsilega sýningu í húsnæði Brimborgar að Bíldshöfða 6 í dag

Það eru félagar Íslenska Mustang klúbbsins sem kynna bíla sína, en útgáfurnar eru orðnar fjölmargar sem hafa aldrei áður verið til sýnis. Tugir Ford Mustang bíla verða til sýnis og geta gestir fræðst um sögu þeirra og sérstöðu. Bílarnir sem verða á sýningunni spanna að miklu leiti sögu Mustang frá því að hann leit fyrst dagsins ljós árið 1964 til dagsins í dag.

***Komdu á glæsilega Mustang sýningu í dag!***
***Frítt inn.***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Íþróttir og pólitík



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Á tyllidögum er oft sagt að íþróttir og stjórnmál eigi ekki samleið. Er átt við að þessu tvennu skuli halda aðskildu. Íþróttamanna sé að stunda íþróttir og stjórnmálamanna að iðka pólitík.

Samt er það svo að íþróttakeppnir eru vettvangur sem tekið er eftir. Ríflega einn milljarður manna horfði á úrslitaleik Heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu 2014. Talið er að ríflega þrír milljarðar hafi horft á keppnina á einhverjum tíma. Áhorfstölur á Ólympíuleikana eru sambærilegar. Óhjákvæmilega vilja valdhafar nýta sér viðburði sem augu heimsbyggðarinnar eru á. Hið sama gildir um aðra sem vilja koma pólitískum skilaboðum á framfæri. Því er í raun ómögulegt að aðskilja alveg stjórnmál og íþróttir.

Staðreyndin er sú að íþróttaviðburðir hafa alla tíð verið nýttir í pólitískum tilgangi. Frægasta dæmið er sennilega Ólympíuleikarnir í Berlín 1936, sem urðu eins konar sýningargluggi fyrir Þýskaland Hitlers og nasismans. Þá fóru leikarnir fram þrátt fyrir spennu á alþjóðavettvangi, og íþróttamennirnir tóku þátt þrátt fyrir að margir þeirra væru beinlínis óvelkomnir til Þýskalands Hitlers. Þar kepptu til dæmis íþróttamenn af gyðingaættum og unnu til verðlauna.

Í seinni tíð virðast stjórnvöld í einræðisríkjum, eða ríkjum þar sem stjórnarfari er af öðrum ástæðum ábótavant, í auknum mæli getað „keypt“ íþróttaviðburði. Þetta hefur verið áberandi í knattspyrnunni, en HM 2018 fer eins og kunnugt er fram í Rússlandi og síðan í Katar árið 2022. Einnig á þetta við í öðrum greinum; þrjár fyrstu dagleiðir Ítalíutúrsins í hjólreiðum fara fram í Ísrael í ár. Engum dylst að þar réðu peningar för, og vógu þyngra en áhyggjur af öryggi hjólreiðamannanna eða stjórnmálaástandinu í þessum viðkvæma heimshluta.

Í tilviki Katar og HM 2022 liggur fyrir að engin aðstaða var til slíks mótshalds í landinu. Þar er takmörkuð knattspyrnuhefð og hitastigið á meðan mótið fer fram er beinlínis hættulegt heilsu leikmanna. Stjórnvöld í Katar hafa lagt í stórkostlega uppbyggingu á leikvöngum og aðstöðu og notað til þess vinnuafl sem varla er hægt að kalla annað en þræla. Auðvitað er til skammar að alþjóðaknattspyrnuhreyfingin taki þátt í slíku. Málefnaleg rök fyrir því að halda mótið í þessum heimshluta á þessum tíma árs eru ekki til. Peningarnir réðu.

Ekki er heldur hægt að aðskilja HM sem fram fer í Rússlandi í sumar alveg frá pólitíkinni. Það eru viðsjárverðir tímar í samskiptum Vesturlanda og Rússlands. Rússar halda uppi linnulausum áróðri gegn Vesturlöndum innanlands. Nú síðast beittu Vesturlönd Rússa þvingunum vegna efnaárásarinnar í Salisbury á Englandi. Íslendingar tóku þar þátt og utanríkisráðherra hefur gefið út að ríkisstjórnin hyggist enga opinbera fulltrúa senda á mótið.

Auðvitað kunna slík skilaboð að þykja léttvæg. Þetta er engu að síður fórn fyrir þjóð sem upplifa mun sínar stærstu stundir í íþróttasögunni á HM í sumar. Því má segja að utanríkisráðherra hafi tekist að feta einstigið ágætlega og komið hneykslan á framferði Rússa áleiðis. Ólíklegt er að útspil ráðherra hafi mikil áhrif á leikmenn íslenska liðsins. Þeir munu halda sínu striki. Áhorfendur heima í stofu og á völlunum í Rússlandi munu sömuleiðis ekki missa svefn yfir framferði Rússa á alþjóðavettvangi.

Að því leyti er gamla klisjan rétt. Mótið fer fram og leikirnir verða spilaðar, hvað sem tautar og raular. Eða eins og Bill Shankly, fyrrverandi stjóri Liverpool sagði: „Knattspyrnan snýst ekki um líf og dauða. Hún er miklu mikilvægari en svo.“

**Þetta er engu að síður fórn fyrir þjóð sem upplifa mun sínar stærstu stundir í íþróttasögunni á HM í sumar.**

## AÐALFUNDUR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

**VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 17. MAÍ 2018 OG HEFST KL. 20.00**

Stjórn HRFÍ boðar til aðalfundar í félaginu sem haldinn verður á Hótel Cabin, Borgartúni 32, 105 Reykjavík og hefst kl. 20:00.

**Dagskrá:**

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað
2. Skýrsla stjórnar HRFÍ
3. Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar
4. Skýrsla um starfsemi siðanefndar
5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil
6. Lagabreytingar
7. Kosning stjórnarmanna skv. 10.gr laga félagsins
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara
9. Kosning siðanefndar
10. Önnur mál

*Stjórn Hundaræktarfélags Íslands*

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu félagsins www.hrfi.is

HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS 4. september 1969

Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Maó Loftsson

Ef líf á jörðinni væri Hungurleikarnir væri maðurinn að rústa keppninni. Enn ein dýrategund lét í minnipokann fyrir glæstum yfirburðum okkar mannanna þegar nashyrningurinn Súdan, síðasta karldýr annarrar tveggja undirtegunda hvíta nashyrningsins, gaf nýverið upp öndina. Maðurinn: eitt stig. Lífríki jarðar: „nil points“. Bið að heilsa geirfuglinum, sökker.

En jörðin er ekki Hungurleikarnir og Jennifer Lawrence átti engan þátt í að koma nashyrningnum fyrir kattarnef. Hvað gerðist þá?

### Gagnlegur fyrirsláttur

Hinn 1. október 1949 lýsti Maó Zedong yfir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína. Þann dag hófust þrautir nashyrningsins.

Það var snemma á sjötta áratug síðustu aldar sem Maó formaður tók að breiða út boðskap hefðbundinna kínverskra lækninga. Var það þó ekki vegna þess að hann tryði á mátt þeirra. Nokkrum árum fyrr hafði Maó barist hatrammlega gegn slíkum lækningum. Sagði hann þá sem þær stunduðu engu betri en „sirkusskemmtikrafta, sölumenn snákaolíu og óbreytta götusala“.

„Þótt ég sé þeirrar skoðunar að við eigum að hvetja til þess að kínverskar lækningar séu stundaðar trúi ég ekki á þær,“ sagði Maó við lækninn sinn, Li Zhisui sem sjálfur stundaði vestrænar lækningar. Maó gerðist helsti talsmaður kínverskra lækninga því þær voru gagnlegur fyrirsláttur. „Læknar sem stunda vestrænar lækningar eru of fáir,“ sagði Maó í ræðu árið 1950. Til að breiða yfir þá óheppilegu staðreynd bauð hann fólki sínu upp á gervilausn í formi haldlítilla kínverskra lækninga.

### En hvað kemur þetta nashyrningnum við?

Maó tókst svo vel upp við að markaðssetja kínverskar lækningar að þær fóru sem eldur í sinu um heim allan. Samkvæmt kínverskum lækningum geta mulin nashyrningahorn læknað illvígustu sjúkdóma. Eftirspurn eftir þeim er svo mikil að kílóverð á nashyrningahornum er nú hærra en á gulli, demöntum og kókaíni. Maó, húmbúkkið og veiðiþjófar bera ábyrgð á því að norður-afríska undirtegund hvíta nashyrningsins sem lifði á sléttum Mið- og Austur-Afríku er útdauð.

Nú, tæpum sjötíu árum eftir stofnun Alþýðulýðveldisins Kína, höfum við Íslendingar eignast okkar eigin Maó.

### Refaveiðar eins manns

Nýverið var tilkynnt um að Hvalur hf. hyggist hefja hvalveiðar á ný eftir tveggja ára hlé. Tilgangur veiðanna er nokkuð óhefðbundinn. Bindur fyrirtækið vonir við að því takist að „þróa aðferðir til að vinna fæðubótarefni úr langreyðarkjöti fyrir fólk sem þjáist af blóðleysi“. Fullyrðir Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals hf., í samtali við Morgunblaðið að járnskortur sé „alvarlegasta heilbrigðisvandamál í heiminum í dag“. Segir hann að „meira en 50 ára tilraunir á heimsvísu með notkun fæðubótarefna með járnsöltum ... hefur ekki borið árangur“.

Járntöflur eru á lista Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um mikilvæg lyf sem skila góðum árangri og er öruggt að neyta. Erfitt er því að draga aðra ályktun en þá að fullyrðingar Hvals hf. um gagnsleysi þeirra séu stórlega ýktar. Að manni læðist sá grunur að rétt eins og þegar Maó hélt að þjóð sinni vafasömum heilsuvísindum hangi eitthvað allt annað á spýtunni hjá Kristjáni Loftssyni en raunverulegar lækningar.

Hvalveiðar Íslendinga eru komnar í efnahagslegt og hugmyndafræðilegt þrot. Fáir vilja leggja sér hvalkjöt til munns; enginn vill kaupa það – ekki einu sinni Japanar; flest lönd banna flutning á hvalafurðum um lögsögu sína; óttast er að hvalveiðar skaði orðspor íslensks ferða- og útflutningsiðnaðar. Hver er þá tilgangurinn með veiðunum?

Járntöflur Hvals hf. virðast lítið annað en örvæntingarfullur fyrirsláttur, síðasta tilraun Kristjáns Loftssonar til að bægja frá því óhjákvæmilega: endalokum hvalveiða á Íslandi. Svo er komið að hvalveiðar Íslendinga eru lítið annað en refaveiðar eins manns, blóðugt tómstundagaman broddborgara með siðferðisvitund sautjándu aldar og svo mikla allsnægtablindu að honum er með öllu ómögulegt að sjá hvar hagsmunir lands og þjóðar liggja. Það er mál að linni.

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*


Nýr T-Roc. Fjórhjóladrifinn
og fæddur til að skara fram úr.
Komdu og prófaðu nýjustu stjörnuna frá Volkswagen.
Nýr T-Roc geislar af öryggi og akstursgleði, fæst bæði fjórhjóla- og framhjóladrifinn, beinskiptur og sjálfskiptur. Hann er búinn nýjustu tækni og búnaði sem breytir akstrinum í eitthvað ómótstæðilegt. Komdu og reynsluaktu Volkswagen T-Roc sem gerir allt vitlaust hvar sem hann kemur.
Volkswagen T-Roc
Verð frá aðeins
3.290.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

**Valur - Selfoss 8-0**
1-0 Ásdís Karen Halldórsdóttir 25, 2-0 Elín Metta Jensen (36.), 3-0 Ásdís Karen Halldórsdóttir (39.).,4-0 Ásdís Karen Halldórsdóttir (65.), 5-0 Crystal Thomas (68.) 6-0 Stefanía Ragnarsdóttir (69.), Stefanía Ragnarsdóttir (85.), Guðrún Karítas Sigurðardóttir (87.).

**HK/Víkingur - FH 2-1**
1-0 Maggý Lárentínusdóttir (25.), 2-0 Stefanía Ásta Tryggvadóttir (49.), 2-1 Birta Georgsdóttir (65.).

Leik ÍBV og KR sem fram átti að fara í Vestmannaeyjum í gær var frestað, en hann hefur verið settur á fimmtudaginn 19. maí.

# Veit af áhuga erlendis en mun ekki stökkva hvert sem er

**Körfuboltakonan Helena Sverrisdóttir var valin besti leikmaður Domino's-deildar kvenna í fimmta sinn í gær. Helena hefur heyrt af áhuga erlendra liða en segir að það þurfi að henta henni og fjölskyldunni vel ef hún eigi að skoða það nánar. Aðstæður hafa breyst hjá Helenu eftir að fjölskyldan stækkaði á síðasta ári.**

**KÖRFUBOLTI** Helena Sverrisdóttir, körfuboltakona úr Haukum, var í gær valin besti leikmaður tímabilsins í Domino's-deild kvenna í fimmta sinn á ferlinum, aðeins nokkrum dögum eftir að hafa verið valin best í úrslitakeppninni. Er þetta í fimmta sinn á ferlinum sem Helena er valin best en aðeins Anna María Sveinsdóttir hefur hlotið þessa nafnbót oftar.

Haukar unnu Íslandsmeistaratitilinn í fjórða sinn í kvennaflokki á dögunum eftir sigur í oddaleik gegn Val en þetta er þriðji meistaratitill Helenu. Var hún hreint út sagt stórkostleg í einvíginu gegn Val en hún var með þrefalda tvennu að meðaltali í leikjunum fimm, 20,2 stig, 12,2 fráköst og 10,8 stoðsendingar.

**Fimmti gullboltinn**

Helenu tókst, ólíkt því sem var fyrir tveimur árum, að ljúka tímabilinu með sigri í úrslitaeinvígi Domino's-deildarinnar. Hún var skiljanlega í skýjunum með að klára tímabilið af krafti og að taka á móti verðlaunum sem Íslandsmeistari í ár.

„Það er alltaf frábært að fá svona viðurkenningar á spilamennskunni hjá manni, þetta er búin að vera frábær vika og endar vel,“ segir Helena sem viðurkennir þó að það hafi verið sérstakt að fagna Íslandsmeistaratitlinum í ljósi þess að systir hennar, Guðbjörg, var í liði andstæðinganna.

„Það var auðvitað erfitt og ég fann til með henni því ég vil að hún nái alltaf sem bestum árangri en það var víst ekki hægt þegar við kepptum hvor á móti annarri svo vonandi kemur að henni seinna.“

Helena skrapp í atvinnumennsku í stuttan tíma en sneri aftur í Haukaliðið og leiddi liðið til sigurs.

„Þetta var svolítið skrýtið, að fara og spila með öðru liði inn á milli var nýtt en þegar ég lít til baka hjálpaði það mér þegar ég kom til baka til Haukanna. Þá kem ég aftur í frábæran hóp, ég hef þekkt margar af þessum stelpum síðan þær voru litlar og það var frábært að vinna þann stóra með þeim.“



**Fimmta árið í röð. Helena Sverrisdóttir sem varð bæði deildarmeistari og Íslandsmeistari með Haukum í vetur heldur hér á Gullboltanum sem hún fékk fyrir að vera valin besti leikmaður deildarinnar.**

**Skoðum það ef tilboðið er rétt**

Helena segir að það sé erfitt að segja til um hvort hún verði áfram á Íslandi á næsta tímabili. Hún sé komin með fjölskyldu og þau þurfi að taka sameiginlega ákvörðun.

„Þegar þú ert komin með lítið barn eru breyttar forsendur, ég get ekki leyft mér að stökkva á hvað sem er. Ég er ekki búin að loka á neitt og ef eitthvað spennandi kemur upp munum við skoða það,“ segir Helena sem hefur heyrt af áhuga hjá umboðsmanni sínum.

„Ég heyrði af áhuga, bæði fyrir og á meðan á úrslitakeppninni stóð. Tímabilin eru að klárast í Evrópu og liðin eru farin að skoða málin fyrir næsta tímabil en umboðsmaðurinn minn þekkir mig vel og er ekkert að segja mér frá einhverju sem uppfyllir ekki það sem ég þarf,“ segir Helena og bætir við:

„Hann veit alveg hvar við stöndum en ég fer ekki ein út. Við fjölskyldan erum einn pakki og förum þá út saman en eins og staðan er í dag finnst mér líklegast að við verðum áfram í Haukum,“ segir Helena en maður hennar, Finnur Atli Magnússon, leikur fyrir Hauka í Domino's-deild karla.

„Gott dæmi er þegar ég fór til Good Angels í janúar, ég þekkti klúbbinn og að hverju ég gengi, ég er ekki að segja að ég sé bara að horfa á Slóvakíu en ég vil vita að ég sé að fara í gott og öruggt umhverfi,“ segir Helena. **kristinnpall@frettabladid.is**

# Lennon verður áfram hjá FH

**FÓTBOLTI** Skoski framherjinn Steven Lennon hefur skrifað undir nýjan fjögurra ára samning við knattspyrnudeild FH. Lennon kom til FH frá norska liðinu Sandnes Ulf um mitt sumar árið 2014 og hefur hann leikið með Fimleikafélaginu síðan þá. Breiðablik hafði gert hosur sínar grænar fyrir Lennon undanfarið, en fyrri samningur hans við FH gilti út yfirstandandi leiktíð. Nú er hins vegar ljóst að Lennon hefur fest sig til framtíðar hjá hjá FH.

Lennon, sem er þrítugur, kom fyrst hingað til lands sumarið 2011 þegar hann gekk í raðir Fram. Lennon lék með Fram fram á mitt sumar 2013, en þá fór hann til Noregs og gekk til liðs við Sandnes Ulf. Lennon var næstmarkahæsti leikmaður Pepsi-deildarinnar á síðustu leiktíð, en hann skoraði þá 15 mörk fyrir FH sem hafnaði í þriðja sæti deildarinnar.

Lennon byrjaði þetta tímabil af krafti í Pepsi-deildinni, en hann skoraði eina mark leiksins þegar FH sótti Grindavík heim í fyrstu umferð deildarinnar um síðustu helgi. Lennon hefur alls leikið 108 leiki í Pepsi-deildinni og skorað 50 mörk.




# Guðrún Ósk í Stjörnuna

**HANDBOLTI** Stjarnan kynnti formlega nýtt þjálfarateymi sitt fyrir kvennalið félagsins í handbolta á blaðamannafundi síðdegis í gær. Rakel Dögg Bragadóttir og Sebastian Alexandersson voru kynnt til leiks sem þjálfarar liðsins. Við sama tilefni var tilkynnt um vænan liðsstyrk, en Guðrún Ósk Maríasdóttir skrifaði undir samning við Stjörnuna.

Guðrún Ósk varði mark ríkjandi Íslands- og bikarmeistara Fram í vetur, en hún hefur auk þess leikið með Gróttu, Fylki og FH hér á landi. Þá voru samningar framlengdir við Sólveigu Láru Kjærnested, Þórhildi Gunnarsdóttur og Þóreyju Önnu Ásgeirsdóttur. Guðrún Ósk sagði erfitt að yfirgefa Fram á þessum tímapunkti, en hún hefði verið að gæla við það að leggja skóna á hilluna þegar Stjarnan hringdi.


**Guðrún Ósk Maríasdóttir er gengin til liðs við Stjörnuna.**

„Ég var að gæla við að hætta, eða allavega taka mér pásu. Síðasta ár tók mikið á hjá mér og mér fannst ég þurfa á hvíld að halda. Aðalástæða þess að ég sem við Stjörnuna er Basti [Sebastian Alexandersson], hann hefur hjálpað mér mikið áður og veitt mér afar góða markmannsþjálfun. Svo er meiri samkeppni um markmannsstöðuna hjá Stjörnunni, sem ég held að sé hollt fyrir mig. Það er meiri sveigjanleiki hér að geta fengið hvíld inn á milli án þess að það komi niður á gæðum æfinganna,“ sagði Guðrún Ósk í samtali við Fréttablaðið í gær.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Bíldshöfða 8 S. 515 7040
110 Reykjavík

Tryggvabraut 5 S. 515 7050
600 Akureyri

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

mazda.is




## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hæri eða vinstri tunga. Dökk- eða ljósgrátt áklæði.
Stærð: 308 × 140/203 × 81 cm

143.992 kr. ~~179.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR



## EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Ljósgrátt áklæði.
Stærð: 232 x 145 x 85 cm

40% AFSLÁTTUR

101.994 kr. ~~169.990 kr.~~



## TUB
Hægindastóll. Blátt slétt-flauel

50% AFSLÁTTUR

24.995 kr. ~~49.990 kr.~~



## SALLY
Hægindastóll. Brúnt eða svart PU-leður.

40% AFSLÁTTUR

23.994 kr. ~~39.990 kr.~~



## EASY
Tveggja og þriggja sæta sófar. Ljósgrátt áklæði.

40% AFSLÁTTUR

2ja s.: 170 x 95 x 85 cm
59.994 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja s.: 232 x 95 x 85 cm
65.994 kr. ~~109.990 kr.~~



40% AFSLÁTTUR

Stækkanlegt í 250 cm með tveimur stækkunum sem seldar eru sér.

## CHARA
Borðstofuborð. Olíuborin eik.
Stærð: 90 x 160 H: 75 cm

47.994 kr. ~~79.990 kr.~~



## OBVIOUS
Sófaborð 80 x 140 svört grind og fætur með olíuborinni eikarplötu.

31.996 kr. ~~79.990 kr.~~

60% AFSLÁTTUR



35% AFSLÁTTUR

## GANIC
Sófaborðasett. Tvö borð. Svart með hvítri plötu.
Stærð: 130 x 73 H:45 cm

38.994 kr. ~~59.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20
**10 – 18** virka daga
**11 – 17** laugardaga
**13 – 17** sunnudaga

**Akureyri**
**Dalsbraut 1**
**10 – 18** virka daga
**11 – 16** laugardaga

**Ísafjörður**
**Skeiði 1**

**www.husgagnahollin.is**
558 1100

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Tilboðin gilda frá 4.–7. maí 2018 eða á meðan birgðir endast.*


LA Z BOY
Live life comfortably.
Allir La-z-boy hægindastólar á 25% afslætti og Parker á 40% afslætti
25%
AFSLÁTTUR
VEFVERSLUN
www.husgagnahollin.is
ALLTAF OPIN
HELGAR
SPRENGJA
FRÁ FÖSTUDEGI TIL MÁNUDAGS, 4.–7. MAÍ
LA Z BOY
40%
AFSLÁTTUR
PARKER
Grátt, blátt, brúnt eða svart slitsterkt áklæði.
59.994 kr. 99.990 kr.
LA Z BOY
40%
AFSLÁTTUR
PARKER
Grátt, svart eða brúnt leðuri.
95.994 kr. 159.990 kr.
35%
AFSLÁTTUR
DIALMA 3032
Þriggja sæta brúnn leðursófi með lágu baki. Stærð: 235 x 110 x 67 cm.
194.994 kr. 299.990 kr.
OTTAWA
Borðstofustóll, svart PVC áklæði.
40%
AFSLÁTTUR
7.194 kr. 11.990 kr.
LARAMIE
Þessir sívinsælu amerísku sófar frá Broyhill í ekta leðri. Tveggja og þriggja sæta sófar og stóll. Hágæða, brúnt leður.
Stóll
153.894 kr. 269.990 kr.
2ja sæta, stærð: 170 x 95 x 95 cm
188.094 kr. 329.990 kr.
3ja sæta, stærð: 220 x 95 x 95 cm
199.494 kr. 349.990 kr.
Broyhill
43%
AFSLÁTTUR
LARVIK
Barstóll. Dökkgrátt áklæði og svartir fætur.
70%
AFSLÁTTUR
4.797 kr.
15.990 kr.
HÚSGAGNA HÖLLIN

# Litrík dagskrá og óvæntir atburðir


Andri Þór við verk sitt á Kjarvalsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

*Útskriftarsýning nema í arkitektúr, hönnun og myndlist verður opnuð í dag á Kjarvalsstöðum. Birta og Dorothée Maria Kirch sýningarstjórar gáfu forsmekk að sýningunni.*

Fjölmargir útskriftarnemendur Listaháskólans eru staddir á Kjarvalsstöðum við undirbúning útskriftarsýningar í arkitektúr, hönnun og myndlist. Sýningin verður opnuð í dag og er óhætt að segja að hún sé einstaklega glæsileg í ár. Birta Fróðadóttir og Dorothée Maria Kirch mættu blaðamanni og ljósmyndara og sýndu þeim brot af sýningunni.

Leiðsögnin hefst í sýningarrými nemenda í vöruhönnun. „Þau unnu með ákveðið þema, mennsku,“ segir Birta. „Þau hafa öll verið að kljást við ýmsa hluti á lífsleiðinni og mörg þeirra nýta hana í vinnu sinni.“


Birta og Dóra, sýningarstjórar útskriftarnemenda LHÍ á Kjarvalsstöðum.

Birta staðnæmist fyrir framan verk eins nemandans, Kristínar Þorsteinsdóttur. Ljósmynd af konu sem fór í brjóstnám og ákvað að flúra yfir örið. „Það þykir sjálfsagður hlutur að fara í brjóstauppbyggingu eftir brjóstnám. Þessi kona ákvað að fara aðra leið og láta örið verða hluta af sér. Hún verður líka með hljóðverk þar sem gestir sýningarinnar hlusta á sögur. Það er mikil rannsóknarvinna sem einkennir verk nemenda í vöruhönnun. Það er svolítið verkefnið þeirra, að fara í rannsóknarvinnu.“

### Úr rammanum

Hún bendir á verk á gólfinu, sundurslitinn fótbolta á fleti. Slitrur úr fótboltunum vísa í tilfinningar. „Þetta verk er til dæmis eftir Þórð Jörundsson, sem samhliða námi starfaði í félagsmiðstöð. Þar vann hann með strákum í því að tala um tilfinningar sínar. Verkið er symbólískt – eftir því sem við vinnum meira úr tilfinningunum, því heilli verðum við.“

Verk útskriftarnema í fatahönnun í einu rýminu hafa á sér sterkan heildarbrag. „Nemendur unnu með það hvernig við förum úr rammanum okkar, kynjarammanum, samfélagsrammanum. Það er mikið um unisex flíkur og á tískusýningunni notuðu þau karla sem fyrirsætur. Kvenlíkaminn er ekki lengur endilega það sem hannað er utan um, heldur er líkaminn óháður kyni,“ segir Birta frá og gengur með blaðamanni og ljósmyndara inn í sýningarrými grafískrar hönnunar.

„Hér er sú deild sem fer um hvað víðastan völl. Hér eru teiknaðar sögur, leturgerðir, litróf, einn nemandi gerði rannsókn á því hvað það er að vera tvítyngdur á Íslandi. Og svo er það hann Andri, sem vann algjörlega út frá eigin reynslu,“ segir Birta. Andri Þór Ingvarsson situr á bekk fyrir framan skjá með grafískri hreyfimynd sem byggir á reynslu hans af mjög alvarlegum veikindum sem hann tókst á við fyrir nokkrum árum.


Gestir geta spreytt sig á tölvuleiknum Dagur hinna lifandi hrúta.


Eitt af verkum Þórðar Jörundssonar um stráka og tilfinningaúrvinnslu.

„Ég fékk svokallað tannrótaræxli. Veiktist árið 2009 og fékk lækningu 2014. Ég hef farið í um þrjátíu aðgerðir og í þeirri síðustu var æxlið tekið og augað með,“ segir Andri frá. „Ég vinn verkið út frá þeim litlu minningarbrotum sem ég á úr þessu ferli. Mér fannst ágætt að takast á við þessa reynslu með því að vinna verk um hana. Kafa ofan í þetta. Ég rifjaði þetta allt saman upp. Ég hélt dagbók á Facebook þegar ég var úti í aðgerðinni, en bæði geislameðferðin og svo aðgerðin seinna meir var framkvæmd þar,“ segir Andri Þór um verk sitt.

„Þetta er mjög áhrifamikið verk,“ segir Birta. „Þetta er ákveðinn þráður í hönnun núna. Fólk er að líta sér nær, vinna með lífsreynslu, áföll.“

Við útgang salarins eru þau Andrea Sif, Ellert Björn og Kristín, nemendur í arkitektúrdeild og leggja lokahönd á innsetningu um verkefni deildarinnar í ár, listamannaathvarf í Hveragerði. „Arkitektúrdeildin fær alltaf ákveðið verkefni og í þetta sinn áttu þau að gera Hveragerði skil, hanna þar listamannaathvarf,“ segir Birta frá.

Dorothée Kirch tekur við leiðsögninni, hún aðstoðar 24 nemendur við að setja upp sýningu í öðrum enda safnsins. Einn nemenda í þetta sinn útskrifast úr tónlistardeild. Dorothée er ánægð með sýningarrýmið sem er skipt í þrjá sali. „Ég var strax spennt fyrir því. Hér er hægt að stilla saman verkum sem tala svolítið saman. Í einum salnum eru til dæmis saman nokkur verk sem mörg byggja á tækni og gagnvirkni,“ segir Dorothée og sýnir blaðamanni kostulegan tölvuleik, Dag hinna lifandi hrúta. Hann er í anda níunda áratugarins og karakterarnir litríkir.


Almar „í kassanum“ útskrifast. Verk hans fjallar um þunglyndi barna.

Fyrir utan salina eru nokkur verk. Katrín Helga xdóttir, ein Reykjavíkurdætra, hefur útbúið karókíhorn í safninu. „Lögin eru allt frá 10 sekúndum upp í 3 mínútur. Þau verða til sýnis hér en hún mun svo halda karókítónleika á hverjum degi klukkan fjögur.

### Almar í baðkari

Listneminn Almar Atlason sem hefur vakið athygli á Íslandi og víðar fyrir það uppátæki sitt að sitja nakinn í kassa í marga daga er einn útskriftarnema. „Hann situr í þessu baðkari íklæddur barnanáttfötum,“ útskýrir Dorothée. Fyrir framan baðkarið er sjónvarp þar sem er heldur drungalegt barnaefni á skjánum. „Vinur hans verður með honum í þessu og leikur sér að lest sem virkar ekki alveg. Er alltaf að bila. Verkið fjallar um þunglyndi barna. Börn eiga að vera svo glöð og kraftmikil en geta verið þunglynd eins og fullorðið fólk. Almar minnist vinar síns sem talaði um sjálfsvígshugsanir sjö ára gamall. Fullorðna fólkið hrósaði hins vegar þessum sama strák fyrir hvað hann væri flottur og sjálfum sér nógur. Alltaf að dunda sér. En honum leið greinilega bara mjög illa.“

**kristjana@frettabladid.is**

F Sjá nánar á Fréttablaðið+

Lengri umfjöllun má lesa á frettabladid.is.



Nemendur í yfirferð degi fyrir sýningaropnun. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Verk útskriftarnema fylla safnið á Kjarvalsstöðum.



Sjálfsmyndir Þóru. Uppgjör hennar úr æsku.



Verk Þóru eru áhrifamikil.



Nemendur í vöruhönnun leggja lokahönd á verk sín.



Edda Karólína við verk sín. Viðfangsefni hennar er stress og viðbrögð líkamans.



Dyttað að smáatriðum.



Skúlptúr eftir Hörpu Másdóttur.

# FRÉTTABLAÐIÐ

# 89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.




*Fréttablaðið og Morgunblaðið.

Heimild: Prentmiðlamæling Gallup jan.-mar. 2018.




Allt sem þú þarft ...


Ekkert kjaftæði
Við vorverkin og plokkið er mikilvægt að allt rati á réttan stað í SORPU. Allar nánari upplýsingar á flokkid.sorpa.is
SORPA
Gylfaflöt 5 | 112 Reykjavík | 520 2200 | sorpa@sorpa.is



„Ég sé það eftir á að hann notaði mjög lúmskar leiðir til að fá mig til að efast um sjálfa mig," segir Guðrún Dögg Rúnarsdóttir um samband sitt við Mark Doninger. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Þurfti að flýja land eftir lífshættulega árás

Eftir ítrekaðar barsmíðar og hótanir sleit **Guðrún Dögg Rúnarsdóttir** sambandi sínu við fyrrverandi leikmann ÍA, Mark Doninger. Hann var dæmdur í Hæstarétti í 8 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Guðrún segir að á meðan á málaferlunum stóð hafi ÍA stutt Mark. Þeir sem voru við stjórnvölinn hjá ÍA á meðan á ofbeldinu stóð hafa ekki beðist afsökunar.

Sölvi Tryggvason
skrifar

Það er fallegur dagur á Akranesi þegar ég renni í hlað hjá viðmælanda mínum. Það er kyrrð yfir bænum og Langisandur skartar sínu fegursta með falleg fjöllin við sjóndeildarhringinn. Guðrún Dögg Rúnarsdóttir brosir þegar hún tekur á móti mér á heimili sínu. Þessi glæsilega og hávaxna unga kona virkar í góðu jafnvægi, en samt finnur maður einhvern veginn strax að líf hennar hefur ekki verið slétt og felld leið hingað til. Í fallegu andlitinu glittir í feimni þegar við byrjum viðtalið.

„Ég man að þegar mér var boðið að taka þátt í Ungfrú Ísland hlakkaði ég mikið til. Bæði að kynnast nýjum vinum og eins sá ég þetta sem mikla og góða reynslu í að koma fram og sigrast á sjálfum sér. Ég sé það núna að ég var auðvitað bara krakki þegar ég vann þessa keppni árið 2009. Átján ára gömul, glöð og opin ung stelpa. En samt var ég með mjög sterk bein miðað við aldur og man að ég lét álit eða áhrif annarra mjög lítið á mig fá. Ég þorði að fara mínar eigin leiðir."

### Heilbrigð og björt ung stúlka með allar dyr opnar

Guðrún stoppar frásögnina og fær sér vatnssopa áður en hún leggur áherslu á það sem kemur næst:

„Fjölskylda mín sendi mig út í lífið með mjög heilbrigða sjálfsmynd. Ég man alltaf eftir mér sem ungri stelpu sem fannst að hún gæti gert hvað sem er, orðið hvað sem er og ég sá sjálfa mig sem góða og fallega manneskju í alla staði. Ég stóð alltaf með sjálfri mér, klæddi mig eins og ég vildi og lét gagnrýni lítið á mig fá og þorði að fara mínar eigin leiðir. Það er stórkostlegt að líða þannig og í raun mikið frelsi sem ég áttaði mig ekki á hvað var mikilvægt fyrr en ég missti það nokkrum árum síðar."

Það er kannski þess vegna sem Guðrún lét neikvætt umtal eftir keppnina lítið á sig fá og tók meira til sín jákvæðu hlutina. Hún segir að það hafi verið frábært að vera átján ára Ungfrú Ísland á Akranesi.

„Fólk stoppaði mig oft úti á götu og í verslunum og hrósaði mér og sagðist vera stolt af mér. Ég var valin fjallkona bæjarins þetta árið og í raun var þetta algjörlega frábær tími. Þegar þarna var komið hafði ég bara farið einu sinni til útlanda á ævi minni, þannig að næstu mánuðir voru ótrúlegt ævintýri og reynsla. Ég fór út til að taka þátt í keppninni um Ungfrú Heim og ferðaðist þá alein út um allt. Ég fór til Abu Dhabi, London og Suður-Afríku og þurfti að þroskast mjög hratt á stuttum tíma."

Eftir að Guðrún kom aftur heim fór í hönd skemmtilegur og jákvæður tími í lífi hennar. Hún hafði tekið mikinn þroskakipp við allt ferlið í kringum ferðalögin og þátttökuna í Ungfrú Heimi og var nú að ákveða næstu skref í lífi sínu, rétt skriðin í tvítugt. Hamingjusöm ung kona með allt lífið fram undan.

### Mark Doninger kemur á Skagann

Aðeins nokkrum dögum eftir að Guðrún Dögg hélt upp á tvítugsafmælið sitt á Akranesi flutti ungur maður í bæinn. Undirbúningstímabilið fyrir sumarið 2011 var á fullu í knattspyrnunni og ÍA hafði ákveðið að semja við ungan knattspyrnumann frá Bretlandi, Mark Doninger. Akranes hefur alltaf verið mikill knattspyrnubær og stuðningsmenn

> ÉG FÓR AÐ HUGSA UM FORELDRA MÍNA OG FJÖLSKYLDU OG HÉLT BARA AÐ ÉG VÆRI AÐ DEYJA. ÞAÐ SÍÐASTA SEM ÉG MAN ÁÐUR EN ÞJÁLFARINN KOM LOKS Á STAÐINN VAR AÐ HANN SKALLAÐI MIG Í ANDLITIÐ.

liðsins báru von í brjósti um að þessi styrkur að utan myndi bæta liðið fyrir átök sumarsins. Mark byrjaði undirbúningstímabilið vel og utan vallar leið ekki á löngu uns hann kom auga á Guðrúnu Dögg og ákvað strax að sýna henni áhuga sinn.

„Ég var tvítug þegar við kynntumst og þetta byrjaði í raun þannig að hann reyndi margoft að fá mig á stefnumót, en ég sagði alltaf nei. Það er ekki fyrr en ég er búin að spjalla við hann úti á götu og hann spyr mig í einn eitt skiptið að ég ákvað að slá til. Ég var ekkert sérstaklega spennt fyrir honum, en þegar við kynntumst virkaði hann traustur, kurteis, blíður, góður og heilsteyptur ungur maður. Þetta eru allt hlutir sem skipta mig miklu máli og ég varð smátt og smátt hrifin af honum. Fyrstu vikurnar af kynnum okkar voru frábærar og hann virkaði eins og draumur í dós, svo ég orði það á klisjukenndan hátt."

Það var ekki fyrr en eftir dálítinn tíma að Guðrún fór að taka eftir litlum hlutum sem henni líkaði ekki við.

„Ég sé það eftir á að hann notaði mjög lúmskar leiðir til að fá mig til að efast um sjálfa mig. Hann talaði reglulega um að fólk væri að tala illa um mig og fleira í þeim dúr, en dró svo alltaf í land. En það var nóg til þess að ég byrjaði smátt og smátt að efast aðeins um sjálfa mig."

### Ofbeldið byrjar

Guðrún efaðist samt ekki meira en svo um sjálfa sig þarna að þegar fyrsta alvarlega tilvikið átti sér stað hætti hún með honum á stundinni.

„Ég var í afmæli hjá góðri vinkonu minni, klædd í hvítan kjól. Allt var eðlilegt þar til hann kemur að mér þar sem ég er að tala við vin minn og hellir yfir mig heilli rauðvínsflösku fyrir framan alla og kýlir strákinn. Þarna „snappaði" eitthvað hjá honum og ég man í hve miklu áfalli ég var eftir að þetta gerðist. Ég fór rakleitt heim, vakti mömmu mína hágrátandi og sagði henni hvað hafði gerst. Ég tók þegar í stað ákvörðun um að tala aldrei við hann aftur."

Daginn eftir hringdi Mark í tugi skipta í Guðrúnu sem svaraði ekki símanum. En það leið ekki á löngu þar til hann náði að hitta á Guðrúnu úti á götu, þar sem hann vildi biðjast afsökunar á því sem hann hafði gert.

„Þegar ég ákvað að setjast ➡

SMÁRALIND




**SUMARTILBOÐ OG SÓLRÍK STEMNING**

ÍSKRAP, ANDLITSMÁLNING OG HÚLLA HOPP KL. 14–16
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

**SKOÐAÐU TILBOÐIN OG DAGSKRÁNA Á SMARALIND.IS**

OPIÐ: VIRKA DAGA 11–19 FIMMTUDAGA 11–21 LAUGARDAGA 11–18 SUNNUDAGA 13–18 WWW.SMARALIND.IS FACEBOOK INSTAGRAM SNAPCHAT



#Metoo-byltingin hreyfði við Guðrúnu Dögg, henni finnst mikilvægt að segja sögu sína. Henni leið lengi eins og sökin væri hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

niður með honum og tala við hann aftur fannst hluta af mér ég vera að gera mistök með því að gefa honum annað tækifæri, en ég vildi trúa því að þetta hefði verið einstakt tilvik og hann hefði verið drukkinn og einfaldlega misst stjórn á sér. Við tókum saman á ný og í margar vikur á eftir var hann algjörlega frábær og sýndi allar sínar bestu hliðar. En eftir ákveðinn tíma byrjuðu litlu hlutirnir aftur. Þegar hann hafði unnið traust mitt aftur fór hann aftur að tala niður til mín og náði í raun að brjóta mig niður á mjög skömmum tíma.“

Þegar þarna var komið var Guðrún komin með kvíða og byrjuð að einangra sig og farin að eiga erfitt með að fara út úr húsi á Akranesi. Svo byrjaði líkamlega ofbeldið.

„Ég man eftir tilfinningunni þegar hann sló og kýldi mig í fyrsta sinn. Þá var ég ekki með sömu sjálfsvirðingu og þegar hann hellti yfir mig rauðvíninu. Ég var orðin skíthrædd og háð viðurkenningu hans. Þegar ég fékk glóðarauga málaði ég mig meira en nokkru sinni fyrr og þegar mamma spurði mig út í farðann sagðist ég bara vilja vera falleg. Ég var byrjuð að ljúga að fólkinu í kringum mig til að verja hann, án þess að gera mér grein fyrir því.“

Guðrún gerir hlé á máli sínu áður en hún horfir á mig einlægum augum til að leggja áherslu á það að hún skilji það mætavel að fólk sem hafi ekki verið í ofbeldissambandi geti örugglega ekki skilið af hverju hún hafi ekki hlaupið burt úr þessum aðstæðum.

**Týndi sjálfri sér gjörsamlega**

„Þetta gerist á svo lúmskan hátt og svo hægt og rólega að það er ótrúlega erfitt að koma þeim sem ekki hafa upplifað þetta í skilning um það hvernig svona lagað getur átt sér stað. Ég sé það núna að ég hætti bara smátt og smátt að gera mér grein fyrir muninum á réttu og röngu og týndi sjálfri mér einfaldlega algjörlega. Þegar þú ert orðinn þetta veikur fyrir og það er manneskja við hliðina á þér sem segist elska þig meira en allan heiminn ertu í raun orðinn algjörlega háður manneskjunni, samþykki hennar og leyfi hennar til að gera hluti. Þegar fólk er komið á þann stað sem ég var á er engin leið að koma sér burtu án hjálpar. Inn í þetta spilar svo líka mikil hræðsla. Ég var í raun logandi hrædd alla daga. Hann hótaði að drepa sjálfan sig, mig og mömmu mína og ég trúði því. Hann braut tölvuna mína og tók símann minn svo ég gæti ekki haft samskipti við fólk og hótaði að setja myndbönd sem hann tók af mér í leyfisleysi á internetið.“

**ÉG KOM ALLTAF AÐ LOKUÐUM DYRUM HJÁ KNATTSPYRNUFÉLAGINU, ÞEGAR ÉG OG FJÖLSKYLDA MÍN REYNDUM AFTUR OG AFTUR AÐ FÁ AÐSTOÐ VEGNA SÍENDURTEKINS OFBELDIS.**

**Kýld með krepptum hnefa og missti málið í þrjá sólarhringa**

En þrátt fyrir ítrekaðar barsmíðar, stanslausar hótanir og mikla hræðslu náði Guðrún að slíta sambandinu við Mark með hjálp frá fjölskyldu og vinum. En hún var enn á Akranesi og hann líka og ekki leið á löngu þar til leiðir þeirra lágu saman á ný.

„Ég man þetta kvöld eins og það hafi gerst í gær. Það var ball á Breiðinni, sem er gamall skemmtistaður á Akranesi. Ég var að tala við æskuvin minn og sat á billjard-borði þegar ég sé að hann kemur inn á staðinn. Ég fékk gríðarlegan hnút í magann þegar hann kemur gangandi að okkur og hugsaði með mér að nú myndi hann ganga í skrokk á vini mínum. Það sem hins vegar gerðist var að hann kýldi mig með krepptum hnefa fyrir framan alla, þannig að ég hrundi niður á borðið. Ég man að ég fann engan sársauka því að áfallið sem fylgdi því að hann hafði gert þetta fyrir framan alla var öllu yfirsterkara. Ég náði að staulast út af staðnum, en hann elti mig út og tók mig niður í jörðina og hélt mér fastri. Hann reif í hárið á mér og hélt mér niðri sama hvað ég barðist um. Það var fullt af fólki í kring að horfa á þetta, en enginn gerði neitt, þar til vinur minn kom eftir nokkrar mínútur og nær honum loks af mér. Ég var öll marin í framan og þurfti að ganga á hækjum í fjóra daga á eftir þar sem ég tognaði illa. Um leið og ég kom heim hringdi mamma í lögregluna og ég fór í skýrslutöku daginn eftir. Í miðri skýrslutöku fékk ég algjört taugaáfall. Ég grét á móðursýkislegan hátt og náði svo ekki að koma upp orði. Ég missti málið í þrjá sólarhringa eftir þetta. Kom ekki upp orði, þrátt fyrir að vinir og fjölskylda væru að reyna að tala við mig.“

Guðrún tárast þegar hún rifjar þetta upp og það er enn ekki laust við að hún ásaki sjálfa sig fyrir að hafa verið í þessum aðstæðum svo lengi.

„Þarna er ég loksins búin að finna styrk til að hætta með honum, en eftir stendur að ég bý í sama bæjarfélagi með mann nánast í næstu götu sem ég gat ekki fengið nálgunarbann á. Ég var farin að íhuga alvarlega að flýja land, þar sem ég vissi ekki hvað ég ætti til bragðs að taka. Ég átti svo eftir að sjá það sem eina kostinn í stöðunni þegar hann meiddi mig lífshættulega!“

**Flýr land eftir að hafa verið nær dauða en lífi**

Hér er komið að síðasta skiptinu af ótal mörgum sem Mark gekk í skrokk á Guðrúnu og varð til þess að hún kærði hann loksins og flúði svo land í kjölfarið.

„Eins og áður segir vorum við hætt saman, en hann hélt áfram að koma fyrir utan heimili mitt og lét mig ekki í friði. Hann sendi mér ítrekað myndir af sér að rispa á sér úlnliðina og sagðist ætla að drepa sig ef ég kæmi ekki og hótaði því líka að setja myndir og myndbönd af mér á netið sem hann hafði tekið í leyfisleysi. Í eitt skiptið var ég verulega hrædd og lét til leiðast. Hann var mjög almennilegur þegar ég kom og við náðum að ræða saman á rólegum nótum. En þegar hann sagðist vilja byrja með mér aftur og

ég sagði það ekki inni í myndinni, sturlaðist hann gjörsamlega. Hann bjó með þremur öðrum leikmönnum úr liði ÍA og þegar hann heyrði að þeir væru að koma inn í íbúðina dró hann mig á hárinu inn í herbergið sitt. Ég reyndi að berjast á móti, en hann var einfaldlega sterkari. Hann henti mér upp í rúm og byrjaði að berja mig. Strákarnir heyrðu hrópin í mér, en voru of hræddir til að koma inn. Ég komst að því eftir á að þeir hringdu í þjálfara liðsins frammi á gangi. Á þeim fimm mínútum sem liðu þar til þjálfarinn kom á staðinn náði Mark næstum því að drepa mig. Hann festi hendurnar á mér og var kominn það langt í að kyrkja mig að ég var öll orðin blá í framan og háræðarnar á hálsinum slitnuðu niður að brjóstum. Ég man að það sem ég hugsaði var: „Ég trúi ekki að ég sé að fara að deyja á þennan hátt!“

Ég fór að hugsa um foreldra mína og fjölskyldu og hélt bara að ég væri að deyja. Það síðasta sem ég man áður en þjálfarinn kom loks á staðinn var að hann skallaði mig í andlitið, þannig að báðar varir mínar sprungu illa.“

Þjálfari ÍA kom þegar þarna var komið sögu inn í herbergið og náði að koma Guðrúnu Dögg út úr herberginu og koma henni við illan leik heim til sín. Hún hafði þegar í stað samband við lögreglu og kærði í kjölfarið Mark Doninger fyrir tvær alvarlegar líkamsárásir.

„Ég kærði hann fyrir árásirnar sem höfðu átt sér stað fyrir framan annað fólk, en gat auðvitað ekki kært hann fyrir öll skiptin sem hann réðst á mig þegar við vorum tvö ein, þar sem vitni skorti.“

Mark hafði þegar fengið annan dóm fyrir alvarlega líkamsárás á karlmann þegar þarna var komið sögu. Samt tók átta mánuði að fá dóm í málinu og þar sem Guðrún gat ekki fengið nálgunarbann á Mark átti hún þann kost einan að flýja land.

„Hann hélt áfram að standa fyrir utan íbúðina mína á kvöldin, aftur og aftur, þannig að ég sá bara eina lausn. Að flýja land. Ég flutti til Kanada og þaðan til London og fékk sem betur fer verkefni þar á meðan ég beið eftir að dómurinn félli.“

Þegar dómur loksins féll þótti hafið yfir allan vafa að Mark hefði gerst sekur um umrædd brot, enda fleiri en eitt vitni í báðum tilvikum. Hann var dæmdur í 45 daga skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Vesturlands, en ákvað engu að síður að áfrýja dómnum. Hæstiréttur þyngdi dóminn upp í átta mánuði, en engu að síður var dómurinn enn skilorðsbundinn og Mark gekk því um sem frjáls maður. Í heil fjögur ár eftir þetta hélt hann áfram að reyna að ná til Guðrúnar.

Samkvæmt öruggum heimildum höfundar reyndi Mark að komast á reynslu hjá íslensku knattspyrnufélagi fyrr á þessu ári í gegnum umboðsmann sinn. Félagið tók ekki við honum, en Guðrún er enn ekki laus við hræðsluna um að Mark komi aftur til landsins.

**Ósátt við knattspyrnudeild ÍA**

Það sem situr enn í Guðrúnu er hvernig knattspyrnudeild ÍA stóð að málinu. Á meðan á málaferlunum stóð studdi félagið við bakið á Mark allan tímann, jafnvel þó að þjálfari liðsins hafi komið að honum að reyna að drepa hana.

„Ég skil enn þann dag í dag ekki hvernig þeim tókst að taka svona á þessu máli. Íþróttafélag sem borgar manni laun fyrir að vera íþróttamaður og fyrirmynd getur ekki látið eins og ekkert sé þegar vitað er að hann er að berja kærustuna sína í spað. Ég hafði samband við félagið og grátbað þá um að segja upp samningnum við hann þannig að hann færi frá Akranesi eftir að hann hafði reynt að drepa mig og hélt áfram að mæta fyrir utan heimilið mitt, en allt kom fyrir ekki. Mér var tjáð að málið snerist um peninga og væri auk þess einkamál leikmannsins. Það var ekki fyrr en þremur árum síðar að ég loks fékk bréf frá félaginu, þar sem ég var beðin afsökunar á því hve illa var staðið að málinu. Það var mjög fallegt, en kom frá nýjum aðilum í stjórn ÍA og ekki fyrr en einn helsti styrktaraðili liðsins sagðist vera að íhuga að hætta stuðningi við liðið vegna málsins. Þeir sem voru við stjórnvölinn á meðan á ofbeldinu stóð hafa enn ekki beðist afsökunar. Eftir að þetta hafði gerst tók svo annað íslenskt félag, Stjarnan, við Mark Doninger, þrátt fyrir að þeim hlyti að hafa verið kunnugt um hvað hann hafði gert. Ég á enn reglulega erfitt með að skilja það líka.“

Það hefur tekið Guðrúnu sex löng ár að komast aftur á beinu brautina, hægt og rólega.

**Bjart fram undan eftir margra ára uppbyggingu**

„Ég var í raun algjör brunarúst eftir allt þetta ferli. Ég var komin með alvarlegt þunglyndi, ofsakvíða, félagsfælni og alvarlega áfallastreitu. Þurfti að fara á lyf við kvíða og var stanslaust hrædd. Hver einasti dagur hjá mér í nokkur ár markaðist í raun af mikilli hræðslu. En ég hef í sex ár eftir þetta verið í stanslausri vinnu með sjálfa mig. Ég hef gengið til sálfræðings, geðlæknis, farið í Kvennaathvarfið, EMDR-meðferð og fleira. Þetta hefur verið langt og erfitt ferli, en ég er fyrst núna að komast í gott jafnvægi á nýjan leik. Ég get ekki lagt næga áherslu á það hvað Kvennaathvarfið hjálpaði mér gríðarlega í þeirri vinnu að átta mig á að ég ætti ekki sök á því sem gerðist. Mér líður í raun eins og ég hafi verið að berjast við að halda lífi í fimm ár eftir þetta og það er fyrst núna á sjötta árinu sem ég er í alvöru að koma til baka og finna sjálfa mig upp á nýtt.“

Þegar ég spyr Guðrúnu af hverju hún hafi ákveðið að stíga fram og segja frá þessu núna stendur ekki á svörum.

„Mig hefur mjög lengi langað til að segja frá þessu, en það er fyrst núna sem ég treysti mér til þess. Mér leið í mörg ár illa og fannst ég óvelkomin, vegna þess að ég kom alltaf að lokuðum dyrum hjá knattspyrnufélaginu, þegar ég og fjölskylda mín reyndum aftur og aftur að fá aðstoð vegna síendurtekins ofbeldis. Ég átti erfitt með að fara út úr húsi á Akranesi í nærri sex ár vegna þessa. Mér leið eins og sökin væri mín en ekki hans, sem er í raun það sem ofbeldissambönd ganga oft út á. Ég man enn að ég fékk miklar hamingjuóskir frá fjölskyldunni þegar ég gat í fyrsta skipti farið í Krónuna á Akranesi. Ég hef oft keyrt alla leið til Reykjavíkur bara til að fara í búð. Þannig að ég hef einfaldlega ekki verið í ástandi til að treysta mér í viðtal eins og þetta fyrr en núna. Maður getur átt von á alls kyns hlutum þegar maður opnar sig eins og ég er að gera í þessu viðtali og þá verður maður að vera kominn í gott jafnvægi.“




LUMAR ÞÚ Á HUGMYND FYRIR MENNINGARNÓTT?

Menningarnótt verður haldin þann 18. ágúst næstkomandi og við auglýsum því eftir áhugasömum og frumlegum hugmyndasmiðum til þess að fylla inn í viðburðalandslagið.

Styrkjum á bilinu 100.000–500.000 kr. verður úthlutað til einstaklinga og hópa úr Menningarnæturpotti Landsbankans.

**Hægt er að sækja um á menningarnott.is til 24. maí.**

Menningarnótt er hátíð sem allir borgarbúar skapa og upplifa saman, úti á torgum og götum miðborgarinnar, í bakgörðum eða söfnum, kirkjum og kaffihúsum, verslunum og fyrirtækjum og ekki síst í húsunum í bænum.

Menningarnæturpottur er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Landsbankans, sem hefur verið máttarstólpi hátíðarinnar frá upphafi. Allur fjárstuðningur bankans rennur til verkefna sem unnin eru á Menningarnótt.

**Nánari upplýsingar veita viðburðastjórar Reykjavíkurborgar í síma 411 6010 og á menningarnott@reykjavik.is.**

MENNINGARNOTT.IS



Steinunn Stefánsdóttir, Auður Jónsdóttir og Bára Huld Beck skyggndust inn í heim fjölmiðla en aðbúnaður blaðamanna þykir vondur og ótryggur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Ríkir miðaldra menn ógna með málssóknum

Rithöfundurinn **Auður Jónsdóttir**, blaðamaðurinn **Bára Huld Beck** og **Steinunn Stefánsdóttir**, blaðamaður og þýðandi, gefa á næstu vikum út bók um íslenska fjölmiðla, Þjáningarfrelsið. Þær eru sammála um að íslenskir blaðamenn starfi við óviðunandi aðstæður, stjórnmálamenn, almenningur og eigendur fjölmiðla beri ekki næga virðingu fyrir starfi þeirra.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Þær koma allar hver úr sinni áttinni, þær Auður Jónsdóttir rithöfundur, Steinunn Stefánsdóttir, blaðamaður og þýðandi, og Bára Huld Beck, blaðamaður á Kjarnanum. Síðustu mánuði hafa þær skoðað starfsemi innlendra fjölmiðla og blaðamennsku og brátt kemur út bók þeirra, Þjáningarfrelsið. Þær ræddu við mikinn fjölda fólks sem hefur unnið eða starfar enn í fjölmiðlum. Sömuleiðis ræddu þær við heimspekinga, rithöfunda og ýmsa aðra sem í störfum sínum vinna með fjölmiðla á einn eða annan hátt.

Reynsla Auðar af því að vera stefnt fyrir orð sín er kveikjan að bókinni. Hún var í lok janúar sýknuð í héraðsdómi í meiðyrðamáli sem Þórarinn Jónasson, landeigandi í Laxnesi, höfðaði á hendur henni. Málið gegn Auði var höfðað vegna aðsendrar stuðningsgreinar Auðar á Kjarnanum fyrir framboð Andra Snæs Magnasonar til forseta Íslands. Í greininni fjallaði Auður um umhverfismál á bernskuslóðum sínum í Mosfellsdal. Þórarinn hefur áfrýjað málinu.

**Auður:** Ég ætlaði að gera bók um málaferlin. Ég var í hálfgerðri skilnaðarmaníu. Ég ætlaði að tala við blaðamenn með sambærilega reynslu sem höfðu lent í málaferlum og verið stefnt fyrir orð sín. Svo ákvað ég að tala við lögfræðinga mína, Ragnar Aðalsteinsson og Sigríði Rut Júlíusdóttur, og þá vildi ég tala við Sjón, því hann er formaður alþjóðlegra samtaka rithöfunda, útgefenda og blaðamanna. Þegar ég ræddi við allt þetta fólk opnaðist fyrir mér þessi veruleiki. Hvað það er erfitt að vera fjölmiðlamaður á Íslandi.

Ég fór og ræddi við Elvu Ýr Gylfadóttur og Heiðdísi Magnúsdóttur hjá fjölmiðlanefnd um efni bókarinnar. Þær sögðu mér frá öllu þessu lagaverki um fjölmiðla. Þær gáfu mér ofgnótt upplýsinga. Ég uppgötvaði eftir að hafa talað við þær að ég gæti alls ekki gert þessa bók ein á nokkrum vikum.

Á leiðinni heim gekk ég inn á skrifstofu Kjarnans og var frekar buguð. Ég ætlaði að finna einhvern til að gera þetta með mér. Á skrifstofunni var stödd Arndís Þorgeirsdóttir, fyrrverandi fréttastjóri á Fréttablaðinu og blaðamaður DV. Hún fékk glampa í augun þegar ég sagði henni frá hugmynd minni. En Bára var þarna líka og hlustaði á þetta allt saman og brosti góðlátlega til okkar.

### Fjárskortur fjölmiðla

Auður segir að um leið og Arndís hafi sest yfir verkið hafi komið í ljós að þær réðu ekki tvær við verkið á þeim nokkurra mánaða tíma sem var til útgáfu.

**Auður:** Hún Arndís vildi fá Steinunni til liðs við okkur, þær eru gamlar samstarfskonur af Fréttablaðinu. Steinunn var þá upptekin við að gera mastersritgerð í þýðingarfræðum og sótti landvarðarnámskeið. En ég sá að hún byrjaði að iða þegar ég sagði henni frá bókinni.

**Steinunn:** Ég gat ekki sagt nei.

Svo fékk Arndís stöðuhækkun hjá Kennarasambandinu og varð útgáfustjóri þar. Þá komum við og grátbáðum Báru um að taka hennar stað. Þá fórum við að gera þetta fyrir alvöru.

**Bára:** Ég gat auðvitað heldur ekki sagt nei. Hafði hlustað á þær tala saman á skrifstofunni og fannst verkefnið spennandi. Vinnuveitendur mínir hafa sýnt þessu skilning. En vinnan hefur mest farið fram á kvöldin og um helgar.

*Kom eitthvað í vinnslu bókarinnar ykkur mjög á óvart?*

**Steinunn:** Það sem kom mér mest á óvart var hvað ólíkt fólk sagði sömu hlutina út frá mismunandi forsendum.

**Bára:** Ég tek undir þetta.

**Auður:** Hugsjónir liggja ekki til hægri eða vinstri þegar kemur að þessum grunngildum í blaðamennsku.

> YTRI AÐSTÆÐUR FJÖLMIÐLA Á NORÐURLÖNDUM ERU MIKLU BETRI EN HÉR Á LANDI. HÉR ER ALLT Á EINHVERJUM ÖRSKALA.
>
> Steinunn Stefánsdóttir

**Steinunn:** Það sem fólk talar um, það er auðvitað þessi fjárskortur. Það er verið að gera hið ómögulega. Ýmsir bentu á að í raun væri stór hluti gagnrýni á íslenska fjölmiðla ómakleg. Vegna þess að það væri verið að ætlast til þess að þeir gerðu bara sömu hluti og New York Times. Fyrir utan svo alla ómálefnalegu gagnrýnina þar sem litið er fram hjá grunngildum blaðamennsku og ætlast til að fjölmiðlafólk gangi erinda einhverra hagsmunaaðila í stað þess að ástunda góð vinnubrögð.

**Bára:** Viðmælendur okkar voru líka meira og minna á einu máli um að vinnuaðstaðan væri engan veginn nógu góð og vinnuumhverfið einkennist af óstöðugleika.

**Steinunn:** Það er skortur á atvinnuöryggi og launin eru rosalega lág. Einn góðan veðurdag er kannski búið að leggja niður fjölmiðilinn, reglulega er blaðamönnum sagt upp til þess að spara og þá verða þeir oft fyrir valinu sem eru á aðeins hærri launum en hinir. Eða það eru komnir nýir eigendur sem bara skipta um starfsfólk.

### Karlaheimur

**Steinunn:** Yngsta röddin í bókinni er líklega um þrítugt. Og elstu, Styrmir Gunnarsson og Jónas Kristjánsson, eru um áttrætt.

**Auður:** Við ætluðum að láta kaflann um fortíðina heita Gamlir hundar. Þetta er svo mikill karlaheimur.

**Auður:** Við reyndum að halda miklu kynjajafnvægi í þessari bók, Steinunn er mikill talsmaður þess. Það kostaði barning og umræður. Ég held að okkur hafi tekist ágætlega upp.

**Steinunn:** Við erum líka mikið að tala við stjórnendur. Það býr líka til slagsíðu. Þannig að við erum inni í heimi þar sem er mjög mikil slagsíða.

*Stuðningur við fjölmiðla, er hann nægilegur?*

**Steinunn:** Það gerðist ýmislegt á meðan við vorum að skrifa þessa bók. Meðal annars kom út skýrsla um rekstrarumhverfi fjölmiðla í janúar. Þar er fjallað ítarlega um stöðu fjölmiðla, bæði hér á landi og erlendis. Það sem kemur fram í henni er sláandi þó að við sem störfum við fjölmiðla vitum staðreyndir málsins fullvel. Stjórnvöld styrkja fjölmiðla á öllum Norðurlöndum fyrir utan Ísland. Þar sem þó eru stærri málsamfélög en er hér. Og ekki bara stærri málsamfélög heldur stærri markaður. Fleiri áskrifendur, stærri auglýsendamarkaður sem hækkar auglýsingaverð.

Ytri aðstæður fjölmiðla á Norðurlöndum eru miklu betri en hér á

# Hlutafjárútboð

## í Heimavöllum

## 7. og 8. maí 2018

**Útboðið hefst kl. 10:00 mánudaginn 7. maí og lýkur kl. 16:00 þriðjudaginn 8. maí 2018.**

**Í útboðinu verða boðnir til sölu 750.000.000 nýir hlutir í Heimavöllum. Gefi eftirspurn tilefni til hefur félagið heimild til að fjölga seldum hlutum í útboðinu þannig að þeir nemi samtals allt að 900.000.000. Hlutafjáraukningin nemur 6,7%-7,9% af hlutafé Heimavalla að útboði loknu allt eftir því hvort heimild til að fjölga seldum hlutum verður nýtt eða ekki.**

Markmiðið með útboðinu er að fjölga hluthöfum í Heimavöllum þannig að félagið uppfylli skilyrði Aðalmarkaðar Kauphallar Íslands varðandi dreifingu hlutafjár og fjölda hluthafa.

**Tekið verður við áskriftum rafrænt á vef Landsbankans www.landsbankinn.is/utboð-heimavellir**

Fjárfestar geta valið um þrjár tilboðsbækur í útboðinu sem eru m.a. ólíkar hvað varðar stærð áskrifta, verðlagningu og úthlutunarreglur. Hver hlutur í Heimavöllum er að nafnverði 1 króna. Allir hlutir verða seldir á sama verði í hverri tilboðsbók (hollenskt útboð).

| | Tilboðsbók A | Tilboðsbók B | Tilboðsbók C |
|---|---|---|---|
| **Stærð áskrifta (kaupverð)** | 100.000 kr. - 500.000 kr. | 550.000 kr. – 10.000.000 kr. | > 10.000.000 kr. |
| **Tilboðsverð** | Á útboðgengi tilboðsbókar A | Á bilinu 1,38-1,71 kr./ hlut eða á útboðsgengi tilboðsbókar B | Að lágmarki á genginu 1,38 kr./hlut |
| **Útboðsgengi** | 5% lægra en útboðsgengi tilboðsbókar B | Á bilinu 1,38-1,71 kr./ hlut, þó ekki hærra en útboðsgengi tilboðsbókar C | Að lágmarki á genginu 1,38 kr./hlut |
| **Meginreglur varðandi úthlutun** | Leitast við að skerða ekki áskriftir undir 100.000 kr. að kaupverði | Á grundvelli tilboðsverðs, leitast við að skerða ekki áskriftir undir 550.000 kr. að kaupverði, annars hlutfallsleg | Á grundvelli tilboðsverðs, annars hlutfallsleg |

**Söluandvirði útboðsins, miðað við að allir hlutir í útboðinu verði seldir á lágmarksverði hverrar tilboðsbókar, er á bilinu 1.024.650.000 - 1.229.580.000 krónur eftir því hvort heimild til að fjölga seldum hlutum verður nýtt eða ekki.**

Niðurstaða útboðsins verður birt á vefsíðu Heimavalla fyrir klukkan 16:00 þann 9. maí 2018. Gjalddagi og eindagi áskrifta er 18. maí 2018.

Félagið mun falla frá útboðinu ef Kauphöll Íslands samþykkir ekki fyrir 23. maí 2018 fyrirhugaða umsókn stjórnar Heimavallar um að taka alla hluti útgefna í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallar Íslands. Komi til þess verða áskriftir felldar niður og gerðar ógildar og tafarlaust haft sambandi við fjárfesta sem greitt hafa greiðsluseðla og þeim endurgreitt.

Minnt er á að fjárfesting í hlutabréfum felur í sér áhættu og að áskrift í útboðinu er skuldbindandi.

Áður en tekin er ákvörðun fjárfestingu í hlutabréfum í Heimavöllum eru fjárfestar hvattir til að kynna sér allar upplýsingar um Heimavelli og skilmála útboðsins sem finna má í lýsingu Heimavalla sem dagsett er 23. apríl 2018 og birt er á vefsíðu Heimavalla hf., **www.heimavellir.is**

**Landsbankinn hf. hefur umsjón með útboðinu. Upplýsingar og tæknileg aðstoð:**

| Vegna tilboðsbóka A og B | Vegna tilboðsbókar C |
|---|---|
| Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans | Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans |
| Sími: 410-4040 | Sími: 410-4000 |
| fjarmalaradgjof@landsbankinn.is | utbod@landsbankinn.is |

HEIMA VELLIR
ÖRUGGLEIGA





Kveikjan að bókinni voru málaferli sem Auður stóð í. Henni var stefnt fyrir orð sín í aðsendri grein. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

landi. Hér er allt á einhverjum örskala.

Á Norðurlöndum eru ýmiss konar styrkir eða ívilnanir til fjölmiðla. Nú eru auðvitað skiptar skoðanir um það hvernig slíkar ívilnanir geta verið eða eiga að vera. Sumir eru mjög óánægðir með það fyrirkomulag að hafa skattaafslátt sem hangir á áskriftargjöldum. Það myndi til dæmis ekki henta Fréttablaðinu en myndi henta Morgunblaðinu mjög vel. Það myndi þýða, ef svoleiðis yrði innleitt, að þá þyrfti miðill á borð við Kjarnann að gerast áskriftarmiðill.

Þá eru líka til skattaafslættir sem tengjast tekjum af auglýsingum. Síðan eru í sumum löndum einhvers konar launasjóðir blaðamanna. Sem eru reknir með svipuðum hætti og launasjóðir rithöfunda. Þar sem blaðamenn eða fjölmiðlar geta sótt um styrki til að vinna tiltekin verkefni. Hér á Íslandi er ekkert. Það er alveg sama hvert litið er.

Það tíðkast einnig víða að styrkja landsbyggðarmiðla. Í Noregi er til dæmis myndarlegur stuðningur við næststærsta miðilinn á hverju svæði. Til þess að jafna samkeppnisaðstöðu. Þá er litið svo á að það þurfi tvo miðla til að koma í veg fyrir einokun og einsleitni og að það sé raunhæft að markaðurinn beri tvo en ekki fleiri miðla.

### Eignarhaldi fylgir ábyrgð

**Auður:** Eignarhaldi fjölmiðla fylgir líka mikil ábyrgð. Eigendur fjölmiðla leyfa sér ákveðna hluti sem eru ekki alveg vatnsheldir og það er vanvirðing við störf fjölmiðlafólks.

**Bára:** Margir viðmælenda greina frá slíkri vanvirðingu.

**Steinunn:** Já, það kemur aftur og aftur fram í bókinni. Íslenska þjóð skortir einnig virðingu fyrir fjölmiðlum.

**Auður:** Það þarf að sýna aðhald. En við verðum líka að sýna fjölmiðlum virðingu, einmitt til að eigendurnir sýni þessa virðingu líka.

**Steinunn:** Þannig að þeir umgangist fjölmiðilinn sinn af virðingu. Þessi viðvarandi vanvirðing kemur til dæmis fram í yfirlýsingum ýmissa stjórnmálamanna. Þar sem er vaðið uppi og hlutum haldið fram sem standast ekki skoðun.

**Bára:** Slíkt lýsir vanþekkingu á starfi og tilgangi ritstjórna.

**Steinunn:** Og vanvirðingu á gildum blaðamennsku.

**Auður:** Stjórnmálamenn þurfa að láta sér annt um fjölmiðla, þeir leyfa sér oft að tala þá niður sér í hag. Almenningur getur líka tekið stöðu með fjölmiðlum og hafnað þessu. Ekki hlustað á þetta. Hafnað því að það sé talað svona um fjölmiðla hans.

**Bára:** Ábyrgðin er mikil. Auðvitað skipta orð ráðamanna um fjölmiðla máli. Auðvitað má gagnrýna fjölmiðla en það verður að gera það málefnalega.

## Brot úr bókinni

EFTIRMÁLI

**Að öllu þessu sögðu**

Þessi bók er mósaíkmynd, margradda kór. Auk okkar höfundanna þriggja eru viðmælendur og höfundar greina um fimmtíu talsins; hópur fólks sem nálgast fjölmiðla á margbreytilegan hátt, utan frá og innan frá. Því er ekki hægt að segja að bókin tali einum rómi. Hins vegar eru nokkur atriði sem segja má að séu leiðarstef í gegnum bókina alla, atriði sem koma fyrir aftur og aftur í viðtölum og greinum, þótt horft sé á þau frá ólíkum sjónarhornum.

Flest þessi leiðarstef eiga rætur í rekstrarskilyrðum fjölmiðla sem eru afleit, ekki bara hjá einkareknum miðlum heldur einnig ríkisfjölmiðlinum. Afleiðingar þess hversu litlu fé fjölmiðlar hafa úr að spila birtast í afar bágum starfsaðstæðum fjölmiðlafólks; launin eru lág og álagið mikið og tíma skortir til að fara djúpt í mál. Þetta leiðir aftur til örrar starfsmannaveltu í greininni sem gerir að verkum að reynslan drenast út af ritstjórnunum og þar myndast lítil sérhæfing.

Skortur á virðingu fyrir störfum fjölmiðlafólks og siðareglum þess er líka atriði sem margir nefna. Birtingarmynd þessa getur verið óeðlileg afskipti eigenda fjölmiðla af störfum ritstjórnar en skortur á virðingu birtist líka í málssóknum og hótunum um málssóknir sem geta verið fjölmiðlunum þungur baggi því meðan auðmaður seilist bara í veskið og leikur sér að því að snara út fyrir málskostnaði getur slíkur kostnaður hreinlega sligað lítinn og fjárvana miðil. Þá bera yfirlýsingar og hótanir stjórnmálamanna í garð fjölmiðla, til dæmis ríkisfjölmiðilsins, einnig þessu virðingarleysi vitni og grafa í versta falli undan trausti almennings á miðlunum.

Loks ber að nefna leyndarhyggju íslenskra stjórnvalda en hún birtist í ótrúlegri tregðu þeirra við að láta af hendi úr stjórnsýslunni upplýsingar sem augljóslega varða almannahag, raunar svo mikilli tregðu að umboðsmaður alþingis hefur séð ástæðu til þess að fara í frumkvæðisathugun á upplýsingagjöf stjórnvalda og lýst því yfir að þau séu allt of treg til þess að veita upplýsingar. Og vilji stjórnvalda stendur til þess að skýra lagaramma sem lúta að tjáningarfrelsi.

Við tölum við blaðamenn og ritstjóra á Stundinni, þeirra saga er mjög áhugaverð. Þau lýsa því hvernig það er að lenda í þessum málsóknum og hvaða áhrif það hefur. Svo er talað við Jóhannes Kr. Kristjánsson sem er með lítið fjölmiðlafyrirtæki sem varð fyrir árásum. Hann lyfti þó grettistaki með fréttaflutningi sínum.

### Á annan tug málsókna

**Auður:** Ég held að Jón Trausti Reynisson, annar ritstjóri Stundarinnar, hafi orðið fyrir á annan tug málsókna á sínum ferli. Hann hefur unnið öll þessi mál nema eitt og hann heldur að hann hefði getað unnið þetta eina mál ef hann hefði farið með það fyrir mannréttindadómstól Evrópu. En að lifa með þessu, vinna við það. Það er fáránlegt.

**Steinunn:** Í raun og veru má leiða líkur að því að, alla vega í einhverjum tilvikum, þá sé í þessum málsóknum fólgin ógn um fjárhagsleg skakkaföll fyrir fjölmiðilinn. Þetta eru peningamenn.

**Auður:** Þetta eru oft karlmenn yfir miðjum aldri.

**Bára:** Og þeir eru efnaðir, sem fara í mál.

**Steinunn:** Kannski vita þeir frá upphafi að þeir munu tapa málinu. En þeim er alveg sama. Vegna þess að þeir vita að ógnin er sú að lítli miðillinn stendur og fellur eftir því hvort málið vinnst eða tapast.

**Auður:** Saga Þórðar Snæs Júlíussonar, ritstjóra Kjarnans, er merkileg. Afskipti af hans störfum komu úr öllum áttum á nokkrum miðlum og hann endar á því að stofna eigin fjölmiðil. Það er áhugavert hvað það útheimtir. Saga hans er mjög lýsandi fyrir heim íslenskra fjölmiðla.

*Þær segja viðmælendur greina frá miklu vinnuálagi. Þá sé blaðamannsstarfið ófjölskylduvænt starf. Ástríðan fyrir starfinu fleyti þeim áfram.*

**Steinunn:** Ég þekki meira og minna öll börn blaðamanna sem ég hef unnið með því þessir ræflar hafa meira og minna verið lafandi inni á ritstjórnum eftir að skóla og leikskóla lýkur og þangað til mamma eða pabbi eru búin að vinna fréttina sína einhvern tíma og einhvern tíma.

**Auður:** Fólk er að vinna eitt að stórum úttektum, flóknum málum upp á sitt eindæmi. Í málum sem í nágrannalöndunum stór teymi vinna saman. Það er mikið álag sem fylgir því.

**Bára:** Fólk endist í þessu af ástríðu. Maður getur svo sannarlega dregið þá ályktun.

**Steinunn:** Svo eru margir sem átta sig á því að þeir hafa ekki efni á því að elta ástríðuna lengur. Eða að þeir velja frekar að eyða meiri tíma með fjölskyldu sinni. En sumir þeirra koma svo til baka af því að þeir átta sig á því að hjartað slær í fjölmiðlum.

# Fólk Helgin

LAUGARDAGUR 5. MAÍ 2018





# Blephadex gegn augnháramítlum

Milljónir manna þjást af kláða, óþægindum og brunatilfinningu í augum sem oft má rekja til vanstarfsemi í fitukirtlum. ➔2



Ragna Sigríður Bjarnadóttir fatahönnuður hóf nýlega störf hjá hinu vinsæla tískumerki Part Two í Kaupmannahöfn og líkar vel. ➔12


Ánægðari augu allan daginn

Nýtt! Gel fyrir nóttina og eftir þörfum á daginn



Náttúruleg vörn gegn augnþurrki

Thealoz eru einstakir augndropar sem viðhalda raka og verja augun fyrir þurrki á náttúrulegan hátt.

- Trehalósi kemur á jafnvægi og verndar frumur hornhimnu
- Hýaluronsýra smyr og gefur langvarandi raka
- Karbómer fær gelið til að halda virkni enn lengur
- Sérstaklega milt fyrir augun
- Mælt með fyrir augnlinsur
- Án rotvarnarefna

provision
www.provision.is



Demodex-mítlar eða augnháramítlar geta valdið slíkri vanstarfsemi en þeir eru oft vangreind ástæða hvarmabólgu og þar með augnþurrks.

Augnháramítlar (Demodex) eru örsmáar áttfættlur sem finnast í augnhárasekkjum eða alldjúpt í fitukirtlum. Mítlarnir eru hálfgegnsæir og pinnalaga og ósýnilegir berum augum en má greina með að minnsta kosti 25x stækkun í raufarlampa. Þeir eru almennt taldir vera saklausar samlífslífverur húðarinnar en við mikinn fjölda þeirra geta þeir orsakað hvarmabólgu og ýmsa húðsjúkdóma.

### Algeng einkenni um augnháramítil:

- Kláði og augnþurrkur
- Sviði og vanlíðan á augnsvæði
- Roði í augum
- Roði á augnlokum
- Hrúður á hvörmum
- Aðskotahlutartilfinning
- Næmni fyrir ljósi

Blephadex™ blautklútar eru sérhannaðir til að hreinsa augnsvæðið og vinna gegn augnháramítlum. Blephadex™ er með einkaleyfi fyrir sérstakri formúlu af Tea Tree og Virgin kókosolíu sem hafa þann eiginleika að hreinsa augnhár, augnlok og andlit



Hér má sjá augnhár með sýkingu.

án skaðlegra efna eða brennandi tilfinningu. Klútana má nota daglega til að róa, sótthreinsa og gefa augnsvæðinu raka. Þeir eru náttúruleg vara og lausir við rotvarnarefni.

Með því að nota Blephadex™ blautklúta sem part af daglegu hreinlæti augna má vinna á einkennum sem tengjast augnþurrki og hvarmabólgu (blepharitis), vanstarfsemi í fitukirtlum augna (MGD) og augnháramítlum (Demodex) og rósaroða (rosacea).

Notkun Blephadex™ einu sinni á dag þýðir að þú færð sömu meðferð heima og er notuð á læknastofum um allan heim. Ítarlegar rannsóknir staðfesta gæði og árangur formúlunnar sem þýðir að þú færð það sem stendur á pakkanum, þar



Augnháramítil er ekki hægt að sjá með berum augum. Þetta eru agnarsmáar verur sem geta orsakað óþægindi í augum. Hér stækkaður 1.500 sinnum.






á meðal aðeins hreinustu olíur úr Tea Tree og kókos unnar í þessa einstöku formúlu.

### Inniheldur

- Tea Tree og kókosolíu
- Örvar starfsemi í fitukirtlum
- Róar og eykur raka á augnsvæði
- Náttúrulegt án rotvarnarefna
- Læknar mæla með vörunni

Tea Tree olía er bakteríudrepandi og eyðir örverum og sveppum. Hún er einnig eina náttúrlega efnið sem drepur augnháramítilinn (demodex).

Kókosólía er bólgueyðandi, bakteríudrepandi og eyðir örverum og sveppum auk þess að vera einstaklega rakagefandi og veita róandi tilfinningu.

**Blephadex blautklútar eru náttúruleg vara sem inniheldur Tea tree og kókosolíur.**

# Þægileg lausn við óþægindum í augum

Augnhvílan er sérhannaður margnota hitapoki sem lagður er yfir augnsvæðið til að virkja vanstarfsemi í fitukirtlum og sporna við hvarmabólgu, þurrum augum, vogrís, augnhvarmablöðrum og rósroða í hvörmum eða augnlokum.

Með því að leggja heita augnhvíluna yfir lokuð augu má létta á margs konar óþægindum. Hitinn helst nægilega lengi til að örva starfsemi í fitukirtlum þannig að þeir framleiði nægar olíur til að smyrja tárafilmuna og veita langvarandi létti.

Þá er einnig mjög gott að nudda augnhvarmana eftir að augnhvílan er tekin af. Augnhvílan er einföld, skilvirk og þægileg lausn fyrir fólk í meðferð gegn ýmsum óþægindum í augum.

### Til meðferðar á eftirfarandi:

- Vanstarfsemi í fitukirtlum
- Hvarmabólgu
- Augnþurrki
- Stírum
- Bólgum í augnlokum
- Þurrki vegna notkunar snertilinsa
- Þurrki vegna augnaðgerða
- Vogrís
- Rósroða




Blephadex blautklútar verja augun og vinna gegn óþægindum sem tengjast augnþurrki og hvarmabólgu.

### Léttir einkenni vegna:

- Þreytu í augum
- Roða í augum
- Óskýrrar sjónar
- Brunatilfinningar
- Aðskotahlutartilfinningar
- Augnþurrks
- Ertingar í augum



Augnhvílan getur komið að góðum notum ef óþægindi í augum gera vart við sig.

Augnhvílan (MGDRx EyeBag®) er CE-merkt lækningatæki, þróuð og framleidd í Bretlandi í samvinnu við augnlækna. Hún er úr náttúrulegum efnum; 100% silki, 100% bómull og með fyllingu úr hörfræjum og má hita í um 200 skipti. Hún er sérhönnuð til að hita í örbylgjuofni í um það bil 30 sekúndur og er lögð yfir lokuð augun. Mælt er með því að nota augnhvíluna tvisvar á dag í um það bil 10 mínútur fyrir sem bestan árangur.

Fæst í öllum helstu apótekum og Eyesland gleraugnaverslunum.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Mælir heils hugar með Bio-Kult

Bio-Kult Pro-Cyan er háþróuð þrívirk formúla sem tryggir heilbrigða þvagrás. Guðlaug Jóna Matthíasdóttir hefur endurtekið haft þvagfæraóþægindi en er nú betri eftir að hún fór að taka Bio-Kult Pro-Cyan.



Guðlaug Jóna tekur Bio-Kult Pro-Cyan þegar hún finnur fyrir einkennum þvagfæraóþæginda. MYND/GVA

Margar konur þjást af þvagfæraóþægindum og er algengt að það sé af völdum E. coli-bakteríunnar. Ein af hverjum þremur konum hefur þjáðst af þvagfæraóþægindum fyrir 24 ára aldur og að minnsta kosti helmingur allra kvenna fær þvagfæraóþægindi einu sinni á ævinni. Fjórðungur þeirra fær endurteknar sýkingar. „Ég hef verið með krónísk óþægindi í blöðrunni í rúmlega tvö ár og hefur það valdið mér mikilli vanlíðan og óþægindum. Ég gat til dæmis aldrei farið í heitan pott eða verið úti í miklu frosti því það olli mér strax mikilli vanlíðan. Þar sem ég stunda hestamennsku og þarf oft að vera á ferðinni í vinnu þá var þetta mjög óþægilegt og hamlandi fyrir mig,“ segir Guðlaug Jóna Matthíasdóttir. Henni var ráðlagt að fara á meðhöndlandi kúr í tólf mánuði en hún var ekki alveg tilbúin til þess. „Því ákvað ég að prófa Bio-Kult Pro-Cyan þegar ég sá umfjöllun um það í blöðunum og fann fljótlega að það virkaði mjög vel gegn þessum króníska vanda mínum. Í fyrstu tók ég bara eitt hylki á dag eða þegar ég fann að ég fékk einkennin, en núna tek ég tvö hylki um leið og ég finn fyrir óþægindum og stundum nokkrum sinnum yfir daginn þegar ég er verst. Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri,“ segir Guðlaug ánægð.

**» Ég finn að Bio-Kult Pro-Cyan gerir mér gott, ég er í betra jafnvægi, meltingin er betri og ég er öll mun betri.**




### Tryggir heilbrigða þvagrás

Orsakir óþæginda í þvagrás geta verið nokkrar, meðal annars utanaðkomandi áhrif á þarmaflóruna, breyttur lífsstíll, aukið stress, ýmsir sjúkdómar og aukin lyfjanotkun. Einkennin eru meðal annars tíð þvaglát, aukin þörf fyrir þvaglát án þess að kasta af sér þvagi, verkir við þvaglát og óeðlileg lykt og litur á þvaginu. Trönuber hafa löngum verið þekkt fyrir að virka vel sem fyrirbyggjandi meðhöndlun gegn þvagfærasýkingum. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu við slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu. Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu, sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest, og á hún að tryggja heilbrigða þvagrás. Hylkin innihalda trönuberja-extrakt, vinveitta gerla og A-vítamín. Hlutverk gerlanna og A-vítamíns í Bio-Kult Pro-Cyan er að hjálpa líkamanum að viðhalda eðlilegu bakteríumagni í þörmum, einnig að viðhalda eðlilegri starfsemi í þvagrásarkerfinu. Bio-Kult Pro-Cyan er sérstaklega hannað fyrir barnshafandi konur en alltaf er mælt með því að ráðfæra sig við fagfólk áður en inntaka hefst. Börn mega líka nota Bio-Kult Pro-Cyan en þá er mælt með hálfum skammti af ráðlagðri skammtastærð fyrir fullorðna.

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.


## Betri svefn

**Melissa Dream** er vísindalega samsett náttúrulyf, hannað til að stuðla að djúpri slökun og værum svefni.

Þessi blanda inniheldur ekki efni sem hafa sljóvgandi áhrif.




Valið besta bætiefni við streitu hjá National Nutrition í Kanada



**„Þvílíkur munur!**

Ég bæði sef fastar og sofna fyrr. Ég ligg ekki andvaka á koddanum og vakna endurnærð og úthvíld. Ég sef alla nóttina og er ekki sífellt að vakna upp eins og áður. Ég mæli hiklaust með Melissa Dream fyrir alla“

*Elsa M. Víðis*

Útsölustaðir: Öll apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.


# Stuðlar að líflegra og fallegra hári

Frábærar töflur sem hægt er að mæla hiklaust með. Aðeins ein tafla af Hair Volume á dag og hárið verður líflegra.

Selma Björk Grétarsdóttir var farin að taka eftir að hár hennar hafði þynnst og var orðið mjög þurrt og slitið. „Ég ákvað að prófa Hair Volume sem ég hafði séð auglýst og fljótlega sá ég að hárið varð miklu líflegra. Mér finnst einnig vera kominn gljái á hárið og finn að það hefur þykknað þótt ég sé einungis búin að taka Hair Volume í tvo mánuði. Ég hef litað hárið reglulega og þarf því að gæta þess að það þorni ekki of mikið. Ég get hiklaust mælt með Hair Volume fyrir þær sem eru í sömu stöðu og ég,“ segir Selma.

### Ný uppfinning

Hair Volume er nýjung á markaðnum. Hair Volume er eina varan sem inniheldur náttúrulega vaxtarvakann procyanidin-B2 sem unninn er úr eplum. Töflurnar næra rætur hársins með bíótíni sem hvetur hárvöxt og umfang hársins og kopar sem viðheldur eðlilegum lit, hjálpar til við að koma í veg fyrir grá hár. Töflurnar innihalda líka þykkni úr hirsi, kísli og B-vítamínum.




**Eflir hárvöxt, styrkir og þykkir hárið. Innihald: Elfting (horsetail extract), epla-extrakt, hirsi (millet ex tract), amínósýrur L-cysteine og L-methinonine, bíótín, pantótenatsýra, sink og kopar.**

# Viltu léttast og losna við sykurlöngun?

Raspberry Ketones og Trim-It frá Natures Aid eru bæði afar vinsæl þyngdarstjórnunarefni. Þau geta dregið verulega úr sykurlöngun, aukið orku, örvað meltingu og hjálpa til við hreinsun líkamans.



Þegar hormón starfa rétt, við borðum hollan mat og hreyfum okkur reglulega, þá söfnum við ekki umframfitu.



> Strax á fyrstu vikunni hvarf sykurlöngunin og blóðsykurinn varð jafnari. Þetta auðveldaði mér að borða bæði minna og hollari mat.
>
> Sigrún Emma Björnsdóttir

Rasberry Ketones og Trim-it eru vel þekkt þyngdarstjórnunarefni sem hafa verið á markaði um þó nokkurt skeið. Fjöldi fólks hefur nýtt sér þessi efni í baráttunni við sykurpúkann og nú er hægt að kaupa þau saman í pakka þar sem annað efnið er á hálfvirði.

## Jafnari blóðsykur og aukin fitubrennsla

Raspberry Ketones er unnið úr kjarna hindberja og að auki er grænt te í blöndunni. Rasperry Ketones getur haft áhrif á hormónið adiponectin sem heilbrigt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum. Þetta hormón getur aukið insúlínnæmi sem þýðir að blóðsykurinn er jafnari og svo brennum við fitu betur. Þegar þessi hormón starfa rétt, við borðum hollan mat og hreyfum okkur reglulega þá söfnum við ekki umfram fitu.

Grænt te er fullt af andoxunarefnum og lífrænum efnasamböndum sem geta haft mikil áhrif á starfsemi líkamans. Þar á meðal er bætt heilastarfsemi og aukin fitubrennsla en bara það eitt og sér getur dregið úr líkum á fjölmörgum sjúkdómum. Vísbendingar eru einnig um að grænt te geti lækkað blóðfitu á borð við kólesteról og þríglýserið.

## Tvennutilboð!

Nú er til sölu tvennupakkning með Raspberry Ketones og Trim-It þar sem hið síðarnefnda er á 50% afslætti. Þessi efni vinna mjög vel saman og því upplagt að nýta sér þetta tilboð.




## Örvar meltingu og hreinsar

Trim It er blanda af bætiefnum sem notuð hefur verið í áratugi en hún hjálpar til við hreinsun líkamans og örvar meltinguna. Trim-It inniheldur m.a. eplaedik sem hjálpar til við hreinsun eiturefna úr líkamanum og eðlileg efnaskipti, lesitín sem auðveldar meltingu á fitu og kelp (brúnþörunga) sem er sérlega steinefnaríkt. Önnur efni eru B6 sem hjálpa meltingunni og hveitikím sem er gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið.

Kelp, B6-vítamín og lesitín vinna einnig eins og náttúruleg þvagræsilyf sem hefur marga kosti því þannig getur maður losnað við umframvökva án þess að það skolist út mikilvæg steinefni/sölt úr líkamanum.

## Sykurlöngunin hvarf

Sigrún Emma Björnsdóttir CrossFitkona og einkaþjálfari hefur notað Raspberry Ketones frá Natures Aid lengi. „Ég fann mun strax á fyrstu vikunni því sykurlöngunin nánast hvarf. Í kjölfarið minnkaði sykurátið og blóðsykurinn varð jafnari sem auðveldaði mér að borða bæði minna og hollari mat.“

## Kílóin fjúka

„Ég er orkumeiri og einnig finnst mér ég ekki þurfa að borða eins mikið og áður og ég sleppi sælgæti algjörlega. Eftir að Trim-It kom á markað hef ég tekið það líka og finnst það gera mér gott,“ segir Karen Hauksdóttir sem starfar við garðyrkju á höfuðborgarsvæðinu en hún hefur lengi notað Raspberry Ketones með góðum árangri. Nítján kíló hafa fokið eftir að hún fór að nota efnin.

Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir, Iceland og Fræið Fjarðarkaupum.



Krill Oil
- öflugustu Omega 3 fitusýrurnar

Krill olía er omega 3 í sinni hreinustu og öflugustu mynd, sótt í Suðurskautshafið sem er hreinasta hafsvæði veraldar. Líkaminn á mjög auðvelt með að nýta sér fitukeðjurnar í krillinu og ekkert eftirbragð er eftir inntöku.



„Eftir að ég fór að taka Krill olíuna finn ég mjög mikinn mun á mér og þá sérstaklega húðinni“

Kristófer Fannar Stefánsson




natures aid

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

# Sólarvarnir minnka líkur á húðkrabbameini

**Aðgát skal höfð í nærveru sólar á vel við þegar að tíðni sortuæxlis í heiminum eykst um 3-7% á hverju ári. Án vafa eru nokkrar ólíkar orsakir fyrir þessari aukningu en líklega má kenna óvarlegri sólarnotkun þar um.**

Það hefur lengi verið í tísku að vera sólbrúnn. Notkun ljósabekkja var mjög algeng hér á landi um síðustu aldamót en þá fór að bera á aukinni tíðni sortuæxlis, sérstaklega hjá ungum konum. Sem betur fer hefur sú tíðni lækkað aftur undanfarin tíu ár samfara minnkandi ljósabekkjanotkun. „Vísindalegar rannsóknir sýna ótvírætt að það þarf að fara varlega í sólinni og að notkun sólarvarna minnkar líkur á húðkrabbameini. Það hafa aftur á móti ýmsar getgátur skotið upp kollinum varðandi sólarvarnir síðastliðin ár. Það getur því verið mjög ruglandi og erfitt að átta sig á því hvað er rétt og hvað er rangt," segir Jenna Huld Eysteinsdóttir húðlæknir. Hún fær margar spurningar um sólarvarnir frá sjúklingum sínum sem hún svarar hér.

*Ef ég smyr á mig sólarvörn get ég þá verið í sólinni allan daginn?*

„Það er rangt. Sólarvarnir eru góðar en þær eru alls ekki fullkomnar. Það á að nota þær sem viðbót við sólhlífar, klæðnað, sólhatt eða derhúfu. Margir trúa því að það sé óhætt að liggja í sólinni ef þeir bera á sig reglulega sólarvörn. Það er alls ekki rétt og mikilvægt að gæta hófs í sólinni eins og í svo mörgu öðru. Reynið að forðast sólina yfir miðjan daginn þegar hún er sem sterkust og verið í skugga. Mikilvægt er að smyrja sólarvörn á svæði sem þú getur ekki dulið með klæðnaði, eins og andlit og handarbök."

*Því hærri SPF þáttur, því betri sólarvörn?*

„Rétt að vissu leyti. Það er ekki svo mikill munur á SPF 30 og 50 sólarvörn ef hún er borin á í þykku lagi. Þá verndar sólarvörn með SPF 30 um 96-97% gegn geislum sólarinnar á meðan sólarvörn með SPF 50 verndar um 98%. Rannsóknir hafa aftur á móti sýnt að það er bara um fjórðungur sem notar þykkt lag eins og á að gera og að flestir smyrja alltof þunnt á sig. Þá er stór munur á því að bera á sig sólarvörn með SPF 30 eða SPF 50, þar sem 50 verndar mun betur. Ég mæli alltaf með notkun á sólarvörn með SPF 50 eða hærri, aldrei lægri en SPF 30."

*Það er nóg að nota meik eða farða í andlitið sem sólarvörn.*

„Rangt. Þó að farði innihaldi yfirleitt einhverja sólarvörn þá er hún yfirleitt ekki nægjanleg. Mjög algengt er að farðinn sé ekki notaður í því magni sem þarf til að vernda gegn sólinni eða þá ekki dreift nógu jafnt yfir andlitið. Ég mæli því með að nota sólarvörn undir farða ef þú ætlar að vera í mikilli sól. Farði með sólarvörn getur verið nægjanlegur á vorin en ekki þegar sólin er sem sterkust yfir sumarmánuðina."

*Sólarvörn er krabbameinsvaldandi.*

„Þetta hefur verið hvimleið mýta undanfarin ár og skapað hræðslu og vantrú hjá fólki. Það eru engar vísindalegar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að innihaldsefnin í sólarvörnum séu krabbameinsvaldandi. Vísindalegar rannsóknir hafa aftur á móti sýnt fram á ótvíræð tengsl á milli sólarnotkunar og húðkrabbameina, þ.e.a.s. því meiri sólarnotkun því meiri áhætta á húðkrabbameini á lífsleiðinni."

*Sérstök sólarvörn fyrir andlitið er óþörf.*

„Það er satt. Það er enginn munur á vörninni gegn sólinni á vanalegri sólarvörn ætlaðri fyrir allan líkamann og sólarvörn sem er ætluð fyrir andlitið eingöngu. Vandamálið er að stundum eru þessar vanalegu sólarvarnir of feitar fyrir andlitið, sérstaklega fyrir þá sem eru með rósroða eða tilhneigingu til að fá bólur. Þá mæli ég sérstaklega með sólarvörnum án olíu fyrir andlitið með SPF 50."

*Gefur sólarvarnarkrem betri vörn en sprey?*

„Það er að vissu leyti satt. Vörnin er í rauninni sú sama ef þær eru með sama SPF-þátt en það er hægt að „svindla" meira með spreyið. Það er hætta á að það dreifist ójafnara yfir líkamann og því öruggara að nota kremin. Það er samt allt í lagi að nota spreyin ef þau henta betur, til dæmis fyrir þá sem hafa mikil líkamshár."

*Á að nota sólarvörn á lófana og iljar líka?*

„Já, en margir sleppa því að smyrja sólarvörn á hendur og fætur. Því miður getur húðkrabbamein alveg komið upp þar líka. Húðkrabbamein er algengast í andlitinu eða á handarbökum, þar sem þetta eru þau svæði sem eru oftast berskjölduð fyrir sólinni. Ef þú ert berfættur í sólbaði þá áttu að sjálfsögðu að bera sólarvörn á fæturna."

*Ef sólarvörnin sem ég nota þolir vatn þarf ég þá ekki að bera á mig sólarvörn þegar ég kem upp úr sjónum eða sundlauginni?*

„Það er ekki rétt. Varnir sem eru hannaðar sérstaklega til að þola vatn eru betri en varnir sem eru það ekki. En það á alltaf að smyrja sig aftur eftir að hafa verið í vatni og einnig ef maður hefur svitnað mikið."

*Sólarvarnir ætlaðar börnum eru mildari fyrir húðina.*

„Það er satt. Það er munur á sólarvörnum sem eru sérstaklega hannaðar fyrir börn og venjulegum sólarvörnum. Þær eru oftast þykkari og stamari og eru lengur að fara inn í húðina. Það er út af öðruvísi samsetningu í kreminu þar sem innihaldsefnin fara ekki eins fljótt inn í húðina og í venjulegum sólarvörnum. Það á að nota sólarvarnir ætlaðar börnum alveg upp í táningsaldurinn."

*Húðin getur ekki framleitt D-vítamín ef þú notar sólarvörn.*

„Það er satt en mikilvægt er að hafa í huga að þú þarft alls ekki langan tíma í sólinni til að fá nægjanlegt D-vítamín yfir daginn. Rannsóknir hafa sýnt að 15 mínútur á dag án sólarvarnar eru nægjanlegar fyrir D-vítamínframleiðslu. Nú í dag vitum við að sólin er ekki bara krabbameinsvaldandi heldur einnig ein af meginorsökum ótímabærrar öldrunar húðarinnar. Það er því mikilvægt að gæta hófs í nærveru sólarinnar til að viðhalda heilbrigði húðarinnar."



**Vönduð og góð sólarvörn frá Actinica sem læknar mæla með að nota.**


**Jenna Huld Eysteinsdóttir húðlæknir.**





## Actinica® sólarvörn

- Ný kynslóð sólarvarnar með UVA og UVB vörn
- Rakagefandi og með SPF 50+
- Er án litarefna og PEG
- Klínískar rannsóknir hafa staðfest vörn gegn óæskilegum áhrifum sólarinnar[1]
- Hentar fólki í sérstökum áhættuhópum eins og fólki með veiklað ónæmiskerfi, þeim sem hafa fengið húðkrabbamein (annað en sortuæxli) og þeim sem verða fyrir langtíma útsetningu UV geisla
- Skammtari aðstoðar þig við að nota hæfilegt magn

Actinica® fæst í öllum apótekum.
Vinsamlegast lesið leiðbeiningar í fylgiseðli fyrir notkun.

Dreifingaraðili: Icepharma | Lynghás 13 | 110 Reykjavík | S: 540 8000
Heimild 1: Ulrich C ofl. Prevention of NMSC in OTR, BJD (S3)2009

GAL180401 April2018

# Ofurhetjur í aðalhlutverki og framhaldsmyndir áberandi

**Fréttir úr kvikmyndaheiminum benda til þess að kvikmyndasumarið verði afar fjölbreytt í ár og von er á mörgum spennandi myndum á hvíta tjaldið. Framhaldsmyndir eru einna mest áberandi.**

**Sigríður Inga Sigurðardóttir**
sigriduringa@frettabladid.is



Svo virðist sem Íslendingar viti fátt skemmtilegra en að skella sér í bíó. Þjóðin á svo gott sem heimsmet í bíóferðum en árlega seljast um 1,5 milljónir bíómiða sem þýðir að hver landsmaður fer að jafnaði í bíó fimm sinnum á ári. Á næstu vikum og mánuðum verða margar áhugaverðar kvikmyndir frumsýndar en sumar þeirra eru framhaldsmyndir vinsælla mynda sem flestir kannast við.

## Ofurhetjumyndir vinsælar

Ein stærsta mynd sumarsins er reyndar þegar komin í bíó en það er auðvitað ofurhetjumyndin frá Marvel, Avengers: Infinity War, en hún hefur hlotið góðar viðtökur bæði áhorfenda og gagnrýnenda. Myndin er sú mest sótta í kvikmyndahúsum landsins þessa dagana og raunar um heim allan. Það virðast einfaldlega allir hafa gaman af því að sjá ofurhetju- og ævintýramyndir þessa dagana. Í öðru sæti yfir vinsælustu myndir landsins er íslenska fjölskyldumyndin Víti í Vestmannaeyjum sem fjallar um stráka sem halda til Eyja að keppa í fótbolta og koma heim reynslunni ríkari. Hún verður eitthvað áfram á hvíta tjaldinu og um að gera að nota tækifærið og skella sér með fjölskylduna í bíó. Í gær var svo íslenska spennumyndin Vargur, í leikstjórn Barkar Sigþórssonar, frumsýnd og má búast við að hún eigi eftir að vekja mikla athygli.



Alden Ehrenreich er nýr Han Solo.

## Rómantísk kvikmyndavika

Í næstu viku verður rómantíkin alls ráðandi í bíóhúsunum en þann 9. maí verða tvær myndir með það þema frumsýndar. Önnur er með rómantísku dramaívafi og heitir Bókmennta- og kartöfluvinafélagið og á að gerast um miðja síðustu öld. Hin myndin heitir Overboard og þar er rómantík og gaman í fyrirrúmi líkt og í myndinni I Feel Pretty sem verður frumsýnd tveimur dögum síðar, eða þann 11. maí. Þar er gamanleikkonan góðkunna Amy Schumer í einu aðalhlutverkinu en fyrirsæturnar Lauren Hutton og Naomi Campbell koma einnig við sögu.

## Deadpool 2 og Stjörnustríð mæta til leiks

Þann 16. maí verður spennu- og ævintýramyndin Deadpool 2 frumsýnd en fastlega er búist við að hún verði ein af stærstu myndum sumarsins. Þar er Ryan Reynolds sem fyrr í aðalhlutverki en fyrri myndin var óvæntasti kvikmyndasmellurinn árið 2016 um heim allan og var það árið sú fjórða vinsælasta hér á landi. Það var því ekki eftir neinu að bíða með að skella í aðra mynd og nú er sagt framhaldsmyndin á leiðinni í kvikmyndahús.

Þá geta aðdáendur Stjörnustríðsmyndanna látið sig hlakka til því þann 23. maí verður Solo: A Star Wars Story, eða Aftur til upphafsins eins og hún hefur verið þýdd, frumsýnd með Alden Ehrenreich í aðalhlutverki. Reiknað er með að hún verði ein vinsælasta mynd sumarsins og verður spennandi að sjá hvernig þessi hliðarsaga við Stjörnustríðsmyndirnar muni koma út. Myndin fjallar um ævintýri Han Solo áður en hann hitti Loga geimgengil.

Sama dag verður íslenska kvikmyndin Kona fer í stríð með Halldóru Geirharðsdóttur frumsýnd en þar leikur hún kórstjóra á fimmtugsaldri sem ákveður að bjarga heiminum, lýsir yfir stríði gegn stóriðju í landinu og gerist í framhaldinu skemmdarvargur. Benedikt Erlingsson er leikstjóri myndarinnar en fyrri myndir hans hafa vakið mikla athygli og sópað að sér verðlaunum.

Eftir langa bið birtist síðan ofurhetjufjölskyldan úr Incredibles á hvíta tjaldinu á ný en í þetta sinn er herra Ótrúlegur á hliðarlínunni á meðan Teygjumey bjargar heiminum. Myndin kemur í bíó þann 22. júní næstkomandi og eiga aðdáendur fyrri myndarinnar eflaust eftir að kætast mjög, enda margir orðnir langeygðir eftir framhaldsmynd.

Þegar líða tekur á sumarið birtist Tom Cruise enn á ný hlutverki Ethans Hunt í Mission Impossible – Fallout en sú mynd er sú sjötta í röðinni um kappann. Þá eru ótaldar framhaldsmyndirnar Mamma Mia: Here We Go Again, Ocean's Eight og Jurassic World: Fallen Kingdom en fyrri myndirnar eru flestum að góðu kunnar.



Ofurhetjumyndirnar frá Marvel höfða til mjög margra og búast má við að sú nýjasta, Avengers: Infinity War dragi fjölda fólks á öllum aldri í bíó í sumar.



Ryan Reynolds leikur í Deadpool 2.



Amy Schumer leikur í I Feel Pretty.

abel heilsuvörur

**Þorbjörg Hafsteinsdóttir**
næringarþerapisti elskar lífrænu Love drykkina, **GingerLove, DetoxLove & SleepyLove**.
*"SleepyLove er magnaður drykkur og hluti af minni kvöldrútínu, sérstaklega þegar mikið er í gangi. Sofum vel og hvílumst."* Enginn viðbættur sykur eða sætuefni.
**Fæst í apótekum og heilsuverslunum, í Melabúðinni, Hagkaup og Fræinu, Fjarðarkaupum auk valdra útsölustaða um land allt.**



BIO RAW VEGAN

GingerLove SleepyLove DetoxLove



engifer appelsínur sítróna bach blómadropar mangó epli engifer túrmerik ananas engifer


Söngfjelagið á sér marga aðdáendur.

## Listrænt meistaraverk

Söngfjelagið flytur Misa Criolla, hina þekktu Kreólamessu eftir argentínska tónskáldið Ariel Ramírez ásamt hljómsveitinni INTI fusion í dag kl. 17 á Korpúlfsstöðum. Verkið var samið á fyrri hluta sjöunda áratugarins, skömmu eftir að yfirvöld í Páfagarði gáfu leyfi til þess að kaþólskar messur væru sungnar á þjóðtungum. Kreólamessan er því ein fyrsta kaþólska messan í heiminum sem samin er í þjóðlegum stíl. Misa Criolla hefur verið lýst sem listrænu meistaraverki þar sem hljóðfæri og taktar suðuramerískra frumbyggja fléttast saman við spænskan messutexta Félix Luna.

Með Söngfjelaginu í Misa Criolla koma fram tónlistarmennirnir: Guðmundur Steingrímsson „Papa jazz“, ásláttur, Hjörleifur Valsson, fiðla, og hljómsveitin INTI Fusion: Carlos Jeldes, bassi, Edgar Albitres, söngur og flautur, Héctor Meriles, gítar, Héctor Novas, trommur, Salvador Machaca, charango og panflautur. Listrænn stjórnandi er Hilmar Örn Agnarsson.

Söngfjelagið er um sextíu manna blandaður kór sem stofnaður var haustið 2011 og er löngu orðinn kunnur í tónlistarlífi höfuðborgarinnar.


Aðalstræti 10 er eitt elsta og sögufrægasta hús Reykjavíkur.

## Eitt elsta húsið opnað

Hið sögufræga hús að Aðalstræti 10 verður í dag opnað almenningi sem safn og sýningahús á vegum Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Um er að ræða elsta og eitt merkasta hús borgarinnar, í hjarta gamla miðbæjarins, en það var reist árið 1762 fyrir starfsemi verksmiðja Innréttinganna. Saga hússins í Aðalstræti 10 er samfléttuð sögu Reykjavíkurbæjar. Nú er þetta fallega og merka hús orðið hluti af Borgarsögusafni Reykjavíkur og þar verður hægt að kynnast sögu borgarinnar og íbúa hennar. Í Aðalstræti 10 hefur fjölskrúðugur hópur karla og kvenna af hærri og lægri stéttum átt heimili sitt, notið veitinga og skemmtunar, keypt í matinn – eða bara átt leið um.

Opnaðar verða tvær sýningar, ljósmyndasýningin Reykjavík 1918 og sýningin Torfhúsabærinn Reykjavík og í húsinu verður starfrækt vönduð safnbúð Borgarsögusafns Reykjavíkur er býður upp á úrval sérhannaðra minjagripa og gjafavöru.

Formleg opnun er klukkan þrjú og allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir.

## Í fótspor Jane Austen

Rithöfundinum Jane Austen er gert hátt undir höfði í Bath á Englandi. Hún kom þangað ásamt móður sinni og systrum árið 1797 eftir að faðir hennar féll frá. Hún heillaðist af borginni og kom þangað aftur síðar og fékk innblástur af umhverfinu í skrifum sínum. Íbúar í Bath halda minningu Jane Austen á lofti með alls kyns fagnaðarfundum þar sem fólk dressar sig upp eins og gert var í tíð rithöfundarins.

Jane Austen festival fer fram í borginni dagana 14. til 23. september ár hvert. Alls kyns er í gangi í borginni sem snertir rithöfundinn á einn eða annan hátt. Fólk hópast til borgarinnar, fer á dansleiki, tónleika, skoðar handverk og annan varning í anda tímans sem bækur Jane gerast á. Þá er sömuleiðis hægt að kaupa leiðsögn um svæði sem kennd eru við Jane Austen. Leiðsögumaður er að sjálfsögðu klæddur eins og fólk var klætt í kringum 1800.

Hægt er að hala niður appi í símann sinn þar sem fólk fetar í fótspor Jane Austen í borginni og á upptökustöðum kvikmynda sem byggðar eru á bókum hennar. Hvort hinn frægi Darcy verði á vegi fólks skal ósagt látið.


Hin fræga Pulteney-brú í Bath á Englandi.





Fyrir líkama og sál ...

Túrmerik hefur í aldaraðir verið notað sem krydd í matargerð. Fjöldi landa í Asíu þekkja einnig vel heilsubætandi áhrif kryddsins, en túrmerik hefur þar verið notað sem lækningajurt í þúsundir ára.

Guli miðinn býður nú upp á nýja og endurbætta bætiefnablöndu: 100% lífrænt túrmerik með svörtum pipar, eða curcuma longa og piper nigrum. Upptaka og nýting líkamans á heilsubætandi eiginleikum túrmeriks eykst sé það tekið með svörtum pipar. Blandan inniheldur engin auka- eða fylliefni.

Túrmerik, eða curcumin, er þekkt fyrir öfluga bólgueyðandi eiginleika sína og rannsóknir á áhrifum þess hafa sýnt að það vinnur gegn bólgum í líkamanum, liðagigt, uppþembu og iðraólgu.

Vítamín og bætiefni Gula miðans eru sérstaklega valin og þróuð fyrir íslenskar aðstæður. Þess vegna hefur Guli miðinn verið hluti af daglegu lífi Íslendinga í 25 ár. Þú færð lífrænt túrmerik með svörtum pipar á öllum helstu sölustöðum Gula miðans.




Kynntu þér úrvalið á gulimidinn.is


Guðmundur að störfum við uppsetningu sýningarinnar í Harbinger. MYND/SIGTRYGGUR ARI

# Allt í klessu hjá Guðmundi

**Í Harbinger listagalleríi á Freyjugötu stendur nú yfir sýningaröðin Við endimörk alvarleikans þar sem viðfangsefnið er leikur í víðum skilningi. Í dag klukkan fimm verður opnuð sýningin Allt í klessu á verkum Guðmundar Thoroddsen.**

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@frettabladid.is



Í kynningu á sýningunni segir meðal annars: augu, eyru, hattur og nef rembast við að fæðast úr trapisum, sívalningum og afrifum á meðan skaparinn gerir sitt besta til að stía þeim í sundur. „Allt í klessu vísar í hvernig manni líður sjálfum, það er allt í klessu í samfélaginu og allt í klessu í þessum myndum,“ segir Guðmundur. „Það er eins og það sé búið að taka alls konar element og hræra þeim saman og gubba á strigann. Og tilfinningin í þessum frasa, allt í klessu, ég vildi að sú tilfinning myndi voma yfir sýningunni.“ Undanfarin ár hefur Guðmundur unnið mikið með karlmennsku og feðraveldið þar sem myndefnið var gjarnan skeggjaðir karlar sem uppteknir voru við ýmsa iðju á borð við körfuknattleik, bjórbruggun og skotveiðar en í þessari sýningu langaði hann að leita á ný mið. „Ég hafði ansi langan tíma til að vinna fyrir þessa sýningu en það gekk svolítið illa að koma sér að verki, meðal annars vegna þess að það eru breytingar í stíl og efnistökum hjá mér. Og það var miklu erfiðara en ég bjóst við að breyta svona og ég er ekkert alveg laus undan körlunum.“

Guðmundur hefur getið sér gott orð í listaheiminum á undanförnum árum og haldið fjölda sýninga bæði hér heima og erlendis, til að mynda einkasýningar í Aysa Geisberg Gallery í New York. Einnig hefur verið fjallað um sýningar hans í ýmsum virtum listamiðlum, innlendum sem erlendum. Það má því teljast hugrekki að sprengja þægindarammann með því að leita á ný mið og snúa baki við feðraveldinu og karlmennskunni sem viðfangsefnum. „Ég veit það ekki. Mér fannst allt í einu að það væri ekkert satt lengur að mér væri mjög umhugað um að fjalla um samfélagið og feðraveldið og svo framvegis,“ segir hann. „Karlarnir voru eiginlega orðnir farartæki fyrir mig að útbúa myndir og ég var farinn að búa til það sem fólk bjóst við af mér. Og orðinn þreyttur og pirraður á því.“

> **„Allt í klessu vísar í hvernig manni líður sjálfum, það er allt í klessu í samfélaginu og allt í klessu í þessum myndum.**

Sýningin er eins og áður sagði hluti af sýningaröð Harbinger Við endimörk alvarleikans þar sem viðfangsefnið er leikur í víðum skilningi og þáttur hans og vægi í sköpunarferlinu. „Harbinger hafði samband við mig vegna þess að þau eru með sýningaröð í gangi sem fjallar um leik og karlarnir sem ég var að gera pössuðu vel inn í það,“ segir Guðmundur. „En þó karlana vanti er leikur í framleiðslunni á myndunum hjá mér, ég er bara að leika mér með form og liti og það er leikur í myndunum svo ég passaði inn í þessa sýningaröð þó ég væri ekki að gera það sama og undanfarið.“

Guðmundur er búsettur á Íslandi en heldur reglulega sýningar í New York eins og áður sagði og einnig hér heima. „Hverfisgallerí tók mig að sér og ég var með fyrstu sýninguna hjá þeim í nóvember í fyrra. Fram undan er stór sýning í Hafnarborg í nóvember og ég veit ekkert hvað ég er að fara að gera þar en vonandi verður það orðið skýrara eftir þessa sýningu.“

Sýningin í Harbinger á Freyjugötu 1 stendur til 19. maí og er opin frá klukkan 12 til 17.



Við bjóðum Valgeir velkominn til starfa hjá okkur. **Valgeir Einarsson Mäntylä** er kírópraktor og löggiltur sjúkraþjálfari.

Tímapantanir
í síma 527-2277

Sporthúsinu
Dalsmári 9-11
201 Kópavogur
www.kpi.is

KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 88324 04/18

**Icelandair óskar eftir að ráða flugmenn til starfa. Í boði er skemmtilegt, áhugavert og krefjandi starf í góðu starfsumhverfi þar sem öryggi, áreiðanleiki og hágæða vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi.**

Umsækjendur þurfa að hafa gilt atvinnuflugmannsskírteini með gildri blindflugsáritun á fjölhreyflavél. Einnig þurfa þeir að hafa lokið bóklegu námi til réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks (ATPL) og námskeiði í áhafnasamstarfi (MCC), samkvæmt Part FCL.

Atvinnuflugmannsskírteini umsækjanda skal hafa verið gefið út af Samgöngustofu eða sambærilegri stofnun í öðru aðildarríki Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA).

Umsækjendur með færri en 500 flugtíma þurfa að hafa lokið Jet Orientation Course (JOC).

Vegna fyrirsjáanlegra árstíðabundinna sveifla í umsvifum Icelandair er gert ráð fyrir að nýir flugmenn hefji störf 2019 og starfi hluta úr ári til að byrja með. Þjálfun mun fara fram veturinn 2018/2019.

Umsækjendur skulu hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi.

---

Ítarlegar upplýsingar um réttindi og gögn sem þurfa að fylgja umsókn er að finna á umsóknarvef.

Fyrirspurnum er svarað á **pilotapplication@icelandair.is**

**Opið er fyrir umsóknir frá og með 5. maí.**
Eingöngu er tekið við umsóknum gegnum vef félagsins:
www.icelandair.com/is/um-okkur/

**Due to increased activity, Icelandair is recruiting first officers. Interesting and challenging work in a good working environment where safety, reliability and quality practices are the guiding values.**

Applicants must hold a valid EASA Flight Crew License with a valid instrument rating on multi-engine aircraft (ME/IR). Applicants must have passed the ATPL(A) theoretical knowledge examinations in accordance with Part-FCL and hold a certificate of satisfactory completion of an MCC course.

The applicant's Flight Crew License must be issued by the Icelandic Transport Authority (ICETRA) or a comparable authority in an EASA member state, and conform with EASA requirements.

Applicants with less than 500 flight hours must have completed a Jet Orientation Course (JOC).

Due to seasonal fluctuations in Icelandair's flight schedule, we expect new pilots to start working in 2019 and work part of the year to begin with. Training will take place during winter 2018/2019. The home base is Keflavík; duty periods will start and finish at Keflavík

Applicants must have completed a high school diploma (matriculation/university entrance examination) or a comparable education.

---

Detailed information regarding qualifications and required documents can be found on our applications web.

Questions regarding this opening are answered at
**pilotapplication@icelandair.is**

**We are accepting applications from May 5th.**
Applications will only by accepted through the Icelandair website:
www.icelandair.com/is/um-okkur/

ICELANDAIR

# 6 LAUSAR STÖÐUR

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

## Sinfóníuhljómsveit Íslands auglýsir lausar til umsóknar sex stöður

### TÍMABUNDIN STAÐA UPPFÆRSLUMANNS Í 2. FIÐLU

**Hæfnispróf fer fram 13. ágúst 2018 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** Mozart fiðlukonsert (1. kafli með kadensu) nr. 3 í G-dúr, nr. 4 í D-dúr eða nr. 5 í A-dúr.

**2)** Einn kafli að eigin vali úr einni af sónötum og partítum J.S. Bachs fyrir einleiksfiðlu.

**3)** Rómantískur fiðlukonsert að eigin vali (1. kafli með kadensu).

### STAÐA UPPFÆRSLUMANNS Í VÍÓLUDEILD

**Hæfnispróf fer fram 15. ágúst 2018 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** 1. kafli úr klassískum konsert eftir Hoffmeister (D-dúr) eða Stamitz (D-dúr) með kadensu.

**2)** 1. kafli úr konsert eftir Bartók eða Walton eða Hindemith Der Schwanendreher.

**3)** Einn kafli úr sólóverki eftir Bach, Reger eða Hindemith.

### STAÐA VÍÓLULEIKARA

**Hæfnispróf fer fram 16. ágúst 2018 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** 1. kafli úr klassískum konsert eftir Hoffmeister (D-dúr) eða Stamitz (D-dúr) með kadensu.

**2)** 1. kafli úr konsert eftir Bartok eða Walton eða Hindemith Der Schwanendreher.

### STAÐA LEIÐARA Í KONTRABASSADEILD

**Hæfnispróf fer fram 17. ágúst 2018 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** Dittersdorf: Konsert í D-dúr (original E-dúr) (útg.Schott).
1. kafli, Allegro moderato, með kadensu (Gruber).
2. kafli, Adagio, með kadensu (Gruber).

**2)** Bottesini: Konsert nr. 2 í a-moll (original h-moll) (útg. York Ed.).
1. kafli, Moderato (með kadensu).
2. kafli, Andante.

### STAÐA UPPFÆRSLUMANNS Í SELLÓDEILD

**Hæfnispróf fer fram 18. september 2018 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** 1. kafli úr Haydn sellókonsert í D-dúr með kadensu.

**2)** 1. kafli úr rómantískum konsert að eigin vali.

**3)** Einn kafli úr einleikssvítu eftir J.S. Bach.

### STAÐA SELLÓLEIKARA

**Hæfnispróf fer fram 19. september 2018 í Hörpu**

**Einleiksverk:**

**1)** 1. kafli úr Haydn sellókonsert í D-dúr með kadensu.

**2)** 1. kafli úr rómantískum konsert að eigin vali.

Umsóknarfrestur er til og með **3. júní 2018.** Umsóknir, ásamt ferilskrá og fylgiskjölum, skulu berast til Unu Eyþórsdóttur, mannauðsstjóra (**starf@sinfonia.is**).

Hljómsveitarpartar verða aðgengilegir þátttakendum að minnsta kosti tveimur vikum fyrir hæfnispróf.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsvæði Sinfóníuhljómsveitar Íslands www.sinfonia.is og hjá mannauðsstjóra (starf@sinfonia.is) í síma 898 5017.

## Hjúkrunarfræðingar athugið!

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa hjá **speglunarþjónustufyrirtækinu Meltingarsetrinu ehf. Læknasetrinu Mjódd.**

Um er að ræða hlutastarf í dagvinnu á góðum og áhugaverðum vinnustað.

Umsókn með ferilskrá og/eða fyrirspurnir sendið á: **setrid@setrid.is**

# ÍSÓL

## ÍSÓL / Sölumaður

Við leitumst eftir einstaklingi með brennandi áhuga á sölumennsku og verkfærum, starfið mun fela það í sér að stýra vörumerkjaþróun á rafmagnsverkfærum og verkfærum frá sumum af fremstu framleiðendum í heimi.

**Hæfniskröfur:**

- Áhugi á verkfærum og sölumennsku
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Reynsla af sölustörfum (æskilegt en ekki skilyrði)
- Þekking á Navision er kostur

**Um okkur:**

Ísól er traust fjölskyldufyrirtæki sem hefur þjónustað iðnað á Íslandi frá árinu 1959, meginstarfsemi fyrirtækisins er heildsala á verkfærum, festingum og efnavöru á fyrirtækjamarkaði. Fyrirtækið hefur haft það að stefnu frá upphafi að flytja inn og selja eingöngu verkfæri í hæsta gæðaflokki ásamt því að bjóða upp á umfangsmikið úrval festinga á sanngjörnu verði.

Umsóknir berist á isol@isol.is merkt **„Sölumaður maí 2018"**

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri — Viðskiptablaðið Keldan

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

# VILTU SPÁ FYRIR UM FRAMTÍÐINA?

expectus

Vegna aukinna verkefna óskar Expectus eftir að bæta við sig ráðgjafa í öflugt teymi fyrirtækisins á sviði áætlanagerðar, rekstrar- og fjárhagsráðgjafar.

Leitað er að lausnamiðuðum og árangursdrifnum einstaklingi með jákvætt viðmót og hæfni til að starfa í hópi ráðgjafa og sérfræðinga. Viðkomandi þarf að hafa skilning á helstu lykilþáttum í fyrirtækjarekstri og getu til að hjálpa fyrirtækjum að ná árangri í rekstri. Starfið felur í sér hönnun rekstrar- og áætlunarferla í Excel annars vegar og hins vegar í Kepion sem mörg af stærri fyrirtækjum landsins hafa valið til áætlunargerðar.

HELSTU VERKEFNI:

- Rekstrar- og fjárhagsgreiningar
- Greining gagna og skýrslugerð
- Viðskiptaumsjón
- Hönnun á rekstrar- og áætlunarferlum fyrirtækja
- Þróun áætlunarkerfa út frá skilgreindum ferlum
- Verkefnastjórn

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af fyrirtækjamarkaði
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Reynsla af úrvinnslu gagna og skilningur á upplýsingum um rekstur fyrirtækja
- Reynsla/þekking á SQL er æskileg
- Mjög góð samskiptafærni

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, agla@radum.is.
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum www.radum.is.

Expectus er ráðgjafafyrirtæki sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að nýta þekkingu og upplýsingatækni til að auka hæfni, móta stefnu og koma áherslum í framkvæmd og skila þannig mælanlegum árangri.

Gildi Expectus eru kraftur, heiðarleiki og samvinna.

Expectus var valið fyrirtæki ársins 2016 og 2017 í hópi millistórra fyrirtækja hjá VR og vottað sem Framúrskarandi fyrirtæki 2016 og 2017 af Creditinfo.

www.expectus.is

Framúrskarandi fyrirtæki — VR Fyrirtæki ársins 2016 — VR Fyrirtæki ársins 2017

ráðum ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 13. maí nk.

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Forritari

FISKISTOFA

Fiskistofa óskar eftir að ráða drífandi einstakling í starf forritara. Um er að ræða frábært tækifæri fyrir kraftmikinn einstakling sem vill taka þátt í þróun á upplýsingakerfum Fiskistofu og nýsköpun í rafrænni þjónustu. Starfsstöð getur verið á Akureyri eða í Hafnarfirði.

Umsóknarfrestur
**22. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6689**

Starfssvið
- Nýsmíði, viðhald og þróun hugbúnaðarlausna
- Greining, hönnun og forritun
- Skjölun og prófanir
- Samskipti við notendur og samstarfsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- Tölvunarfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Þekking á forritun í .NET umhverfi (C#, ASP.NET)
- Þekking á Java og framendaforritun er kostur
- Hæfni til að tileinka sér tækninýjungar
- Greiningarhæfni og lausnamiðuð hugsun
- Góð samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og farsæl reynsla af hópstarfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Hreint sakarvottorð
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiða o.fl. ásamt því að safna og miðla upplýsingum um framangreinda málaflokka.

Gildi Fiskistofu eru traust, framsækni og virðing.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Reykjavíkurborg

# Deildarstjóri kjaradeildar

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar auglýsir starf deildarstjóra kjaradeildar sem jafnframt er formaður samninganefndar Reykjavíkurborgar laust til umsóknar. Næsti yfirmaður deildarstjóra er fjármálastjóri Reykjavíkurborgar og er deildarstjóri hluti af stjórnendateymi fjármálaskrifstofu.

Umsóknarfrestur
**22. maí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/6683**

Hlutverk- og ábyrgðarsvið
- Launavinnsla
- Rekstur og þróun upplýsingakerfa, þ.e. launa- og mannauðskerfis, vinnutímaskráningarkerfis og umsóknar- og ráðningarkerfis
- Túlkun kjarasamninga og eftirlit með framkvæmd þeirra
- Margvíslegum samskipti við stéttarfélög
- Kjarasamningagerð Reykjavíkurborgar og vinnuveitendafyrirsvar Reykjavíkurborgar
- Þátttaka í samstarfi opinberra vinnuveitenda og aðila vinnumarkaðarins

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Menntun og/eða reynsla á sviði vinnumarkaðsmála
- Reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Reynsla af verkefnum á sviði kjaradeildar
- Reynsla af samningagerð
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Hæfni til að koma fram og tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar er hluti af miðlægri stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og heyrir undir embætti borgarritara. Fjármálaskrifstofa skiptist í sjö deildir: áhættumat, áætlun og greiningu, bókhald, fjárstýringu, innkaup, kjaradeild og uppgjör. Starfsmenn eru um 90 talsins, þar af 29 á kjaradeild. Skrifstofan er staðsett á 4 hæð Borgartúni 12-14.

Um laun og starfskjör fer samkvæmt réttindum og skyldum stjórnenda hjá Reykjavíkurborg og ákvörðun kjaranefndar. Vakin er athygli Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent


# Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is

# Spennandi stjórnunarstörf á Sléttuvegi

**Hjá heimaþjónustunni Sléttuvegi er unnið með fötluðu fólki með það að markmiði að veita einstaklingsmiðaða og sveigjanlega aðstoð við athafnir daglegs lífs og sérhæfða hjúkrunarþjónustu í samræmi við hugmyndafræði um sjálfstætt líf.**

## Verkefnastjóri heimaþjónustu

Leitað er að verkefnastjóra í 90-100% starf við samþætta heimahjúkrun og félagslega heimaþjónustu. Verkefnastjóri sér um þróunarstarf, gerð einstaklingsáætlana, mótun verklags og utanumhald teymisvinnu. Hann þarf að hafa starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða hafa lokið námi á háskólastigi á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda.

## Teymisstjóri hjúkrunar

Leitað er að hjúkrunarfræðingi í 100% starf teymisstjóra hjúkrunar til afleysingar í eitt ár frá 1. september 2018 eða eftir samkomulagi. Teymisstjóri ber faglega ábyrgð á hjúkrunarþjónustu, sér um gerð og framkvæmd hjúkrunaráætlana og heldur utan um samstarf við heilbrigðisstofnanir. Hann þarf að hafa íslenskt hjúkrunarleyfi og reynslu af stjórnun, hjúkrun og teymisvinnu.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Bára Denný Ívarsdóttir, forstöðumaður á Sléttuvegi í síma 581-1322 / 665-5873 og í tölvupósti á bara.denny.ivarsdottir@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Þar má jafnframt sjá ítarlegri lýsingu á verkefnum og hæfniskröfum.

Umsóknarfrestur er til 19. maí 2018

**VELFERÐARSVIÐ**
**REYKJAVÍKURBORGAR**

# Hress og skemmtilegur starfsmaður

óskast til starfa hjá Fótspor ehf. Vinnutími 9-17.
Þarf að geta byrjað 1. ágúst. Góð tölvukunnátta skilyrði.

**Vinsamlegast hafið samband í síma 578 1192 eða 824 2466**

# Sumarstarfsmaður óskast

Óskað er eftir þjónustuliprum einstaklingi til sumarstarfa við símsvörun og létt skrifstofustörf. Unnið er eftir ákveðnu vaktafyrirkomulagi þ.e. frá klukkan 7:50 – 14:00 og 14:00 til 18:00. Einungis reglusamir og reyklausir einstaklingar koma til greina.

Umsóknir sendist á netfangið hrannar@frettabladid.is merkt **„Sumarstarf"**

Grunnskólinn Hellu

## Grunnskólinn á Hellu auglýsir !

## Kennarar

**Okkur vantar áhugasama kennara til starfa á næsta skólaári.**
Meðal kennslugreina eru enska (sem hlutastarf) og list- og verkgreinar (hlutastarf í smíði, textíl og tónlist).

Upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu skólans
**http://grhella.is/**

**Vinsamlegast hafið samband við undirritaða og fáið frekari upplýsingar.**

Sigurgeir Guðmundsson skólastjóri í síma
488 7021 / 894 8422

Steinar Tómasson aðstoðarskólastjóri í síma
488 7022 / 845 5893

VINNUEFTIRLITIÐ

# Vilt þú móta starfið þitt?

*Vinnueftirlitið er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu og byggir starf sitt á samþættingu eftirlits, fræðslu og rannsókna.*

*Hlutverk Vinnueftirlitsins er að stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi sem jafnan skal vera í samræmi við félagslega framþróun og bestu þekkingu á hverjum tíma.*

*Gildi Vinnueftirlitsins eru frumkvæði, forvarnir og fagmennska.*

*Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar www.vinnueftirlit.is.*

Vinnueftirlitið óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa. Um er að ræða nýtt starf og því tækifæri til að móta það með yfirmanni sviðsins. Starfshutfall er 100% og starfsstöð er í Reykjavík.

**Starfssvið:**
- Almenn skrifstofustörf
- Umsjón með skráningu og skjalavörslu á sviðinu
- Skráning og önnur umsýsla vegna funda og námskeiða
- Útsending bréfa og eftirfylgni mála
- Ytri og innri samskipti

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu skrifstofustarfi
- Góð almenn færni á tölvur
- Góð færni í talaðri og skrifaðri íslensku og ensku
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Ríkulegur þjónustuvilji og lipurð í mannlegum samskiptum

Laun eru skv. kjarasamningum opinberra starfsmanna. Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um störfin.

*Nánari upplýsingar um störfin veita Svava Jónsdóttir sviðsstjóri (svava@ver.is) í síma 550 4600 og Ari Eyberg (ari@intellecta.is) í síma 511-1225. Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2018. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.*

***Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir




Hjá RB er í gangi stórt og krefjandi verkefni sem snýr að innleiðingu nýrra grunnkerfa fyrir viðskiptavini okkar. Þessi kerfi eru grunnstoðir í fjármálakerfinu á Íslandi og því mjög mikilvægt að vel takist til. Verkefnið er rekið af RB í samstarfi við viðskiptavini og erlenda samstarfsaðila. Við leitum að kröftugum einstaklingum með sérfræðiþekkingu til að styrkja þann öfluga hóp sem fyrir er. Viðkomandi sérfræðingar munu gegna lykilhlutverki við þá uppbyggingarvinnu sem er framundan, sem og við ráðgjöf til framtíðar á þessu sviði. Þeir sem starfa hjá RB þurfa að hafa brennandi áhuga, metnað og ástríðu fyrir því að veita góða þjónustu og ráðgjöf.

# Verkefnastjóri hjá verkefnastofu

Leitað er að skipulögðum og reynslumiklum verkefnastjóra með tæknilegan bakgrunn til að leiða krefjandi breytingaverkefni fyrir viðskiptavini. Í starfinu er lagt upp úr faglegri verkefnastjórnun og framúrskarandi samskiptahæfileikum.

**STARFSSVIÐ**

- Daglegur rekstur og stjórnun umfangsmikilla verkefna
- Gerð verk- og kostnaðaráætlana
- Frávikagreining verkefna, gerð verklokaskýrslna og umsjón með afhendingu verks
- Gott samstarf við starfsmenn þvert á fyrirtækið, viðskiptavini og birgja

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, MPM
- Góð tæknileg þekking; t.d. er reynsla af forritun, kerfisrekstri eða ámóta æskileg
- A.m.k. 5 ára reynsla af stýringu verkefna og/eða stjórnun mannauðs
- Vottun í aðferðafræði verkefnastjórnunar (Prince2, IPMA) og agile er kostur
- Þekking á bankakerfum mikill kostur
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfni, þjónustulund og lausnamiðuð hugsun
- Sjálfstæði, skipulögð vinnubrögð og mikill metnaður til að ná árangri

# Sérfræðingar í bankaviðskiptum

Leitað er að sérfræðingum með reynslu úr fjármálafyrirtækjum og góða þekkingu á greiðsluferlum, innlánum, útlánum og fleiri lykilferlum í fjármálastarfsemi. Annars vegar er um að ræða ráðgjafa í fjármálalausnum og hins vegar ráðgjafa með tæknilegan bakgrunn.

## Ráðgjafi í fjármálalausnum

**STARFSSVIÐ**

- Ráðgjöf varðandi grunnferla og verkefni í bankaviðskiptum
- Þátttaka í þarfa- og frávikagreiningu
- Samstarf og samskipti við sérfræðinga í bönkum, tæknifólk, erlenda samstarfsaðila o.fl.
- Þátttaka í ákvarðanatöku varðandi framtíðaruppbyggingu ferla og viðfangsefna nýs kerfis
- Þátttaka í verkefnastjórn og verkefnahópum

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf sem nýtist í starfinu er æskilegt
- Marktæk þekking og reynsla á sviði bankaviðskipta greiðsluferla, innlána, útlána og annarra skyldra lykilferla
- Færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

## Tækniráðgjafi í fjármálalausnum

**STARFSSVIÐ**

- Ráðgjöf varðandi tæknilega högun og virkni grunnkerfa í bankaviðskiptum
- Þátttaka í þarfa- og frávikagreiningu
- Samstarf og samskipti við sérfræðinga í bönkum, tæknifólk, erlenda samstarfsaðila o.fl.
- Þátttaka í ákvarðanatöku varðandi framtíðaruppbyggingu nýs kerfis
- Þátttaka í verkefnastjórn og verkefnahópum

**MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR**

- Háskólapróf sem nýtist í starfinu er æskilegt
- Marktæk þekking og reynsla á sviði grunnkerfa bankaviðskipta
- Færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta er skilyrði

**Umsóknarfrestur er til 13. maí 2018.** Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu RB, **www.rb.is.** Nánari upplýsingar um störf í fjármálalausnum veitir Ingibjörg Þorsteinsdóttir, sérfræðingur hjá mannauðs- og markaðsstjórn, **ingibjorg.thorsteinsdottir@rb.is**, s. 569-8877. Nánari upplýsingar um starf verkefnastjóra veitir Katrín Rögn Harðardóttir, fyrirliði verkefnastofu, **katrin.rogn.hardardottir@rb.is**, sími 569-8877.



# MARKAÐS- OG SÖLUSTARF HJÁ PROACT

## Við leitum að hressum aðila í markaðs- og söluteymið okkar.

Við erum að leita að aðila með hársnyrtimenntun, glaðlegt og hresst viðmót, sjálfstæð vinnubrögð, góða almenna tölvukunnáttu og góða þekkingu á samfélagsmiðlunum.

Starfið snýr að markaðssetningu og sölu á hársnyrtivörum undir vörumerkjum Matrix, Joico, Kérastase og Loreal Professionnel.

Starfið felst í því að skipuleggja og framkvæma kynningu og sölu á nýjum vörum til hársnyrtistofa. Um er að ræða bæði almenna fæðslu og ráðgjöf til hársnyrtifólks, sem og skipulagningu á námskeiðum í samstarfi við erlenda birgja.

Skipuleggja kynningar á vörum fyrirtækisins til neytenda einkum með hinum ýmsu samfélagsmiðlum.

Viðkomandi fær þjálfun að hluta til hjá erlendum samstarfsaðilum okkar í evrópu.

**Umsóknir með ferilskrá og frekari fyrirspurnir sendist á proact@proact.is fyrir 14. maí.**

Proact

Proact er heildverslun sem býður upp á sterk vörumerki fyrir hársnyrtistofur og snyrtistofur auk nokkurra annarra vöruflokka. Helstu vörumerki eru Matrix, Loreal Professionnel, Joico, Kérastase, Comfort Zone, Lycon.

# VALITOR ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA SÉRFRÆÐING Á FJÁRMÁLASVIÐI

**Valitor er traust og framsækið þekkingarfyrirtæki á sviði greiðslumiðlunar og greiðslulausna sem er stöðugt að skapa nýjar lausnir fyrir viðskiptavini sína. Valitor starfar á alþjóðlegum vettvangi, í nánu samstarfi við fjártæknifyrirtæki (Fintech) í fremstu röð.**

**Gildin okkar – frumkvæði, traust og samvinna – knýja samhentan hóp um 350 starfsmanna á starfsstöðvum Valitor á Íslandi, Bretlandi og í Danmörku.**

Starfið felur í sér ábyrgð á bókhaldi Valitor hf. og VPS (Valitor UK) auk aðstoðar við gerð samstæðu Valitor Holding. Starfið er krefjandi og krefst mikilla samskipta við samstarfsmenn bæði á Íslandi og í Bretlandi. Um er að ræða viðbót við góðan hóp starfsmanna sem sinna uppgjörsmálum samstæðunnar.

**Starfssvið:**
- Ábyrgð á mánaðarlegum uppgjörum Valitor hf. og VPS (Valitor UK)
- Greiningar og samskipti við starfsmenn þvert á fyrirtækin vegna uppgjörsmála
- Aðstoð við gerð samstæðu Valitor Holding
- Teymisvinna vegna ársreikninga og skattframtala samstæðunnar
- Þátttaka í umbótaverkefnum hjá deildinni/sviðinu
- Önnur verkefni í samráði við deildarstjóra

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði reikningshalds
- Reynsla af uppgjörum er skilyrði
- Gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli
- Samvinnufús með jákvætt og gott viðmót

Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Valitor, **valitor.is**
Umsóknarfrestur er til og með 20. maí 2018.
Nánari upplýsingar veitir Harpa Vífilsdóttir, deildarstjóri bókhalds, sími **525 2000**.

VALITOR

# Heimilishjálp óskast

Fjölskylda í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfskrafti til að annast heimilisstörf og barnapössun. Um er að ræða hlutastarf c. 20 tíma á viku frá 1. júní nk.

Leitað er að barngóðum, sjálfstæðum og sveigjanlegum einstaklingi með reynslu af sambærilegum störfum. Húsnæði og bíll geta fylgt.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið adstod.2017@gmail.com með upplýsingum um starfsreynslu og meðmæli, merkt **„Heimilishjálp“** fyrir 12. maí.

VINÁTTA • VÍSINDI • LISTIR
ÁLFTANESSKÓLI
– allir eru einstakir

*Buxur, vesti, brók og skó...*

Óskum að ráða:
- **Grunnskólakennara/ umsjón á yngsta stig 80 - 100% starf**

Skoðaðu aðstæður og vertu með í liði sem byggir upp.

**Upplýsingar um störfin gefa:**
**Sveinbjörn Markús Njálsson** skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007, netfang : markus@alftanesskoli.is og
**Erna Ingibjörg Pálsdóttir** aðstoðarskólastjóri í símum 5404700 og 8215009 netfang: erna.palsdottir@alftanesskoli.is

Umsókn skal skila með rafrænum hætti á vef Garðabæjar www.gardabaer.is **Umsóknarfrestur til 15. maí 2018**

Sjá einnig vefina www.alftanesskoli.is og www,gardabaer.is
Laun eru skv kjarasamningi LN og KÍ.

*Skólastjóri*

# Verkefnastjórar óskast

Verksýn ehf. óskar verkefnastjórum til starfa sem fyrst. Menntunarkröfur: byggingafræðingur, byggingariðnfræðingur, byggingatæknifræðingur eða sambærileg menntun. Æskilegt er að viðkomandi hafi iðnmenntun og auk þess haldgóða reynslu af mannvirkjagerð.

**Helstu verkefni verkefnastjóra eru m.a. eftirfarandi:**
- Ástandsskoðanir, kostnaðaráætlanir
- Vinna við útboðsgögn, verklýsingar, magntökur
- Gerð teikninga og eftirfylgni
- Eftirlitsverkefni

**Áhugasamir eru beðnir að senda tölvupóst á netfangið andri@verksyn.is fyrir 20. maí nk.**

VERKSÝN

Verksýn ehf. • Síðumúla 1, 108 Reykjavík • S. 433 6300
www.verksyn.is • verksyn@verksyn.is

# Sölu- og verkefnastjóri Heilsuhússins

## Við leitum að sölu- og verkefnastjóra til að hafa umsjón með daglegum rekstri verslana Heilsuhússins með áherslu á sölu og markaðsmál.

Um er að ræða nýtt starf og spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan og kraftmikinn einstakling með áhuga á heilsu og heilsutengdum vörum. Sölu- og verkefnastjóri er yfirmaður umsjónarmanna verslana Heilsuhússins og hefur umsjón með daglegum rekstri verslananna.

**Starfssvið:**

- Þátttaka í mótun stefnu fyrir Heilsuhúsið og eftirfylgni hennar. Þróun nýrra viðskiptatækifæra
- Fylgja eftir að sala og afkoma Heilsuhússins nái settum markmiðum og áætlunum
- Umsjón með daglegum rekstri verslana
- Gerð rekstraráætlana í samráði við stoðsvið
- Umsjón með útliti verslana, vöruframboði og vöruframsetningu í samráði við viðkomandi svið
- Mannauðs- og markaðsmál í samráði við viðkomandi svið

**Hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Marktæk reynsla á sviði rekstrar, sölu- og markaðsmála og stjórnunar
- Yfirgripsmikil þekking á heilsuvörumarkaðinum
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Í boði er krefjandi starf, skemmtilegur vinnustaður og gott vinnuumhverfi.

**Umsóknarfrestur** er til 16. maí 2018 og sótt er um starfið á heimasíðu Lyfju hf., www.lyfja.is

**Nánari upplýsingar** veitir Svava Þorsteinsdóttir, mannauðsstjóri, í síma 530-3800/ svava@lyfja.is.

***Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöðu hjá fyrirtækinu.***




# Liðsauki óskast í fag- og kjaramál

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

## Sérfræðingur í kjaramálum

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að talnaglöggum og þrautseigum einstaklingi á kjara- og réttindasvið. Viðkomandi þarf jafnframt að hafa ríka þjónustulund og góða þekkingu á íslenskum vinnumarkaði og kjarabaráttu.

Kjara- og réttindasvið fæst m.a. við ráðgjöf og rannsóknir á sviði kjaramála auk kjarasamningsgerðar við stofnanir sem hjúkrunarfræðingar starfa við.

Um er að ræða 100% starf en einnig kemur til greina að ráða í 80% starfshlutfall.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Þjónusta við félagsmenn
- Greining og úrvinnsla tölulegra gagna
- Þátttaka í kjarasamningsgerð
- Vinna innan samstarfsnefnda
- Umsjón með endurnýjun stofnanasamninga
- Frétta-, greina-, og skýrsluskrif, kynningarmál og fræðsla
- Þátttaka í öðrum verkefnum félagsins

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Háskólamenntun sem nýtist vel í starfi
- Talnagleggni og mjög góð greiningarhæfni
- Reynsla af kjarasamningagerð æskileg
- Þekking á samningatækni æskileg
- Leiðtogahæfileikar
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Jákvætt viðmót og góð samskiptafærni
- Áhugi á og færni í teymisvinnu
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Upplýsingar veita:**
Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh í síma 540-6400 eða gudbjorg@hjukrun.is og Gunnar Helgason sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs í síma 540-6400 eða gunnar@hjukrun.is

## Sviðsstjóri fagsviðs

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga leitar að metnaðarfullum, framsæknum og skipulögðum hjúkrunarfræðingi með góða þekkingu og brennandi áhuga á málefnum hjúkrunar.

Tilgangur fagsviðs félagsins er að efla fagmennsku og styðja við þekkingarþróun í hjúkrun. Það er gert með fræðslu og símenntun, ráðstefnuhaldi, erlendu samstarfi, ráðgjöf og rannsóknum á sviði hjúkrunar.

Um er að ræða 100% starf.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**

- Þjónusta við félagsmenn
- Móta og fylgja eftir stefnumálum félagsins
- Vinna að þróun hjúkrunar, heilbrigðisþjónustu og heilsueflingar
- Vinna að eflingu símenntunar, sérþekkingar og nýsköpunar
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi
- Frétta-, greina-, og skýrsluskrif
- Þátttaka í öðrum verkefnum félagsins

**Menntun, reynsla og hæfni**

- Hjúkrunarfræðingur með meistarapróf
- Víðtæk reynsla af málefnum hjúkrunar
- Leiðtogahæfileikar og stefnumótandi hugsun
- Metnaður, frumkvæði og skipulagshæfni
- Jákvætt viðmót og góð samskiptafærni
- Áhugi á og færni í teymisvinnu
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Upplýsingar veitir:**
Guðbjörg Pálsdóttir formaður Fíh í síma 540-6400 eða gudbjorg@hjukrun.is

**Umsóknarfrestur er til 17. maí 2018. Umsóknum skal skila rafrænt á umsokn@hjukrun.is ásamt ferilskrá og kynningarbréfi.**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er fag- og stéttarfélag hjúkrunarfræðinga. Félagið þjónustar stærstu heilbrigðisstétt á Íslandi með um 4000 félagsmenn. Á skrifstofu félagsins starfa 9 manns á fagsviði, kjara- og réttindasviði og við aðra þjónustu við félagsmenn. Nánari upplýsingar um starfsemi félagsins má finna á vef félagsins www.hjukrun.is

# Laus störf hjá **Olíudreifingu**

**Olíudreifing óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf á þjónustudeild í Reykjavík. Starfsvettvangur er allt landið og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land til skamms tíma í senn.**

Sótt er um störfin á vef Olíudreifingar www.odr.is

**Vélstjórar/vélvirkjar**

Fjölbreytt verkefni við uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði og ýmis konar sérfræðistörf. Leitum að menntuðum starfsmönnum eða nemum.

Í þessum störfum er kostur að hafa eftirfarandi réttindi og eða reynslu auk iðnréttinda:

Almenna tölvukunnáttu, meirapróf, réttindi á D-krana 18 tonnmetrar eða minni og J-lyftara með 10 tonna lyftigetu eða minni

**Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um störfin.**

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Georg Óskarsson í síma 550 9948.

Meginstarfsemi Olíudreifingar er dreifing og birgðahald á fljótandi eldsneyti. Olíudreifing rekur einnig bifreiða-, járnsmíða-, dælu- og rafmagnsverkstæði. Starfsmenn félagsins eru um 140 talsins á starfsstöðvum víðsvegar um landið. Starfað er samkvæmt gæðavottuðum vinnuferlum. Nánari upplýsingar um Olíudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is.

**Olíudreifing | Hólmaslóð 8-10 | 101 Reykjavík | sími 550-9900 | odr@odr.is | www.oliudreifing.is**

Olíudreifing

# Enskukennari Borgarholtsskóli

**Laus er til umsóknar staða enskukennara við Borgarholtsskóla á haustönn 2018.**

Upplýsingar um starfið veitir Kristján Ari Arason, krisara@bhs.is, s: 856-1710

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Umsóknir ásamt fylgigögnum sendist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is fyrir 17. maí 2018.

*Borgarholtsskóli er fjölbreyttur, framsækinn og skapandi skóli sem leggur áherslu á að allir fái nám við sitt hæfi. Boðið er upp á margar námsleiðir; í bóknámi, listnámi, iðnnámi og starfsnámi. Einkunnarorð Borgarholtsskóla eru:* **agi, virðing, væntingar**.

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

www.bhs.is

# Spennandi nýtt starf á vörusviði

Við leitum að jákvæðum og röskum einstaklingi til að taka þátt í að þróa nýtt starf á vörusviði ÁTVR en þar fer meðal annars fram gæðaeftirlit vöru og umsjón vörusafns.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Móttaka og skráning umsókna frá birgjum
- Almenn samskipti við birgja og upplýsingagjöf á birgjavef
- Svara fyrirspurnum og veita fræðslu til birgja
- Umsjón með stofnsamningum við birgja
- Verkefni sem snúa að umsjón með vöruspjaldi og skráningu
- Upplýsingagjöf og samskipti innanhúss vegna vöruflæðis

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott viðmót og hæfni í samskiptum
- Rík þjónustulund
- Nákvæmni og samviskusemi í vinnubrögðum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Þekking á vörum og vöruflæði innan Vínbúðanna er kostur

Starfshlutfall er 100%. **Umsóknarfrestur er til og með 22. maí nk.** Umsóknir óskast fylltar út á **vinbudin.is**

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðrún Símonardóttir – starf@vinbudin.is, 560 7700.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ – ÞEKKING – ÁBYRGÐ.
Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu taka mið af þessum gildum.

ÁTVR rekur 51 Vínbúð um allt land og er með skrifstofur og dreifingarmiðstöð á Stuðlahálsi 2. Stefna ÁTVR er að vera eitt af fremstu þjónustufyrirtækjum landsins og fyrirmynd á sviði samfélagsábyrgðar. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé öruggur, heilsueflandi og skemmtilegur þar sem samskipti einkennast af lipurð, þekkingu og ábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2017

VÍNBÚÐIN

VESTURBYGGÐ

# Lausar stöður í skólum Vesturbyggðar

## Patreksskóli:

- **Grunnskólakennarar á yngsta stigi**
- **Grunnskólakennarar á miðstigi**
- **Íþróttakennari**
- **Stuðningsfulltrúar**

Upplýsingar veitir Gústaf Gústafsson skólastjóri gustaf@vesturbyggd.is. s. 4502321

## Bíldudalsskóli:

**Grunnskólinn**

- **Grunnskólakennarar á yngsta stigi**
- **Grunnskólakennarar á miðstigi**
- **Skólaliði**
- **Íþróttakennari**

**Leikskólinn**

- **Þroskaþjálfi**
- **Deildarstjóri**
- **Leikskólakennarar**

Upplýsingar veitir Ásdís Snót Guðmund. Grunn- og leikskólastjóri asdissnot@vesturbyggd.is, s. 4502333

## Araklettur:

- **Leikskólakennarar**
- **Deildarstjórar**

Upplýsingar veitir Hallveig Ingimarsdóttir leikskólastjóri halla@vesturbyggd.is, s. 4502342

## Tónlistarskóli Vesturbyggðar:

- **Tónlistarkennarar**

Upplýsingar veitir Einar Bragi skólastjóri tonlistarskoli@vesturbyggd.is s. 7851241

**Umsóknarfrestur er til 14. maí 2018.**

**Nanna Sjöfn Pétursdóttir fræðslustjóri í Vesturbyggð (nanna@vesturbyggd.is)**

## Rótgróin fasteignamiðlun leitar að ritara til starfa hálfan daginn

Starfið felst í afgreiðslu viðskiptavina, símsvörun, skjalavinnslu og almennum ritarastörfum. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum, hafa góða þjónustulund, vera stundvís og geta hafið störf sem fyrst.
Söluhæfileikar er kostur. Áhugasamir sendið inn svar á hrannar@frettabladid.is merkt **Ritari-0709.**

## NEED A JOB?

AÞ-Þrif is looking for people to hire. Must speak english or icelandic. Preferably between 20–40 years of age. Driving license and clean criminal record is required.

**Please send application via email at gerda@ath-thrif.is** titled "Job".

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS
Skeiðarási 12
210 Garðabæ

## FORSTÖÐUMAÐUR
### á heimili fatlaðs fólks í Hafnarfirði

Leitað er að metnaðarfullum og áhugasömum einstaklingi í starf forstöðumanns á heimili fatlaðs fólks í Svöluhrauni í Hafnarfirði. Um er að ræða 100% starf.

Áhersla er á að íbúum líði vel í þægilegu og öruggu umhverfi heimilisins. Einstaklingsmiðuð aðstoð með áherslu á valdeflingu og sjálfstætt líf. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði þjónandi leiðsagnar.

Viðkomandi kæmi í þéttan og samheldinn forstöðumannahóp sem er í töluverðu samstarfi og teymisvinnu. Góður stuðningur er við nýja stjórnendur.

**Ábyrgðarsvið:**

- Daglegur rekstur heimilisins, stjórnun og starfsmannamál
- Fjármál og eftirliti með þeim.
- Innkaup fyrir heimilið.
- Gerð áætlana fyrir heimilið
- Einkafjármunir íbúa og heimilissjóður, samkæmt umboði
- Þátttaka í stefnumótunarvinnu og að stefnu sé fylgt eftir
- Að þjónusta og starfsemi sé í samræmi við lög, reglugerðir, samning sameinuðu þjóðanna, stefnur og samþykkta verkferla.
- Meðferð gagna og upplýsinga.

**Hæfniskröfur:**

- Þroskaþjálfamenntun og starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða önnur sambærileg háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki, a.m.k. 5 ár
- Víðtæk reynsla af stjórnun og starfsmannamálum.
- Reynsla af skipulagi starfs á sviði þroskaþjálfunar æskileg
- Leiðtogafærni.
- Mjög góð samskipta- og samstarfshæfni.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfileikar
- Geta til að aðlagast breyttum aðstæðum
- Þjónustulund, góð framkoma og snyrtimennska
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku er kostur
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að vinna undir álagi
- Þekking á lögum sem snúa að málaflokknum

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hrönn Hilmarsdóttir **hronnhilmars@hafnarfjordur.is**

Sótt er um starfið rafrænt á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar undir laus störf. Með umsókn skal skila upplýsingum um nám og starfsferil.

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Forstöðumaður á nýtt heimili fyrir fatlað fólk
## Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir eftir forstöðumanni á nýtt heimili við Austurbrún fyrir fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir. Um er að ræða 100% starf, þar af 20% í uppbyggingu teymis innan stuðningsþjónustu þjónustumiðstöðvarinnar, sem mun veita þjónustu til fatlaðs fólks. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Fagleg ábyrgð á þjónustu við íbúa, þ.m.t. gerð og utanumhald þjónustuáætlana.
- Stjórnun, starfsmannamál og fjárhagsleg ábyrgð á rekstri.
- Innleiðing hugmyndafræði um sjálfstætt líf.
- Stuðningur og aðstoð við íbúa við allar athafnir daglegs lífs.
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi um þróun þjónustu við fatlað fólk.

### Helstu hæfniskröfur

- Starfsleyfi sem þroskaþjálfi eða háskólamenntun á sviði félags-, mennta- eða heilbrigðisvísinda.
- Þekking og reynsla af starfi með fötluðu fólki sem nýtir óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.
- Reynsla af stjórnun, skipulagi og starfsmannahaldi.
- Þekking á Þjónandi leiðsögn og hugmyndafræði um sjálfstætt líf.
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigtryggur Jónsson í síma 411-1500 og tölvupósti sigtryggur.jonsson@reykjavik.is.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Þar má jafnframt sjá ítarlegri lýsingu á verkefnum og hæfniskröfum.

Umsóknarfrestur er til 21. maí 2018.

**VELFERÐARSVIÐ**
**REYKJAVÍKURBORGAR**

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

### Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



# AFHENDINGAR- OG ÞJÓNUSTUFULLTRÚI BIFREIÐA

Brimborg óskar eftir að ráða öflugan afhendingar- og þjónustufulltrúa bifreiða að Bíldshöfða 6 í Reykjavík.

## STUTT STARFSLÝSING

Þjónusta við söludeildir varðandi:

- Afhendingarferli nýrra bifreiða
- Skipulag flutninga nýrra og notaðra bíla milli starfstöðva
- Skráningu nýrra bíla, útbúa þjónustubækur og afhendingargögn með nýjum bílum
- Önnur verkefni söludeilda

## HÆFNISKRÖFUR

- Skipulagshæfileika
- Framúrskarandi þjónustulund
- A og B- Fulltrúaréttindi frá umferðastofu æskileg, ekki skilyrði
- Gilt bílpróf
- Góða íslensku- og enskukunnáttu
- Almenna tölvuþekkingu

Vinnutími er frá 08:00-16:00 alla virka daga og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst
Sæktu um á **brimborg.is** fyrir 14. maí 2018.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaleigurnar Dollar og Thrifty eru hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Deildarstjórar farteyma vegna nemenda með fjölþættan vanda við grunnskóla í Reykjavík

**Skóla- og frístundasvið auglýsir stöður deildarstjóra tveggja farteyma við grunnskóla í Reykjavík lausar til umsóknar.**

Farteymin eru nýtt úrræði til að styðja við árangursríkt nám og skólagöngu nemenda með alvarlegan fjölþættan vanda. Hvort teymi fyrir sig verður skipað 8 sérfræðingum og verður deildarstjóri næsti yfirmaður þeirra. Farteymin munu hafa starfsstöðvar í tveimur grunnskólum borgarinnar en starf þeirra fer að mestu leyti fram á vettvangi nemenda úti í skólunum. Farteymin annast einnig rekstur skólasels fyrir 3-4 nemendur í tímabundnu skólaúrræði. Farteymin heyra undir sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs en miðlægt fagráð fer með umsjón með starfsemi þeirra.

Deildarstjórar eru yfirmenn sérfræðinga teymanna, stýra daglegu starfi teymis og skólasels og sjá um rekstur og starfsmannahald. Deildarstjórarnir tveir vinna náið saman, m.a. að því að samræma verklag og þjónustu teymanna. Þeir eru í samstarfi við skólastjórnendur, starfsfólk skóla og foreldra, auk annarra aðila sem starfa við málaflokkinn hjá ríki, borg og öðrum sveitarfélögum.

Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og annast m.a. rekstur 36 grunnskóla, 62 leikskóla og 5 frístundamiðstöðva.

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Er næsti yfirmaður sérfræðinga farteymis, stýrir daglegu starfi teymis og skólasels og annast daglegan rekstur.
- Stýrir samstarfsfundum teymisins og ber ábyrgð á að vinnsla mála sé samkvæmt þeim verkferlum sem farteymum er ætlað að starfa eftir.
- Vinnur náið með deildarstjóra farteyma að samræmdu verklagi og þjónustu teymanna og með skólastjórnendum, starfsfólki skóla og foreldrum að málum einstakra nemenda.
- Skipuleggur samstarf teymisins við aðila sem vinna í málaflokknum hjá ríki, borg og öðrum sveitarfélögum og situr í fagráði farteymanna.
- Tekur þátt í starfshópum og stefnumótunarvinnu varðandi málaflokkinn á skóla- og frístundasviði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á meistarastigi á sviði uppeldis, kennslu, sálfræði, félagsfræði, tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg háskólamenntun.
- Víðtæk stjórnunarreynsla, reynsla af og þekking á skóla- og frístundastarfi og fjölbreytt reynsla af starfi með börnum og ungmennum.
- Reynsla af vinnu og ráðgjöf vegna hegðunar- og atferlisvanda.
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Skipulögð vinnubrögð, sjálfstæði og frumkvæði í starfi.
- Leiðtogahæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Góð íslenskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Við ráðningu er gerð krafa um hreint sakavottorð í samræmi við lög og reglur Reykjavíkurborgar.

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. **Umsóknarfrestur er til og með 28. maí 2018.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veitir Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, sími 411 1111.
Netfang: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

Vopnafjarðarskóli

## Vopnafjarðarskóli auglýsir

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara fyrir næsta skólaár.

***Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8614256, adalbjorn@vopnaskoli.is***

---

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Starf rekstarstjóra

Auglýst er laust til umsóknar starf rekstarstjóra á skrifstofu yfirstjórnar mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is

**Umsóknarfrestur er til og með 22. maí 2018.**

---

# Laus störf

**Langar þig að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað ?**
**Við erum að leita af smiðum í fullt starf hjá okkur í framleiðsluna.**

**Vinsamlegast sendið inn umsókn á gluggar@solskalar.is fyrir 9. maí n.k**

GLUGGAR & GARÐHÚS

Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími: 554 4300 • Fax: 564 1187

---

vörumerking SAMHENTIR UMBÚÐALAUSNIR

Umsjón með matsal og þrif

## Starfsmaður/kona óskast í Samhenta og Vörumerkingu

Samhentir er leiðandi umbúðaþjónustufyrirtæki á Íslandi með ca 35 manns í vinnu.
Vörumerking er alhliða umbúða og miðaframleiðandi með tæplega 40 manns í vinnu.

**Starfslýsing:**
- Um tvö störf er að ræða.
- Umsjón með matsal í Samhentum í Suðurhrauni í Garðabæ og létt þrif á skrifstofum.
- Umsjón með matsal í Vörumerkingu í Suðurhrauni í Garðabæ og létt þrif í framleiðslusal.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um.
Bæði fyrirtækin vinna að alþjóðlegri gæðavottun sem matvælafyrirtæki.

**Hæfniskröfur:**
- Við leitum að aðilum sem er samviskusamir, þrifnir, jákvæðir og stundvísir. Heiðarlegir, eiga gott með mannleg samskipti og tala góða íslensku.

Vinnutími er frá kl 08:00-16:00 virka daga.

**Skriflegar umsóknir sendist á edvald@samhentir.is fyrir 11.05.2018.**

## Grunnskólakennarar óskast við Reykjahlíðarskóla í Mývatnssveit

Staða umsjónarkennara í 100% starf á yngsta stigi og staða íþróttakennara í 50% starf vantar við Reykjahlíðarskóla frá 1. ágúst 2018.

**Nánari upplýsingar á www.skutustadahreppur.is**

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila sendist rafrænt á netfangið **solveig@reykjahlidarskoli.is.**

***Umsóknarfrestur er til 15. maí 2018 (athugið framlengdur umsóknarfrestur).***

## RAFVIRKJAR/KÆLIMENN

**Óskum eftir að ráða rafvirkja/kælimann til viðhalds- og eftirlitsstarfa**

**Ekki er krafist sérhæfni, en nýr starfsmaður verður sérþjálfaður.**

**Áhugasamir hafi samband við skrifstofuna í síma 587-8890 eða sendið rafpóst á gunnar@rafstjorn.is**

RAFSTJÓRN ehf.
*Virkni loftræstikerfa er okkar fag*

**www.rafstjorn.is**

## Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla - afleysing v/ fæðingarorlofs

Hörðuvallaskóli var stofnaður árið 2006 og hefur síðan starfað undir einkunnarorðunum **„það er gaman í skólanum"**. Í skólanum fer fram metnaðarfullt starf með framangreind einkunnarorð að leiðarljósi. Í skólanum starfa rúmlega 900 nemendur og 130 starfsmenn. Skólinn einkennist af góðum starfsanda og vinalegu viðmóti. Upplýsingar um skólann má finna á vefsíðunni **www.horduvallaskoli.is**

**Ráðningartími og starfshlutfall**

Um er að ræða afleysingu vegna fæðingarorlofs skólaárið 2018-2019. Fullt starf frá 1. ágúst 2018 til loka skólaársins.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði tómstunda- og/eða uppeldisfræða er skilyrði
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum er skilyrði
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfileikar, frumkvæði og metnaður
- Einlægur áhugi á að vinna með börnum
- Þolinmæði og hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvísi og áreiðanleiki

**Frekari upplýsingar**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Bent er á að samkvæmt lögum verða umsækjendur að skila sakavottorði.

**Umsóknarfrestur er til og með 16. maí 2018**

Upplýsingar gefur Ágúst Jakobsson skólastjóri í síma 441 3600 eða gsm. 8478812. Einnig má senda fyrirspurnir á netfangið **agustj@kopavogur.is**

**Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um starfið.**

**Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar www.kopavogur.is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

# Fjórða iðnbyltingin byrjar hér

Staða skólastjóra Upplýsingatækniskólans er laus til umsóknar - nánar á www.tskoli.is/laus-storf



**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

**GEZE**

## Járn og gler hf leitar að starfsmanni við uppsetningar og viðhald á sjálfvirkum glugga-og hurðabúnaði frá Geze

Möguleg vinna við sölumennsku samhliða uppsetningu.

Fyrirspurnir, umsóknir og upplýsingar um fyrri störf og reynslu sendist á umsoknir@jarngler.is

**JÁRN&GLER**

---

**Dögun**

## Stýrimaður í afleysingar

Dögun ehf. leitar að stýrimanni á Dag SK 17. Þarf að geta byrjað strax. Reynsla af togveiðum, helst á rækju, æskileg.

**Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn, með upplýsingum um menntun og fyrri störf, með tölvupósti til: oskar@dogun.is og/eða gissurb@simnet.is.**

**Nánari upplýsingar veita Gissur Baldursson í síma 690-1652 eða Óskar Garðarsson í síma 892-1586.**

*Dögun ehf. var stofnað árið 1983. Fyrirtækið stundar rækjuvinnslu og útgerð, og er með aðsetur á Sauðárkróki.*

---

Akraneskaupstaður

## Eftirfarandi störf eru laus til umsóknar hjá Akraneskaupstað

**Brekkubæjarskóli**
- Umsjónarkennarar
- Heimilisfræðikennari

**Frístundamiðstöðin Þorpið**
- Verkefnastjóri barnastarfs

**Grundaskóli**
- Umsjónarkennarar
- Uppeldismenntaður starfsmaður á yngsta stigi

**Íþróttahúsið á Jaðarsbökkum**
- Sumarstarf

**Leikskólinn Akrasel**
- Deildarstjóri
- Leikskólakennarar
- Þroskaþjálfi/leikskólasérkennari

**Leikskólinn Teigasel**
- Leikskólakennari

**Leikskólinn Vallarsel**
- Leikskólakennarar

**Tónlistarskólinn**
- Píanókennari
- Trommu-/slagverkskennari
- Ritari

**Vinnuskólinn**
- Sumarvinna fyrir 17 ára unglinga (f. 2001)

Nánari upplýsingar um störfin ásamt umsóknareyðublöðum má finna á heimasíðu Akraneskaupstaðar, **www.akranes.is/lausstorf**



SKESSUHORN 2018

---

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Kennari, stærðfræði | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201805/952 |
| Kennari, enska | Borgarholtsskóli | Reykjavík | 201805/951 |
| Þjónustufulltrúi | Vinnueftirlitið | Reykjavík | 201805/950 |
| Læknir/yfirlæknir | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Fjarðabyggð | 201805/949 |
| Kennari, félagsfræði | Menntaskólinn á Akureyri | Akureyri | 201805/948 |
| Kennari, íþróttir | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201805/947 |
| Starf á vörusviði | ÁTVR, vörusvið | Reykjavík | 201805/946 |
| Kennari, vélstjórnarbraut | Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201805/945 |
| Náms- og starfsráðgjafi | Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | Vestm.eyjar | 201805/944 |
| Lögreglumenn | Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra | Akureyri/Húsav | 201805/943 |
| Yfirlæknir, Geðteymi vestur | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201805/942 |
| Sérfræðingur í heimilislækningum | Heilsugæslan Garðabæ | Garðabær | 201805/941 |
| Hjúkrunarfræðingur | Þroska- og hegðunarstöð HH | Reykjavík | 201805/940 |
| Lögfræðingur á stjórnsýslusviði | Þjóðskrá Íslands | Reykjavík | 201805/939 |
| Tannsmiður | Háskóli Íslands, Heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201805/938 |
| Doktorsnemar | Háskóli Íslands, Lífvísindasetur | Reykjavík | 201805/937 |
| Verkefnisstjóri | HÍ, Jafnréttissk. Hásk. Sameinuðu þj. | Reykjavík | 201805/936 |
| Kennarar | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201805/935 |
| Tómstundafræðingur | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201805/934 |
| Kennarar, fjallamennska/listgr. | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201805/933 |
| Námsráðgjafi | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | Höfn | 201805/932 |
| Sérfræðingur á efnahagssviði | Hagstofa Íslands | Reykjavík | 201805/931 |
| Félagsmála- og forvarnarfulltrúi | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201805/930 |
| Kennslustjóri | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201805/929 |
| Kennari, viðskiptagreinar | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201805/928 |
| Kennari, heilbrigðisgreinar | Fjölbrautaskólinn við Ármúla | Reykjavík | 201805/927 |
| Matráður, afleysing | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201805/926 |
| Verkefnastjóri í vörustýringu | Landspítali, innkaupadeild | Reykjavík | 201805/925 |
| Verkefnastjóri í stoðþjónustu | Landspítali, innkaupadeild | Reykjavík | 201805/924 |
| Starfsmaður á birgðastöð | Landspítali, innkaupadeild | Reykjavík | 201805/923 |
| Innkaupafulltrúi | Landspítali, innkaupadeild | Reykjavík | 201805/922 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, gjörgæsla Hringbraut | Reykjavík | 201805/921 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, gjörgæsla Fossvogi | Reykjavík | 201805/920 |
| Svæfingahjúkrunarfræðingur | Landspítali, svæfingadeild | Reykjavík | 201805/919 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, heila-, tauga- og bækl. | Reykjavík | 201805/918 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, barna- og unglingageðd. | Reykjavík | 201805/917 |
| Hópstjóri í símaver | Landspítali | Reykjavík | 201805/916 |
| Sjúkraliði, almenn göngudeild | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201805/915 |
| Varðstjóri / Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Suðurlandi | Vík | 201805/914 |
| Eftirlitsdýralæknir í Suðurumdæmi | Matvælastofnun | Selfoss | 201805/913 |
| Kennari, viðskipta- og hagfræðigr. | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201804/912 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201804/911 |
| Sálfræðingur | Barnaverndarstofa | Reykjavík | 201804/910 |
| Varðstjóri | Fangelsismálastofnun | Akureyri | 201804/909 |
| Hjúkrunarfræðingur | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201804/908 |
| Mannauðsstjóri | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201804/907 |
| Sérkennari/þroskaþjálfi | Fjölbrautaskóli Vesturlands | Akranes | 201804/906 |
| Lífeindafræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Húsavík | 201804/905 |
| Kennarar | Kvennaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201804/904 |

---

**HEGAS ehf.**

Smiðjuvegur 1, 200 Kópavogur. Sími: 567-0010. Fax: 567-0032. www.hegas.is - hegas@hegas.is

## Hegas ehf óskar eftir að ráða framtíðar tæknimann í véladeild

Hegas ehf óskar eftir að ráða framtíðar tæknimann í véladeild, til að sinna uppsetningum, viðgerðum og viðhaldi á trésmíðavélum og tækjum fyrir iðnaðinn.

**Starfsvið og hæfniskröfur;**
- Sinna uppsetningum og viðhaldi á trésmíðavélum og tækjum fyrir iðnaðinn sem fyrirtækið er með til sölu.
- Sinna almennum viðgerðum.
- Einhver þekking á tölvu og rafeindarstýrðum vélum.
- Grunn þekking á tölvubúnaði.
- Grunn þekking á lestri lofts- og rafmagnsteikningum.
- Jákvæðni og stundvísi.
- Þjónustulipurð og samviskusemi.

## Technician

Hegas ehf is looking for a workforce in there machineries department,
for installations, repairs and maintenances of woodworking machinery and other equipment for the industry.

**Working positions and qualifications:**
- To make installations and maintenance of woodworking machinery and equipment the company is selling.
- To do a general repairs.
- To have some knowledge of CNC controlled machines.
- To have basic knowledge of computers.
- To have basic knowledge of reading pneumatic- and electric drawings.
- To be positive character and punctual.
- To be service minded and conscientious.

Við leitum að framtíðar starfskrafti með góða þjónustulund, áreiðanlegum, og að geta starfað sjálfstætt og er tilbúinn að bæta þekkingu sína og hæfni til þess að takast á við krefjandi störf hjá traustu fyrirtæki.

Upplýsingar um fyrirtækið má sjá á heimasíðunni okkar www.hegas.is

**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að senda umsóknir fyrir 15. maí 2018 á netfang hegas@hegas.is**

RÆKTUNARSAMBAND
FLÓA OG SKEIÐA

**Óskum eftir að ráða starfsfólk í borframkvæmdir. Viðkomandi þurfa að hafa meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi. Unnið er á 12 tíma vöktum 7 daga í senn og 7 dagar í vaktafríi.**

Upplýsingar um störfin veitir Torfi Pálsson
í síma 858 5290 eða torfip@raekto.is.
Umsóknir skal senda á starf@raekto.is fyrir 13. maí næstkomandi.

---

# Seltjarnarnesbær
## Laus störf

**Grunnskóli Seltjarnarness,** starfsfólk óskast í eftirtalin störf frá hausti 2018:

- **Námsráðgjafi,** afleysing skólaárið 2018-2019.
- **Nýbúakennsla,** fullt starf.
- **Sérkennari,** fullt starf.
- **Smíðakennsla,** hlutastarf.
- **Umsjónarkennari,** fullt starf.
- **Þroskaþjálfi eða starfsmaður með aðra uppeldisfræðimenntun,** fullt starf.

**Tónlistarskóli Seltjarnarness**
- **Fiðlukennari,** hlutastarf frá hausti 2018.

Nánari upplýsingar um störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – **Störf í boði**

**Umsóknarfrestur er til 21. maí næstkomandi.**

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

SELTJARNARNESBÆR

seltjarnarnes.is

---

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Fjölskylduþjónusta**
» Félagsráðgjafi í barnavernd
» Félagsráðgjafi í barnavernd - tímabundið starf

**Grunnskólar**
» Fjölbreytt störf í boði fyrir fólk með margvíslega menntun og reynslu skólaárið 2018-2019
» Sjá yfirlit á öðrum stað í blaðinu

**Leikskólar**
» Deildarstjóri - Álfaberg
» Leikskólakennari - Álfaberg
» Leikskólakennari - Bjarkalundur
» Sérkennslustjóri - Hraunvallaskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli
» Sérkennslustjóri - Hvammur
» Leikskólakennari - Hvammur
» Leikskólakennari - Hörðuvellir

**Málefni fatlaðs fólks**
» Framtíðarstarf - Hæfingarstöðin Bæjarhrauni 2
» Verkefnastjóri - Frístundaklúbburinn Kletturinn
» Sumarstarf á heimili fatlaðs fólks - Steinahlíð
» Forstöðumaður á heimili fatlaðs fólks
» Stuðningsfulltrúi - Geitungarnir
» Þroskaþjálfi - Geitungarnir
» Afleysing - Lækur

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Það er rómantískt að færa ástinni sinni morgunverð í rúmið. Rósin talar sínu máli en matur er líka leið að hjarta mannsins, eins og þessar rabarbaraskonsur og jarðarberjasmjör.






Tískuhús Zik Zak www.zikzakverslun.is Kringlan 551-1314 Glerártorg 559-1314

# Engir tveir dagar eru eins

Fatahönnuðurinn Ragna Sigríður Bjarnadóttir hóf nýlega störf hjá danska fatamerkinu Part Two í Kaupmannahöfn. Eftir annasama vinnudaga nýtur hún lífsins í borginni með kærastanum.

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Ragna Sigríður Bjarnadóttir fatahönnuður útskrifaðist með mastersgráðu í fatahönnun frá hinum virta danska listaháskóla KADK á síðasta ári. Hún hefur verið búsett í Kaupmannahöfn undanfarin ár og starfar nú hjá danska fatamerkinu Part Two sem aðstoðarhönnuður. Alþjóðlegi fatahönnunarbransinn er krefjandi en þrátt fyrir það er lífið ljúft í Kaupmannahöfn þar sem hún nýtur lífsins með kærasta sínum Þráni Halldórssyni og kettinum Skeggja.

Það sást snemma hvert hugur Rögnu stefndi enda segist hún hafa haft sterkar skoðanir á fötum eins lengi og hún man eftir sér, bæði eigin fötum og annarra. „Ég fékk mjög snemma áhuga á að búa til föt og gat t.d. staðið fyrir framan spegil tímunum saman að vefja sjali utan um mig á mismunandi hátt. Einnig fannst mér miklu skemmtilegra að búa til ný föt fyrir dúkkulísurnar mínar heldur en að klæða þær í þau sem fylgdu með þeim. Þessu fylgdi svo sterkur áhugi á sauma- og prjónaskap og þegar ég vissi að það væri hægt að læra fatahönnun og vinna við hana varð ekki aftur snúið.“

### Stefndi alltaf út

Áður en Ragna hélt til Kaupmannahafnar útskrifaðist hún frá Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í fatahönnun. Hún segist alltaf hafa stefnt á frekara nám og að stækka sjóndeildarhringinn.

„KADK er mjög virtur á alþjóðlegum vettvangi og því eru mikil tækifæri fólgin í því að útskrifast þaðan. Aðstaðan þar er á allt öðru plani en ég hafði kynnst áður, námið var mjög frjálslegt sem hentaði mér vel því ég veit hvað ég vil og er góð í að vinna sjálfstætt. Eftir útskrift vildi ég vinna hér í Danmörku sem hönnuður og læra meira um praktísku hliðina og hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í alvörunni.“

Frá útskrift og þar til Ragna hóf störf hjá Part Two í lok febrúar leið tæpt ár sem hún líkir við langa rússíbanaferð. „Sú ferð byrjaði í rauninni viku fyrir lokaferðina mína en þá var ég stödd í Mílanó að taka þátt í alþjóðlegri fatahönnunarsamkeppni ásamt ungum hönnuðum alls staðar að úr heiminum. Bekkurinn minn stóð síðan fyrir eigin tískusýningu sem hluta af dönsku tískuvikunni í ágúst og í kjölfarið var mér boðið að sýna lokaverkefnið mitt þrisvar síðasta haust, einu sinni í London og tvisvar í Kaupmannahöfn.“

Samhliða þessu var Ragna að fínpússa útskriftarmöppuna sína, setja upp heimasíðu og sækja um störf. „Þótt fatabransinn sé stærri hér í Danmörku en heima er samt mjög erfitt að fá vinnu því að það eru svo margir um hituna auk þess sem störf eru almennt ekki auglýst.“

Seinna um haustið tók við starfsnám hjá Pura Utz og í upphafi þessa árs hjá Stine Goya þar sem hún hand- og tölvuteiknaði munstur sem koma á flíkur í sumar- og vorlínunni 2019.



Ragna Sigríður við hönnun sína við opnun útskriftarsýningarinnar í júlí 2017.

### Góð samvinna

Starfið hjá Part Two er mjög fjölbreytt að hennar sögn og engir tveir dagar eins. „Part Two er ekki mjög stórt merki á danskan mælikvarða en samt er hönnunarteymið stærra en hjá nokkru fatamerki á Íslandi. Vörur okkar eru seldar út um alla Evrópu, m.a. á Íslandi, og einnig í Kanada en við framleiðum sex fatalínur á hverju ári.“

Ragna er í teymi með fjórum öðrum hönnuðum og einum munsturhönnuði. „Sem aðstoðarhönnuður er ég m.a. að tækniteikna flíkur fyrir framleiðslu og setja upp útskýringaskjöl sem fylgja með hverjum stíl fyrir sig. Einnig sé ég um grafíska vinnu fyrir hvert söluferli, set upp svokallaða sölubók fyrir hverja línu þar sem allar upplýsingar um flíkurnar koma fram og set upp kynningarpakka með innblæstrinum, svokallað „moodboard“, litakort og hvaða fókus við höfðum við hönnun línunnar.“



Jakki sem Ragna hannaði og saumaði fyrir Pura Utz meðan hún var í starfsnámi þar síðasta haust.

Hún segist mjög heppin að vera á vinnustað þar sem hún fái að vera með í flestum ákvörðunum. „Það er mikil samvinna og hugmyndum er kastað fram og til baka, t.d. hvaða flík eigi að vera með hvaða munstri, hvort ermi eigi að vera stutt eða síð eða hvaða liti við notum hverju sinni. Þannig verða engir tveir vinnudagar eins og ég læri eitthvað nýtt á hverjum degi. Helsti munurinn á bransanum heima og hér úti er sá að í Danmörku er hann stór hluti af atvinnulífinu og miklu meiri virðing borin fyrir þessum iðnaði en heima. Í Danmörku eru líka stærri fatamerki og mörg þeirra eru búin að vera til í langan tíma og um leið með stöðugan kúnnahóp.“



Frá útskriftarsýningu Rögnu í KADK.

### Þægilegt líf

Lífið í Kaupmannahöfn er annars mjög ljúft. „Bara þessar auka 5-10 hitagráður og það að getað hjólað um allt gerir mjög mikið fyrir geðheilsuna. Ég og kærastinn erum búin að vera mjög dugleg að nýta okkur það sem borgin hefur upp á að bjóða auk þess sem við erum líka dugleg að fara út fyrir borgina. Við eigum allra þjóða vini hérna úr skóla og vinnu og ég á minn íslenska hóp í kvennakórnum Dóttur sem ég syng og slúðra með einu sinni í viku. Þessi helgi fer annars í matarboð með vinum, prjónaskap úti á svölum í sólinni, kaffihúsahangs, flóamarkaði og mögulega bíóferð.“ Hönnun Rögnu má skoða á ragnabjarna.com.

Stutt, hagnýtt starfsnám

MATSVEINN – MATARTÆKNIR

HEILSA OG MATUR
Ertu að vinna í mötuneyti? Viltu auka möguleika þína í starfi?
Þá er þetta nám fyrir þig:
**Matsveina-og matartæknanám** er fyrir þá sem starfa eða vilja starfa við matreiðslu og stjórnun í eldhúsum leik-, grunn- og framhaldsskóla, vinnustaða og heilbrigðisstofnana. Námið er einnig heppilegt fyrir þá sem starfa á fiski- og flutningaskipum og í ferðaþjónustu.

INNRITUN STENDUR YFIR Á MENNTAGATT.IS TIL 31. MAÍ.

Menntaskólinn í Kópavogi
Sími: 594 4000



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN | FERÐAMÁLASKÓLINN | LEIÐSÖGUSKÓLINN


ÚLFARSFELL
1000
Fjölskylduhátíð 10. maí kl. 14
Göngustjórar: Reynir Traustason og John Snorri Sigurjónsson.
Þyrla Landhelgisgæslunnar mætir á svæðið.
Brottför kl. 14 frá skógræktinni í Mosfellsbæ og bílastæði í Úlfarsárdal.
Jakob Frímann Magnússon stjórnar stuði á palli.
Ávarp: Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.
Stuðmenn, Emmsjé Gauti, Hörður Torfason og Katrín Halldóra syngur
lög Ellýjar Vilhjálms. Skrefin, kór Ferðafélags Íslands.
Haukur Hjaltason stjórnar æfingarprógramminu Hauknum.
Styrktaraðilar: Vodafone, Stundin, Ikea og Fjallakofinn.
FÍ
FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
www.fi.is

# Smáauglýsingar

**512 5800**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



SUZUKI FJÓRHJÓL. Fjórhjólin eru með power stýri, 100% driflæsingu. Létt, lipur, meðfærileg í notkun og eyða auk þess afar litlu eldsneyti.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

**bilauppbod.is**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

**BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN**



KIA SPORTAGE LUXURY nýskr. 11/2016, ekinn 40 Þ.km, diesel, sjálfskiptur, leður ofl. Einkabíll! Verð 4.290.000 kr. Raðnúmer 257865 á BILO.is



BMW 520D XDRIVE nýskr. 09/2016, ekinn 12 Þ.km, diesel, sjálfskiptur, hlaðinn aukahlutum! Stórglæsilegur bill! Verð aðeins 6.490.000 kr. Raðnúmer 256774 á BILO.is



BMW 225 XDRIVE Plugin Hybrid nýskr. 01/2017, ekinn 18 Þ.km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur, mjög vel búinn aukahlutum. Glæsilegur bill! Verð 4.880.000 kr. Raðnúmer 257669 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Nissan Qashqai verð 2.650.000,-árg. 2016, Disel,Sjálfskiptur Sumar og vetrardekk uppl í s: 699 7720



Til sölu Landcrucer 120 árgerð 2009 ekinn 154.000 km. Nýskoðaður góður bill. Upplýsingar í síma 897-5341 og 897-5360.



Til sölu BMW X5 dísel, 7/2007,ek.154 þús,hlaðinn búnaði. Uppl. s. 8930888

Landcruiser 200 VX árg. 2008, dísel, ek. aðeins 130þ. km. Verð 7.790.þ. VW Polo, 1400, comfortline, árg. 2011, beinsk., ek. 92þ. Verð 1.190þ. Uppl. í 822-4850




## Bílar óskast



Óska eftir að kaupa vel með farin, lítið ekinn Toyota Land Cruiser 100, Diesel eða Bensín 2005-2006, má gjarnan vera breyttur bíll, helst svartan ekki skilyrði. Uppl. í síma 7705144 Kjartan

## Fornbílar



1968 Mustang GTCS til sölu Eina eintakið á Íslandi verð 4.000.000 s. 860-5263

## Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

## Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI 2018 STÓRSPARNAÐUR!**
Hobby hjólhýsi 2018, stórsparnaður. Kauptu beint frá Þýskalandi við aðstoðum þig. Verðhugmyndir, grunnverð. 1 Evra kr. 122,— Landhaus 770 CL kr.4.540.000,— Premium 560 CFe 3.760.000,— Prestige 620 CL 3.150.000,— ON TOUR. 470 UL 2.840.000,— Allar fyrirspurnir sendist á kriben@simnet.is s. 8634449 Ath. takmarkað magn.

## Vinnuvélar

**OK VARAHLUTIR**
**Dekkjavélar**
(affelgunar og ballance vélar)
**á tilboðsverði**



O.K. varahlutir ehf.
okspares@simnet.is | S. 6961050

## Bátar



**NÝTT - NÝTT - NÝTT HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKA NR. 12**
Góð reynsla - meiri afli Heimavík ehf Heimavik.is sími 892-8655

**VEIÐIPORTIÐ**



Bellybátur ,pumpa taska og sundfit Aðeins 24.900 kr Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

## Bílaþjónusta

**VAKA**
VIÐ VÖKUM MEÐ ÞÉR!
KRANABÍLAÞJÓNUSTA ALLAN SÓLAHRINGINN
Sími: 567 6700 | vakahf.is

---

**Komdu og prófaðu!**

# bill.is

Malarhöfði 2
Sími 5773777
www.bill.is



**NISSAN Note.**
Árgerð 2016, ekinn 34 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð 1.790.000.**
Rnr.260726.



**RENAULT Kadjar.**
Árgerð 2017, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 3.390.000.**
Rnr.251098.



**NISSAN Pulsar.**
Árgerð 2016, ekinn 33 Þ.KM, dísel, 6 gírar.
**Verð 2.080.000.**
Rnr.271039.



**HYUNDAI I30 comfort.**
Árgerð 2012, ekinn 162 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.
**Verð 1.290.000.**
Rnr.301965.



**TOYOTA Hilux 33" breyting.**
Árgerð 2016, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar.
**Verð 6.590.000.**
Rnr.271580.



**HOBBY 470 ul on tour.**
Árgerð 2018, ekinn -1 Þ.KM, ??, .
**Verð 3.790.000.**
Rnr.280046.



**HONDA Cbf 1000 a tilboð.**
Árgerð 2008, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 6 gírar.
**Verð 680.000.**
Rnr.251263.



**MAZDA 2 advance.**
Árgerð 2012, ekinn 94 Þ.KM, bensín, 5 gírar.
**Verð 990.000.**
Rnr.250359.

## Keypt & Selt

### Til sölu



Innihurðir
frá Þýskalandi. Vandaðar.

Verð frá Kr. 8000
með körmum.
Litir eik, og hvítt.
S. 66 45 900.
santon@mi.is

LOK Á POTTA



HEITIRPOTTAR.IS
HÖFÐABAKKA 1
SÍMI 777 2000



Til sölu Liebherr 35K byggingakrani. Til afhendingar strax. Upplýsingar í síma 8922221

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Skólar & Námskeið

### Námskeið



**ICELANDIC, ENGLISH & NORWEGIAN F. FOREIGNERS - ENSKA - NORSKA**
Levels/Stig: I, II, III, IV, V, VI: ÍSLENSKA f. útlendinga, NORSKA, ENSKA f. Fullorðna: Start/Byrja: 28/5,2 5/6,23/7,3/9,1/10,29/10,26/11 , 2019:7/1, 4/2, 4 weeks/4 vikur x 5 days/daga. 2-6 students/nem. Morn/Aftern/Evening. Morgna/ Síðd/Kvölds. AUKATÍMAR: STÆ/EÐL: www.iceschool.is - ff@icetrans. is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108 s. 5571155 / 8981175.

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Heimilið

### Barnavörur



**VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA**
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. barnidokkar.is

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU Í GARÐABÆ**
Til leigu 100 fm 3ja herbergja íbúð Við Garðatorg. Leiguverð 295.000. Nánari uppls í síma 898-5254

Atvinnuhúsnæði til leigu 150 fm á Kársnesbraut góð innkeyrsluhurð skrifstofa, 20 fm kælir 5 fm frystir. uppl. s. 6605600

## Atvinna

### Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Eldri smiður eða maður vanur hússmíði (Handyman) óskast í viðhald húseigna hluta úr degi. Uppl. S. 66 45. 900 Santon@mi.is

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbi@humarsalan.is

Óskum eftir lærðum eða vönum mönnum í málningarvinnu. Umsóknir sendist á smaar@ frettabladid.is merkt málari

### Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

## Tilkynningar

### Fundir

**FÉLAG HESTHÚSEIGENDA Í VÍÐIDAL**
Aðalfundur félagsins verður haldinn í C-tröð 4 reiðhöllinni hjá Sigurbirni fimmtudaginn 17. maí n.k kl 19.30. Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf.
**Stjórnin**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það
Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.
Hafðu samband og við metum ástandið.

Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is





**IÐNAÐARHÚSNÆÐI TIL LEIGU**
115-120 m²
með milliloft,
allt nýuppgert

Opið hús miðvikudaginn 9. maí kl. 12-13

Vagnhöfði 17
(Dvergshöfðamegin)
s. 776 8484 – siggahrund@gmail.com

SKER Hönnun & Gjafavara



Opnunartími:
Mánudaga-Miðvikudaga frá 12-17
Laugardaga frá 12-15

Langholtsvegur 126
104 Reykjavík
www.sker.is



**Allar tölvuviðgerðir**
PC-Mac-Stýrikerfishreinsun
Rykhreinsun-Bilanagreining

*Fljót og góð þjónusta*

tölvuvinir.is
tölvuverkstæði

**Hafðu samband
Sími: 445 0100
Langholtsvegur 126
104 Rvk.**






# FOREIGNER

**LAUGARDALSHÖLL | 18. MAÍ 2018**

I WANT TO KNOW WHAT LOVE IS • COLD AS ICE
WAITING FOR A GIRL LIKE YOU • URGENT
SAY YOU WILL • DOUBLE VISION • JUKE BOX HERO

EKKI MISSA AF ÞESSU

**MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á MIDI.IS**

/ FOREIGNER Á ÍSLANDI

VÍKING BRUGGHÚS

Vista Expo

## Ungt fólk í stjórnmálum

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is





„Ég man eftir því að hafa gengið úti á götu og þá fóru krakkar að herma eftir öpum.,“ segir Kristbjörg Eva Andersen Ramos. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Öðruvísi fátækt í Reykjavík en Ekvador

**Kristbjörg Eva Andersen Ramos** er aðeins 21 ára gömul og komin í framboð fyrir Sósíalistaflokk Íslands. Hún er alin upp í Breiðholti. Ólst upp við efnahagslegt óöryggi og upplifði fordóma. Hún var fjórtán ára þegar hún byrjaði að vinna til að aðstoða fjölskyldu sína.

Kristbjörg Eva Andersen Ramos er í framboði fyrir Sósíalistaflokk Íslands í Reykjavík og er yngst á lista, aðeins 21 árs gömul. Móðir hennar, Ines Maria, flutti til Íslands frá Ekvador fyrir 27 árum.

„Mamma var gift manni sem tók þátt í róttækustu byltingu sem hefur átt sér stað í Ekvador. Hann var sendur í útlegð og mamma stóð ein eftir með son þeirra,“ segir Kristbjörg Eva frá um rætur sínar.

Móðir hennar náði að klára háskólanám sitt í Ekvador en ákvað að leita tækifæra á Íslandi. „Til að fá betri atvinnu, tækifæri og betra líf. Það er ekkert líf að lifa í endalausri fátækt,“ segir hún og segir fátækt í Ekvador sárafátækt. Sem ekki hafi verið mögulegt að vinna sig upp úr.

„Hún flutti hingað ein og fann sér vinnu. Henni fannst ganga vel, en var í raun beitt miklu óréttlæti. Hún vissi ekki um réttindi sín. Það tók töluverðan tíma fyrir hana að finna út úr því hvaða réttindi hún átti á íslenskum vinnumarkaði. Hún var bara svo ánægð að geta unnið fyrir sér. Hún þurfti líka að læra íslensku upp á eigin spýtur, eins og flestir aðrir á þessum tíma. Þetta hlýtur að hafa verið erfitt fyrir hana. Hún gerði þetta fyrir son sinn sem hún skildi eftir í heimalandinu,“ segir Kristbjörg Eva.

Bróðir hennar, Alex Santiago, kom til Íslands fjórum árum seinna. „Hann fer beint í skóla og fær íslenskukennslu og ágæta aðstoð. Mamma og pabbi kynntust hjá Hjálpræðishernum þar sem þau unnu. Mömmu tókst svo að kaupa íbúð í Breiðholtinu og fjölskyldan flutti þangað. Svo fæddist ég,“ segir Kristbjörg Eva.

*Hvernig er það að vera Íslendingur af erlendum uppruna?*

„Eftir því sem ég varð eldri þá uppgötvaði ég betur og betur hvernig kerfið lítur á innflytjendur. Sem afgangsstærð. Kerfið hefur verið óréttlátt og lífsskilyrði margra sem hafa flust hingað og unnið hörðum höndum hafa verið erfið.

Margt hefur batnað, en margt hefur versnað. Það er meiri hjálp í boði, en hún er fyrir útvalinn hóp. Útlendingastofnun bregst til dæmis stórum hópi sem hingað leitar eftir hjálp. Hælisleitendur búa við ömurlegar aðstæður. Geta ekki fengið heimsóknir og fá ekki þá faglegu aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Sem samfélagi ber skylda til að veita. Það er skammarlegt,“ segir Kristbjörg Eva.

„Ég er viss um að ef mamma mín og fleiri hefðu fengið betri aðstoð, hjálp og ráð, þá væru þau á betri stað andlega. Þess í stað voru þau einangruð. Í felum. Þannig er það oft í dag líka, sérstaklega á það við um innflytjendur sem ná að koma úr erfiðum aðstæðum.“

Kristbjörg Eva segist hafa upplifað fordóma . „Fordómarnir voru bæði gagnvart mér og mínum kynþætti. Ég man eftir því að hafa gengið úti á götu og þá fóru krakkar að herma eftir öpum. Eða kalla mann illum nöfnum. Sem lítið barn á ekki að þurfa að heyra. Mamma lenti oft í þessu. Í strætó, úti á götu,“ segir Kristbjörg Eva sem segir áhrif slíkra fordóma leggjast þungt á sálina.

„Í dag er fólk auðmýkra. Meðvitaðra. En samt vantar mikið upp á, fordómar eru víða í samfélaginu,“ segir Kristbjörg Eva og segir birtingarmyndirnar margvíslegar.

Hún upplifði líka mikið efnahagslegt óöryggi. „Við unnum öll mikið til að hafa í okkur og á. Ég þurfti að fara að vinna um leið og ég gat. Og fannst það sjálfsagt. Ég var fjórtán ára gömul í garðyrkjuvinnu á vegum Reykjavíkurborgar, það var lítill peningur en hann hjálpaði samt foreldrum mínum sem þurftu hverja krónu. Það var farið mjög sparlega í það hvað var keypt í matinn og við eyddum ekki í okkur sjálf,“ segir Kristbjörg Eva. „Mamma vann mest, eins og brjálæðingur. Bróðir minn vann sem pitsusendill. Mömmu fannst mikilvægt að við ynnum með skóla. Hún þurfti sjálf að gera það sem ung stúlka. Hún ólst auðvitað upp í sárafátækt. Sem við þekkjum ekki hér á Íslandi. Hér er fátækt. En það er öðruvísi fátækt. Að fá að vinna er fyrir mömmu ákveðin lífsgæði,“ segir Kristbjörg Eva.

„Mamma var einbeitt í því að gefa okkur betri framtíð og betra líf en hún átti sjálf. Hún varði okkur því oft fyrir því óréttlæti sem hún varð fyrir hér á landi.“

Kristbjörg Eva segir Breiðholtið einna vanræktasta hverfi borgarinnar. „Það eru svæði í Breiðholti sem þurfa á lagfæringu að halda. Það þarf að spýta í lófana og bæta þjónustu við þá hópa sem búa við bág kjör. Ég væri til í að sjá menninguna blómstra, því í Breiðholti búa svo margir kraftmiklir einstaklingar sem eiga að fá aukinn aðgang að ákvarðanatöku í málefnum borgarinnar.

Hingað til hefur áherslan verið á það að láta Breiðholtið líta vel út á yfirborðinu. Með því að mála veggi á blokkum hér og þar á listrænan hátt. Þegar fólkið í mörgum þessara blokka á ekki fyrir brýnustu nauðsynjum fyrir sig og sína þá væri fjármagni borgarinnar betur varið í að aðstoða það fólk. Ef valið stendur á milli þess að gera málverk á blokkir eða hjálpa íbúunum er í mínum huga augljóst hvorn kostinn á að velja. Og ég er viss um hvað íbúarnir myndu velja, ef þeir hefðu val.“

Kristbjörg Eva kláraði stúdentspróf frá Kvennaskólanum í Reykjavík og stundar nú nám í stjórnmálafræði í Háskóla Íslands. „Ég vissi alltaf að ég vildi gera eitthvað tengt stjórnmálum. Sjálfsagt tengist það upprunanum og sögu Ekvador. Byltingar, mótmæli, kröfugöngur. Mig langar til þess að taka þátt í samfélaginu og hjálpa þeim sem minna mega sín,“ segir Kristbjörg Eva.

*Eru þá stjórnmálin draumastarfið?*

„Draumastarfið mitt er það starf sem mér líður vel í, starf sem ég veit að ég get látið gott af mér leiða í. Og ef að stjórnmálin falla undir þá skilgreiningu þá get ég sagt að það sé draumastarfið.

Kristbjörg segir skorta fyrirmyndir í stjórnmálum. „Ég á enga fyrirmynd í íslenskum stjórnmálum. Ég tengi ekki við neinn íslenskan stjórnmálamann. Því þeir tengja ekki við mig og mína fjölskyldu eða mitt hverfi. Sýna því enga athygli.“

Kristbjörg Eva hefur komið þrisvar til Ekvador. „Að vera í Ekvador er eins og að vera í öðrum heimi. Þar eru eyðimerkur og regnskógar. Menningin og mannlífið iðar hreinlega. Þar er mikil fátækt. Bilið á milli þeirra ríku og fátæku er rosalegt,“ segir Kristbjörg Eva.

### Úr lífi Kristbjargar Evu

**Fullt nafn:** Kristbjörg Eva Andersen Ramos
**Fædd:** 12. júlí 1997
**Foreldrar:** Ines Maria Jacomé Ramos og Sveinn Sigurvin Andersen
**Systkini:** Alex Santiago Jativa Ramos
**Fallegasti staður borgarinnar:** Geldinganesið þegar sólin er að setjast.
**Býrðu yfir hæfileikum sem fáir vita af?** Það sem fáir vita er að ég er ekki svo slæmur myndlistarmaður.
**Hver eru helstu áhugamál eða ástríða?** Ég hef mikla ástríðu fyrir tónlist og eitt af mínum helstu áhugamálum er að safna vínylplötum, gömlum sem nýjum.









25%
afsláttur




# Heilsutjútt

## Allt að 25% afsláttur í öllum verslunum Lyfju 3.–13. maí

### Solaray

Hágæða vítamín og bætiefni. Kíktu á frábært úrval í Lyfju og finndu þinn sólargeisla frá Solaray. **Afsláttur af allri línunni.**

20%
afsláttur




### Nuun – Active og Boost

Bragðgóðar freyðitöflur með söltum og steinefnum. Betra vökvajafnvægi og meiri orka í íþróttum og daglegu lífi. Inniheldur einnig koffein úr grænu tei.

25%
afsláttur




### Now

Breið lína hágæða bætiefna, án óæskilegra aukaefna svo sem litar–, bragð– og rotvarnarefna. **Afsláttur af allri línunni.**

25%
afsláttur




### Guli miðinn

Orka og uppbygging frá Gula miðanum. Hluti af daglegu lífi Íslendinga í yfir 25 ár. Guli miðinn fyrir okkur. **Afsláttur af allri línunni.**

20%
afsláttur




### Optibac – einstök virkni

Margar klínískar rannsóknir hafa verið gerðar á Optibac góðgerlum sem staðfesta einstaka virkni þeirra. **Afsláttur af allri línunni.**

TVENNU
TILBOÐ




### Iceherbs

Liðatvenna frá Iceherbs. Inniheldur túrmerik með pipar og magnesíum.

20%
afsláttur



### Hollusta heimilisins

Íslensk hágæða vítamínlína fyrir alla fjölskylduna. Vítamínin eru sykurlaus. **Afsláttur af allri línunni.**

10%
afsláttur

Nýtt




### Uppy freyðitöflur

Njóttu þess að ferðast með Uppy og flugþreytan heyrir sögunni til. Bragðgóðar freyðitöflur með völdum vítamínum og steinefnum.

20%
afsláttur




### Hansal freyðivítamín

Hansal býður upp á úrval af bragðgóðum freyðivítamínum og steinefnum á frábæru verði. **Afsláttur af allri línunni.**

Tryggðu þér þínar eftirlætisvörur á enn betra verði. Tilboðin gilda í öllum verslunum Lyfju og í netverslun okkar á lyfja.is

lyfja.is

LYFJA
– Lifið heil

## Moggi hringdi í Hillary

Sveinbjörn skrifar:

Það er mikið tilstand með strákana okkar, Everest-farana. Þótt ekki færri en 660 manns hafi klifið Everest-tind þótti Morgunblaðinu við hæfi að hringja til Sir Edmunds Hillarys, er komst á tindinn árið 1953 fyrstur manna, og segja honum fréttirnar af strákunum. Sir Hillary var að búast til svefns en óskaði fjallagörpunum til hamingju þótt hann hefði ekki haft spurnir af afrekinu. Hillary hefur líklega ekki beðið við símann í hvert sinn sem þeir rúmlega 600 klifu Everest. – Það gerum við ekki heldur nema þegar okkar strákar eiga í hlut. Hinir hafa auðvitað engin afrek unnið.

**Er þetta frétt?**
Ekkert veitir virkum í athugasemdum meiri sálarfró en að skera úr um hvað er fréttnæmt og hvað ekki og krossfesta fjölmiðla og blaðafólk mörgum sinnum á dag fyrir að vera alltaf að segja fréttir sem þeim finnst ekki vera fréttir. Og þar sem hver og einn virkur er mælikvarði allra hluta hafa þeir alltaf rétt fyrir sér.

## Enn áróður

Stína hringdi:

Enn einn „reyklausi dagurinn" er í nánd og þá hellist yfir mann áróðurinn um skaðsemi reykinga. Þetta er orðið vægast sagt þreytandi. Af hverju í ósköpunum má maður nú ekki reykja í friði? Það er hvort sem er búið að banna reykingar svo gott sem alls staðar. Vonandi fer þessari áróðursherferð að linna. Það er nóg komið.

**Félagslegt ofbeldi**
Andfélagslegur mótþrói er oft ríkjandi þáttur í fari virkra í athugasemdum á öllum tímum. Af hverju má maður ekki reykja í friði? Þetta er sígilt þrætuepli þótt nú sé oftar spurt af hverju maður megi ekki veipa í friði.

## Ómar á Bessastaði!

*Frá Rósalín Tómasdóttur:*

ÉG VIL skora á Ómar Ragnarsson að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands.

Hann er fyrir löngu orðinn þjóðkunnur maður og þeir eru fáir sem þekkja staðhætti á Íslandi jafnvel og hann.

Svo hefur hann áralanga reynslu úr sjónvarpinu sem fréttamaður og talar því mjög gott mál og hefur góðan framburð. Hann á líka mjög auðvelt með að koma fram meðal fólks og ekki skemmir hans ríka kímnigáfa fyrir.

Kunningjar mínir og vinir vítt og breitt um landið eru mér sammála um þetta val þegar ég hef nefnt þetta við þá.

Ég er viss um það að ef að Ómar býður sig fram mun hann fá mikið og gott fylgi því íslensku þjóðinni er svo annt um hann.

RÓSALÍN TÓMASDÓTTIR,
Drangshlíð 1, Akureyri.

## Afsökunarbeiðni

Í FYRRADAG birtist hér í blaðinu bréf þar sem skorað var á Ómar Ragnarsson að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands. Höfundur bréfsins var sagður vera Rósalín Tómasdóttir, Drangshlíð 1, Akureyri.

Í ljós er komið að Róslín Tómasdóttir, sem þar er búsett, hefur ekki skrifað þetta bréf og því um að ræða fölsun og misnotkun á nafni hennar. Handrit það, sem Morgunblaðið hafði undir höndum, gaf hins vegar ekki tilefni til að ætla að brögð væru í tafli.

Morgunblaðinu þykir leitt að hafa valdið Róslín Tómasdóttur þessum óþægindum og biður hana afsökunar á mistökunum, svo og Ómar Ragnarsson sem einnig var þolandi í þessum ljóta leik.

Ritstj.

**Ljótur leikur**
Nafnleynd, dulnefni og fölsk nöfn hafa verið öflugt vopn virkra í athugasemdum frá því löngu áður en þeir ómerkilegustu í þeirra röðum fóru að sniglast um internetið. Þessu brenndi Mogginn sig á þegar Rósalín, sem skoraði á Ómar Ragnarsson að gefa kost á sér í embætti forseta Íslands, reyndist alls ekki vera Rósalín. Brögð voru í tafli og Mogginn brást skjótt við og baðst afsökunar á því að hafa dregið Ómar inn í ljótan leik.

# Taumhald á virkum í athugasemdum

Svokallaðir „virkir í athugasemdum" eru áhugaverð og undarlega samansett hjörð fólks sem telur sig vita allt best og hefur nánast þráhyggjukennda þörf fyrir að auglýsa visku sína og djúpan lífsskilning í athugasemdakerfum netmiðlanna. „Virkir" hafa að vísu alltaf verið til en á pappírsöld létu þeir helst að sér kveða í lesendabréfum dagblaðanna.

Með tilkomu netsins rofnaði hins vegar ritstjórnarlega taumhaldið á þeim og þeir hafa verið óstöðvandi og stjórnlausir upp frá því.

Lausleg yfirferð yfir lesendasíður Morgunblaðsins og DV á síðasta áratug liðinnar aldar sýnir svo ekki verður um villst að skapgerðarbrestir þeirra sem þurfa endalaust að deila gremju sinni með alþjóð hafa lítið breyst.

Næsta víst er einnig að þeir orðljótustu engdust í bældum pirringi fyrir tíma netsins en illu heilli lenda skeytasendingar þeirra ekki lengur í ruslafötunni. **thorarinn@frettabladid.is**

## Varhugaverðir strandverðir

Þorbjörn hringdi:

Mér finnst okkar annars ágæta Sjónvarp vera komið út á hálan ís með sýningum á þáttaröðinni um strandverðina í Bandaríkjunum. Ég hef séð nokkra þætti með öðru auganu enda vart þorað að horfa á sjónvarpstækið með báðum augum þegar þessir þættir eru annars vegar.

Ég get ekki látið hjá líða að koma þeirri skoðun minni á framfæri að þarna séu á ferð varhugaverðir þættir. Sérstaklega vil ég minnast á lauslætið sem þar viðgengst. Og ekki bætir heldur úr skák að allir sem fram koma í þessum þætti virðast þurfa að vera hálfnaktir. Og svo er þetta sent út þegar börn og unglingar eru enn á fótum.

**Varúð: Pamela!**
Heldur þótti honum Þorbirni RÚV ógna almennu siðgæði landsmanna með sýningum á sjónvarpsþáttunum Strandverðir, eða Baywatch, hvar Pamela Anderson fór mikinn í flegnum, rauðum sundbol. Allt var þarna vaðandi í lauslæti og persónum og leikendum ómögulegt að hylja nekt sína almennilega.

**Ruglaður Radíusklerkur**
Davíð Þór Jónssyni, þá skemmtikrafti en nú sóknarpresti, hefur reynst einkar lagið að æra óstöðuga í áratugi. Hann og Radíusbróðir hans, Steinn Ármann Magnússon, gengu fram af henni Soffíu og fleirum skömmu fyrir aldamót. Þóttu illa til fara og subbulegir. Þessi reiðilestur er síðan englasöngur miðað við það sem Soffíur vorra tíma hafa gólað á séra Davíð eftir að hann gerðist pönksöngvari.

## Ruglaðir Radíusbræður

Soffía hringdi:

Ég er sammála Akurnesingunum sem gengu út af skemmtun á Hótel Íslandi vegna óviðurkvæmilegra ummæla og aðdróttana um einn kunnan knattspyrnumann þeirra Skagamanna. En burtséð frá þessum sérstöku móðgunum þá er ég orðin dauðleið á Radíusbræðrum, svo ruglaðir sem þeir eru. Og illa klæddir í þokkabót á fínu balli eins og þarna á Hótel Íslandi. Og brandararnir eru bæði klúrir og oft jaðrar orðalagið við subbuskap, einkum hjá öðrum þeirra. – Mætti ég nú frekar biðja um Ómar okkar, hinn sígilda og síkáta gleðigjafa.

## Ekki sama Prins pólóið

Árni Guðmundsson skrifar:

Ég hef keypt og etið Prins póló síðan ég var barn og það í miklum mæli. Nú er komið nýtt á markaðinn en það er bara ekki sama Prins pólóið og áður, að mínu mati. Þetta nýja er þynnra og þéttara og mér sýnist það bara vera eins og hvert annað „sükkulakex" og fellur inn í þann fjölda tegunda sem er á markaðnum. Það gamla gerði það ekki. – Auk þess sem varla er möguleiki að opna þetta nýja.

**Alltaf eitthvað til að tuða yfir**
Skoðanafíklar láta sig allt varða og einblína ekki aðeins á stjórnmál og siðapredikanir úr sínum háu söðlum. Ef maður finnur ekkert til þess að nöldra yfir, þá er alltaf verið að breyta einhverju, til dæmis Prins Póló, bara til þess að skemma fyrir manni.

## Klámstöðin Sjónvarp

Garðar Sigurðsson skrifar:

Ég get engan veginn orða bundist lengur, fremur en þeir aðrir sem látið hafa eitthvað frá sér fara um dagskrárefni Ríkissjónvarpsins. Ég tek undir með þeim sem hafa gagnrýnt harðlega dagskrá Sjónvarpsins gegnum tíðina. Hún hefur mörg undanfarin ár verið nánast verri en engin. Ef fréttir eru frátaldar er dagskráin mestan part einn sori, klám, nauðganir eða harðsvíraðir blóðsúthellingarþættir og engan veginn sniðin að fjölskyldum eða sómakærum einstaklingum.

Þættir eins og þetta Dagsljós, sem er nú hreinn viðbjóður, innan um og saman við a.m.k., eiga ekki heima á sjónvarpsskermi. Eða eins og tveir ágætir bréfritarar hafa lýst þessu, annar í DV fyrir stuttu, hinn í Morgunblaðinu sl. fimmtudag, má segja „að Ríkissjónvarpið sé ein allsherjar útungunarvél fyrir klám, ofbeldi og saurlifnað" og „uppistaðan í dagskrá Sjónvarpsins er kynferðismál, klám, opinberar samfarir, hvers konar glæpaverk og kennsla í slíkum málum og morð með margvíslegum hætti", segir hinn skeleggi Önundur Ásgeirsson í Mbl.

Og þá er aðeins ein spurning sem maður situr uppi með: Er enginn þess megnugur að stöðva þennan ósóma á svo opinberum vettvangi sem Ríkissjónvarpið er? Ef útvarpsstjóri sér ekki sóma sinn í að andmæla þessu opinberlega, og heldur ekki Útvarpsráð, þá er næst að beina þessu til menntamálaráðherra, sem er þó æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins. Alla vega getur þessi vansæmd Sjónvarpsins gagnvart okkur, skylduáskrifendunum, ekki gengið lengur. Ríkisútvarpið hefur í raun ekkert leyfi til að gerast boðberi sora og lægri hvata svo purrkunarlaust að þjóðin stendur agndofa eftir.

**Ríkisklámið**
RÚV hefur löngum verið vinsælt skotmark kverúlanta sem hafa aldrei átt í vandræðum með að finna eitthvað í dagskránni til að æðrast yfir. Oftast er þetta allt bölvað klám og sori hvort sem efnið er innflutt eða heimaframleiðsla.



20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓM
dagana 3.-7. maí
20% AFSLÁTTUR
JUST DO IT.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
utilif.is



Meghan og Harry ljóma venjulega af hamingju þegar þau sjást saman. Þau ganga í hjónaband 19. maí. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill verða Díana númer 2

Kastljósið er á Meghan Markle sem senn gengur að eiga Harry Bretaprins. Hún kemur úr sundraðri fjölskyldu og ólíklegt er að systkinum hennar verði boðið í brúðkaupið.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrun@frettabladid.is



Mikil eftirvænting ríkir vegna væntanlegs brúðkaups Harry Bretaprins og hinnar bandarísku Meghan Markle, sem haldið verður hinn 19. maí. Fyrir einhverjum áratugum hefði verið óhugsandi að bandarísk fráskilin kona, dóttir blökkukonu, giftist inn í bresku konungsfjölskylduna.

Athygli hefur vakið að engum þjóðarleiðtogum, hvorki núverandi né fyrrverandi, er boðið í brúðkaupið. Sagt er að Harry hafi viljað bjóða Barack Obama en vel hefur farið á með þeim. Breska ríkisstjórnin er sögð hafa lagst gegn því þar sem túlka hefði mátt það boð sem verið væri að gefa Donald Trump langt nef. Um 600 manns er boðið til brúðkaupsins og 2.600 óbreyttum borgurum er boðið í móttöku á þessum hátíðisdegi.

Hin 36 ára gamla verðandi brúður er stöðugt umfjöllunarefni fjölmiðla og prýðir forsíður blaða og tímarita. Einnig hafa komið út bækur um hana, sú sem mesta athygli vekur er Meghan: A Hollywood Princess, en höfundurinn er Andrew Morton, höfundur metsölubókarinnar Diana: Her True Story. Meghan mun reyndar hafa lesið þá bók, enda lítur hún að sögn á Díönu prinsessu sem fyrirmynd sína og dáist að mannúðarstörfum hennar. Á sínum tíma horfði hún á jarðarför Díönu með vinkonum sínum og tárin streymdu niður kinnar þeirra. Æskuvinkona hennar segir að Meghan hafi ætíð viljað verða Díana númer tvö.

**Sundruð fjölskylda**

Foreldrar hennar, blökkukonan Doria Ragland förðunarmeistari og faðirinn, Tom Markle ljósamaður, kynntust við gerð sjónvarpsþáttanna General Hospital. Tom á tvö börn af fyrra hjónabandi, Samönthu og Thomas. Meghan er einkabarn foreldra sinna og varð strax augasteinn föður síns. Foreldrarnir skildu þegar Meghan var tveggja ára gömul og enn mun kalt á milli þeirra. Sú úlfúð er sögð hafa sett mark sitt á Meghan. Undanfarin ár hefur Meghan lítið sem ekkert talað við hálfsystur sína og hálfbróður sinn sá hún síðast árið 2011.

Samantha hefur lýst Meghan sem ofur metnaðargjarni og sjálfhverfri konu. Thomas sagði nýlega að Meghan væri engin Díana, hún væri ekki ekta. Hann sagði hana vera að sundra fjölskyldunni með því að bjóða ekki nánum ættingjum til brúðkaupsins. Hvorki Samantha né Thomas hafa fengið boðskort, en talið er víst að faðir og móðir Meghan muni verða í hópi boðsgesta. Samantha og Thomas vinna, hvort í sínu lagi, að bók um hálfsystur sína.

**Skrifaði Hillary Clinton**

Móðir Meghan er sögð afar sjálfstæð kona sem láti engan vaða yfir sig. Meghan er sögð líkjast henni að því leyti. Meghan var einungis ellefu ára þegar hún sá ástæðu til að bregðast við fullyrðingu í auglýsingu um uppþvottalög en varan var auglýst með orðunum: Konur um alla Ameríku eiga í baráttu við fituga potta og pönnur. Hún lét sér ekki einungis nægja að skrifa stjórnarformanni fyrirtækisins bréf heldur skrifaði einnig til forsetafrúarinnar Hillary Clinton og fór fram á að setningunni yrði breytt í: Fólk um alla Ameríku á í baráttu við fituga potta og pönnur. Auglýsingunni var breytt eins og Meghan hafði lagt til. Þetta framtak Meghan varð til þess að sjónvarpsstöðvar gerðu sér ferð í skóla hennar til að taka viðtöl við hana. Mörgum árum síðar þegar Meghan var orðin þekkt fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Suits kvartaði hún undan því við framleiðendur þáttanna að of mörg óþörf atriði snerust um að sýna hana hálfnakta. Þessu var samstundis breytt.



Meghan Markle verður senn hluti af bresku konungsfjölskyldunni.

**Sendi giftingarhringinn í pósti**

Meghan ákvað að leggja fyrir sig leiklist. Þar þurfti hún að sýna þrautseigju og vann fyrir sér í Los Angeles sem þjónustustúlka á veitingahúsi og hraðritari milli þess sem hún lék smáhlutverk í sjónvarpi og kvikmyndum. Hún kynntist framleiðandanum Trevor Engelson og var trúlofuð honum þegar hún fékk hlutverk í sjónvarpsþáttunum Suits sem teknir voru upp í Kanada. Þetta kostaði miklar fjarvistir við unnustann sem þau settu ekki fyrir sig og gengu í hjónaband eftir að hafa verið í sambandi í sjö ár. Vinsældir þáttanna jukust jafn og þétt og Meghan var orðin fræg og eftirsótt. Í ævisögu Andrew Morton kemur fram að Meghan sé afar metnaðargjörn og að vinir hennar í áraraðir hafi tekið eftir breytingu á henni þegar hún var farin að njóta velgengni því hún hafði ekki lengur tíma til að hitta þá.

Meghan sagði eitt sinn að hún gæti ekki ímyndað sér lífið án Trevors. Það breyttist fljótlega eftir að þau gengu í hjónaband. Hún er að eigin sögn haldin fullkomnunaráráttu en hann er þekktur fyrir kæruleysi, er til dæmis með endemum óstundvís. Meghan ákvað að skilja við mann sinn eftir tveggja ára hjónaband og sagt er að hún hafi undirstrikað þá ákvörðun sína með því að senda honum giftingarhring sinn og trúlofunarhring í ábyrgðarpósti. Ákvörðun Meghan kom Trevor mjög á óvart og sagt er að hann líti svo á að hún hafi komið afar illa fram við hann. Þegar fjölmiðlar leita hann uppi til að fá hann til að ræða um Meghan er viðkvæði hans: „Ég hef ekkert um hana að segja." Trevor virðist samt eiga ýmislegt ósagt en hann er um þessar mundir að framleiða sjónvarpsþætti um mann sem á fyrrverandi eiginkonu sem giftist inn í bresku konungsfjölskylduna.

**Kýs hamingjuna**

Mottó Meghan er: „Ég kýs hamingjuna." Hún virðist sannarlega hafa fundið hamingjuna með Harry Bretaprinsi en sameiginlegur vinur kynnti þau í júlímánuði 2016. Það var ást við fyrstu sýn. Eftir nokkurra mánaða kynni bauð Harry Meghan í safaríferð til Afríku. Hún var fjórða vinkonan sem hann bauð til Afríku. Þau bjuggu síðan saman á heimili Harrys, Nottingham Cottage, sem er í grennd við Kensington og mun vera mun minna en hús hennar í Toronto.

Á síðustu vikum hafa sérfræðingar í líkamstjáningu annars vegar rýnt í myndir sem sýna Meghan með Trevor meðan þau voru gift og hins vegar í myndir af Meghan og Harry. Myndirnar segja gjörólíka sögu. Ekki er hægt að ráða af myndum af Meghan og Trevor að hún sé ástfangin af honum, hún er uppstillt með frosið bros, meðan myndirnar af henni og Harry sýna afslappaða konu sem ljómar af hamingju.

Meghan og Kate, eiginkona Vilhjálms prins, eru sagðar ná vel saman.





Meghan virkaði yfirleitt mjög uppstillt á myndum með eiginmanninum Trevor Engelson.



ALLAR VIFTUR
30%
OHB NORDICA STYLE INOX BLANDARI
27%
VERÐ ÁÐUR. 10.995
TILBOÐ .......... 7.995
SNYRTISPEGILL
20%
2 in1
MEDISANA
VERÐ ÁÐUR...5.995
TILBOÐ ..........4.795
KAI hnífasett Wasabi Black
25%
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ ..........14.995
LE CREUSET GRILLPÖNNUR
50%
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS
Dyson Bigball Multifloor Pro
POKALAUS RYKSUGA
ÞÚ SPARAR 10.000
VERÐ ÁÐUR...59.995
TILBOÐ ..........49.995
SODASTREAM Genesis
20%
Tveir litir!
Tæki til að gera kolsýrt vatn!
VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ ..........11.995
KuchenProfi GRILLÁHÖLD
30%
Í TÖSKU
VERÐ ÁÐUR.....6.995
TILBOÐ ............4.995
4 gerðir
LE CREUSET
VERÐ ÁÐUR... 24.995
TILBOÐ .......... 12.495
Dolce Gusto PICCOLO KAFFIVÉL
NESCAFÉ Dolce Gusto
43%
VERÐ ÁÐUR....6.995
TILBOÐ ...........3.995
Fissler
Fissler. Perfect every time.
25%
5stk
Pottasett Paris
VERÐ ÁÐUR... 39.995
TILBOÐ .......... 29.995
Allt fyrir Sous Vide
witt
Easy Sous Vide tæki
25%
VERÐ ÁÐUR...19.995
TILBOÐ ..........14.995
25%
OBH NORDICA
Vacumpökkunarvél Slim
VERÐ ÁÐUR.....9.995
TILBOÐ ............7.495
LE CREUSET
50%
24cm
LeCreuset POTTUR
Matt svartur með koparhnúð
VERÐ ÁÐUR...39.995
TILBOÐ ..........19.995
20%
PHILIPS POWERGO RANGE RYKSUGA
VERÐ ÁÐUR...14.995
TILBOÐ ..........11.995
RYKSUGUVÉLMENNI
iRobot
Roomba 605
40%
HREIN SNILLD!
VERÐ ÁÐUR...49.995
TILBOÐ ..........29.995

# Ætlar ekki að standa og falla með ákvörðunum annarra

Undir stjórn **Finns Freys Stefánssonar** hefur KR drottnað yfir íslenskum körfubolta síðustu ár. Hann fór ungur út í þjálfun, var öllum stundum í KR-heimilinu og nam fræðin af sér reyndari mönnum.

**Ingvi Þór Sæmundsson**
ingvithor@frettabladid.is





**Finnur Freyr Stefánsson fyrir utan KR-heimilið í Vesturbænum í Reykjavík þar sem hann hefur eytt stórum hluta ævi sinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fimm ár eru síðan Finnur Freyr Stefánsson tók við þjálfun karlaliðs KR í körfubolta. Og með því hófst mesta velgengnisskeiðið í sögu félagsins. Á þessum fimm árum hefur KR unnið 11 stóra titla, þar á meðal Íslandsmeistaratitilinn fimm ár í röð. Sá síðasti kom í hús eftir sigur á Tindastóli, 89-73, í DHL-höll þeirra KR-inga um síðustu helgi. Síðasta liðið til að vinna fimm Íslandsmeistaratitla í röð var ÍR á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Afrek KR-inga er því stórt og mikið.

Með Íslandsmeistaratitlunum fimm er Finnur orðinn sigursælasti þjálfarinn í karlaboltanum ásamt Sigurði Ingimundarsyni, allavega frá því úrslitakeppnin var tekin upp 1984. Fáir utan póstnúmersins 107 vissu hver Finnur var þegar hann var ráðinn þjálfari KR 2013 en nú er þessi 34 ára gamli Vesturbæingur þekkt kennileiti á landakorti íslenskra íþrótta.

„Ég var bara spenntur. Eftir að ég sneri mér að þjálfun varð þetta fljótlega draumastarfið. Þetta er mitt félag og fyrir mér er þetta stærsta starfið í körfuboltanum á Íslandi. Þetta var risastórt fyrir mig og ég var ólmur að sanna mig,“ sagði Finnur þegar blaðamaður Fréttablaðsins hitti hann að máli í vikunni. Verið var að undirbúa fund í félagsheimili KR með tilheyrandi skarkala og því var viðtalið tekið inni í bikarherbergi KR sem er stundum kallað sálin í félaginu. Og það var þar sem Finni var boðið draumastarfið fyrir fimm árum.

Tímabilið 2012-13 var erfitt hjá KR. Leit að þjálfara gekk illa og á endanum tók Helgi Már Magnússon við sem spilandi þjálfari. Seinni hluta tímabils var Finnur fenginn til að létta undir með Helga og að því loknu tók hann svo við liðinu, þá á 30. aldursári, yngri en nokkrir leikmenn þess.

Að eigin sögn var ferill Finns sem leikmaður rislítill og hann ákvað snemma að hella sér út í þjálfun. Hann þjálfaði yngri flokka hjá KR, bæði karla og kvenna, um margra ára skeið, og kom ungur inn í þjálfarateymi karlaliðsins.

### Hæfileikarnir ekki til staðar

„Ég grínast oft með það að ég er einn af fáum þjálfurum, sem voru ekki leikmenn, og viðurkenni að ég gat aldrei neitt í körfubolta,“ segir Finnur heiðarlegur.

„Ég var duglegur og áhugasamur, lagði mig fram í vörn og það var kjaftur á mér, en hæfileikarnir voru ekki miklir. Sumarið 2004 var ég í kringum meistaraflokkinn og reyndi að vera með; tvítugur gutti geltandi og með læti án þess að geta nokkurn skapaðan hlut. Herbert Arnarson [þáverandi þjálfari KR] áttaði sig fljótt á því að ég gerði örugglega meira ógagn en gagn á æfingum þannig að hann spurði hvort ég vildi ekki vera með sér sem aðstoðarþjálfari,“ segir Finnur sem var aðstoðarþjálfari karlaliðsins í fjögur ár. Hann þjálfaði svo kvennalið KR tímabilið áður en hann tók við karlaliðinu.

### Lærifeðurnir í KR

Finnur var hálfgert húsgagn í KR-heimilinu eins og hann segir sjálfur og hann drakk í sig þekkingu frá þeim fjölmörgu færu þjálfurum sem hafa starfað hjá félaginu.

„Á þessum tíma, þegar það voru engin námskeið eða leiðir til að mennta sig, horfði maður á fólkið í kringum sig. Ég er gríðarlega heppinn að hafa alist upp í kringum mjög hæfa þjálfara í KR. Menn eins og Benna [Benedikt Guðmundsson] og Inga [Þór Steinþórsson]. Ósvaldur Knudsen var fyrsti þjálfarinn minn. Herbert tók mig inn. Bojan Desnica kom með nýja vinkla frá Serbíu. Og Stefán Arnarson sem þjálfaði í yngri flokkunum hérna. Ég á þeim mikið að þakka,“ segir Finnur.

„Maður tínir hluti ofan í sína eigin körfu. Ég tek suma hluti frá Benna, suma hluti frá Inga o.s.frv. Maður sér hluti sem maður vill gera og sem maður vill ekki gera og reynir líka að læra af mistökum annarra. Þannig mótast sjálfsmynd manns sem þjálfara. Ég væri ekkert hérna í dag ef ekki væri fyrir þessa frábæru þjálfara sem ég nefndi.“

*En þurfti Finnur að sanna sig fyrir leikmannahópi KR þegar hann tók við liðinu, í ljósi aldurs, lítillar reynslu og þess að hann hafði engan bakgrunn sem leikmaður?*

„Að einhverju leyti. Ég var langt frá því að vera elstur og þarna voru leikmenn með mikla reynslu. En það hjálpaði mér að ég var í kringum KR-liðið 2004-08 og þekkti nokkra leikmenn,“ segir Finnur sem nálgaðist hlutina á annan hátt þegar hann tók við karlaliðinu.

ÉG GRÍNAST OFT MEÐ ÞAÐ AÐ ÉG ER EINN AF FÁUM ÞJÁLFURUM, SEM VORU EKKI LEIKMENN, OG VIÐURKENNI AÐ ÉG GAT ALDREI NEITT Í KÖRFUBOLTA.

### Hætti með „Playstation“ þjálfun

„Maður þjálfaði allt öðruvísi en maður hafði þjálfað áður. Maður var aggressívur á hliðarlínunni og á æfingum. Ég þjálfaði kvennaliðið árið áður og það var svolítil „Playstation“ þjálfun þar sem ég reyndi að stýra öllu. En þarna er ég með alla þessa reynslubolta. Ég tók tvö skref aftur á bak og leyfði þeim að hafa áhrif á það sem við gerðum. Ég ætlaði ekki að koma inn sem ungur strákur og þykjast vita meira en þeir. Ég vissi að eina leiðin til að þetta myndi virka væri ef þeir væru með mér í liði.“

Krafan hjá KR er alltaf mjög einföld; að vera númer eitt. Félagið þrífst á árangri og væntingarnar eru ávallt miklar. Utan frá séð hefur þjálfari KR alltaf öllu að tapa, ekki allt að vinna.

„Í svona 0,1 sekúndu öfundar maður stundum þá sem eru með lið sem geta tapað og samt er allt frábært. En í öll hin skiptin vill maður frekar vera í þessari stöðu. Það þýðir ekkert að spá í allt sem getur farið úrskeiðis og hafa áhyggjur af því hvað öðrum finnst. Ég sagði það strax við stjórnarfólkið að ég myndi gera hlutina eins og ég vildi og ef það væri ósátt yrði það að reka mig. Ég ætla ekki að standa og falla með ákvörðunum annarra,“ segir hann.

Það gekk á ýmsu hjá KR á nýafstöðnu tímabili sem Finnur segir það langerfiðasta síðan hann tók við liðinu. Eftir að hafa orðið deildarmeistarar fjögur ár í röð enduðu KR-ingar í 4. sæti Domino's-deildarinnar sem er versti árangur liðsins síðan 2013. Meiðsladraugurinn ásótti KR og leitin að rétta Bandaríkjamanninum gekk brösuglega.

### Tankurinn var tómur

„Það var gríðarlega mikið um meiðsli og meira um alvarleg meiðsli en áður. Svo fann maður að það var þreyta í allri umgjörð. Ég var sjálfur búinn að fara í gegnum hvert tímabilið á fætur öðru með sumarið undirlagt af landsliðsverkefnum,“ segir Finnur sem hefur verið aðstoðarþjálfari karlalandsliðsins undanfarin ár auk þess að þjálfa U-20 ára liðið.

„Tankurinn varð tómur mjög fljótt í vetur. Síðustu mánuðina hefur maður verið á síðustu gufunum að reyna að koma sjálfum sér í gegnum þetta. Maður sér loksins fram á að komast í smá frí, ná andanum og átta sig á þessu öllu.“

### Fengu líflínu gegn Haukum

Í úrslitakeppninni byrjaði KR á því að slá Njarðvík úr leik, 3-0. Í undanúrslitunum mættu Vesturbæingar deildarmeisturum Hauka sem unnu fyrsta leikinn og voru sex stigum yfir þegar tæp mínúta var eftir í öðrum leiknum. En Haukar réttu KR-ingum litla putta sem reyndist dýrkeypt. KR jafnaði og vann í framlengingu.

„Við höfðum verið í vandræðum með Hauka og þeir henta okkur illa. Við spiluðum ekki vel í öðrum leiknum en sýndum gamla takta undir lokin. Eftir það varð hugarfarsbreyting hjá okkur. Við vorum ekki að fara að gera þetta á hæfileikunum einum saman. Við þurftum að finna leiðir til að skáka liðunum sem voru ferskari, hraðari og að vissu leyti hungraðri en við. Við vorum skipulagðir, unnum mikið í andlega þættinum og einbeittum okkur að því að halda leikjunum jöfnum fram í 4. leikhluta og því þá myndi reynsla okkar telja,“ segir Finnur.

KR vann einvígið við Hauka 3-1 og komst í úrslitin þar sem Tindastóll beið. KR og Tindastóll mættust einnig í bikarúrslitaleiknum þar sem Stólarnir unnu stórsigur, 96-69. KR-ingar náðu hins vegar fram hefndum í úrslitaeinvíginu sem þeir unnu 3-1.

### Baráttan við hungrið

Finnur segir erfitt að viðhalda hungrinu á meðan á svona langri sigurgöngu stendur.

„Ég man þegar ég vann fyrsta leikinn minn sem þjálfari karlaliðsins, gegn Íslandsmeisturum Grindavíkur á útivelli. Mér fannst það frábær tilfinning. Mér er illa við að líkja íþróttum við fíkniefni en menn þurfa alltaf stærri og stærri skammta til að svala þörfinni. Þetta er kannski bara mannlegt. Á einhverjum tímapunkti hættir það að vinna deildarleik að vera nóg. En þegar í úrslitakeppnina var komið var hvatningin ekki lengur vandamál. Þá sér maður ljósið í endanum á göngunum og hver einasti sigur byrjar að telja meira.“

*En hvað tekur við hjá fimmföldum Íslandsmeistara? Er hann klár í enn eina titilvörnina?*

„Ég lofaði sjálfum mér því, þegar ég var orðinn þreyttur, að þessari spurningu myndi ég ekki svara næsta mánuðinn. Við sjáum hvað gerist.“

### Útlönd heilla

Eins og áður kom fram álítur hann starfið hjá KR það stærsta á Íslandi og því er erfitt að komast í betra starf hér á landi. Finnur segist hafa leitt hugann að þjálfun erlendis en bætir við að leiðin þangað sé ekki greiðfær.

„Ég viðurkenni að ég hef litið í kringum mig og það hafa komið einhverjir hlutir sem maður hefur skoðað. Þessi þjálfaraheimur er erfiður en ef mér býðst eitthvað skemmtilegt hoppa ég á það,“ segir Finnur.

*En getur hann hugsað sér að þjálfa annað lið á Íslandi en KR?*

„Já, auðvitað. Ég hef ekki gert annað en að þjálfa undanfarin ár og þegar þú ert fyrirvinnan á heimilinu þarftu að vinna. Ég er og verð alltaf KR-ingur en sú áskorun að þjálfa annars staðar kemur seinna.“

ego dekor

# 10-30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HÚSGÖGNUM



ARES TUNGUSÓFI
Stærð: 278X175cm
~~Verð: 219.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 186.150,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 216X163cm – færanleg tunga
~~Verð: 169.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 127.425,-



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 260X167cm
~~Verð: 205.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 164.000,-



MADISON TUNGUSÓFI
Stærð: 281X172cm
~~Verð: 209.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 177.650,



ADRIANA STÆKKANLEGT BORÐ
Stærð: 140(200)X90cm
~~Verð: 149.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 104.300,



HVÍTT GLERBORÐ
Hvítir háglans fætur
Stærð: 180X100cm
~~Verð: 98.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 78.400,-



RUSTIC VEGGBORÐ
Breidd: 100cm
~~Verð: 45.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 36.000,-



RUSTIC SÓFABORÐ
Stærð: 120X65cm
~~Verð: 58.000,-~~
TILBOÐSVERÐ: 46.400,-



DEVON-X STÓLL
~~Verð: 19.800,-~~
TILBOÐSVERÐ: 16.830,-



MORRIS STÓLL
~~Verð: 19.700,-~~
TILBOÐSVERÐ: 16.745,-



JESSIE STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
TILBOÐSVERÐ: 13.520,

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau: 10.00 - 16.00
Sun: 13.00 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
www.egodekor.is
S:544 4420

2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Frakkland varð síðast heimsmeistari árið 1998, en þá var Didier Deschamps, núverandi þjálfari liðsins, fyrirliði. Antoine Griezmann, sem varð markahæsti leikmaður EM árið 2016, hélt uppteknum hætti í undankeppni HM 2018, en hann og Olivier Giroud skoruðu mest fyrir Frakka í undankeppninni, fjögur mörk hvor. Frakkland með Paul Pogba sem prímusmótor inni á miðsvæðinu er til alls líklegt á HM í sumar.

**1** sinni hefur Frakkland orðið heimsmeistari, árið 1998.



Danmörk tryggði sér sæti á HM 2018 með því að leggja Íra að velli í baráttu liðanna um sæti í lokakeppninni í umspili. Christian Eriksen sem er heilinn í sóknarleik danska liðsins skoraði þrennu þegar Danmörk hafði betur, 5-1, í seinni leiknum gegn Írlandi. Danir spiluðu fyrst í lokakeppni heimsmeistaramóts í Mexíkó árið 1986 og besti árangur liðsins er að komast í átta liða úrslit á HM í Frakklandi árið 1998.

**40** prósent marka Danmerkur í undanriðli HM 2018 voru skoruð af Christian Eriksen.



## HM í Rússlandi

# C-RIÐILL

## Áhugaverður riðill

Perú komst áfram á HM 2018 eftir sigur gegn Nýja-Sjálandi í umspili um laust sæti á mótinu. Paolo Guerrero sem verður nýsloppinn úr banni sínu vegna lyfjamisnotkunar þegar HM hefst í sumar og Edison Flores voru markahæstu leikmenn Perú í undankeppni HM 2018 með fimm mörk hvor. Þá skoraði Christian Cueva fjögur mörk í undankeppninni og vandræðagemsinn Jefferson Farfán þrjú mörk.

**2** sinnum hefur Perú komist í átta liða úrslit heimsmeistaramótsins, en það var árin 1970 og 1978.



Ástralía er þriðja liðið í þessum riðli sem þurfti umspil til þess að komast í lokakeppnina. Ástralía ruddi Hondúras úr vegi í umspili um sæti í lokakeppninni, en það var Mile Jedinak, liðsfélagi Birkis Bjarnasonar hjá Aston Villa, sem skoraði þrennu í 3-1 sigri Ástralíu í seinni leik liðanna. Skærasta stjarna liðsins er líklega Tim Cahill sem lék meðal annars með Everton í ensku úrvalsdeildinni á árum áður.

**16** liða úrslit keppninnar er besti árangur Ástralíu á HM.



# Fæddur leiðtogi og gamall miðjujálkur við stjórnvölinn á frönsku skútunni

**Didier Deschamps er á leið á sitt annað heimsmeistaramót sem þjálfari franska karlalandsliðsins í knattspyrnu. Deschamps hefur lyft heimsmeistarabikarnum en þá var hann fyrirliði franska liðsins og stefnir nú að því að gera það sem þjálfari liðsins. Deschamps var nálægt því að vinna stórmót á Evrópumótinu árið 2016 en Frakkland tapaði fyrir Portúgal eftir framlengdan úrslitaleik mótsins.**

Eftir rúma tvo mánuði verða 20 ár síðan Didier Deschamps lyfti heimsmeistarabikarnum á loft sem fyrirliði franska karlalandsliðsins í knattspyrnu eftir sannfærandi 3-0 sigur franska liðsins gegn Brasilíu í úrslitaleik heimsmeistaramótsins á heimavelli sínum. Deschamps myndaði öflugt miðvallarþríeyki hjá franska liðinu með Christian Karembeu og Emmanuel Petit sem rak síðasta naglann í líkkistu brasilíska liðsins í leiknum.

Deschamps kom raunar inn í franska liðið á svörtum kafla hjá liðinu. Deschamps lék sinn fyrsta landsleik undir stjórn Michel Platini árið 1989, en Frakkland komst hvorki í lokakeppni heimsmeistaramótsins sem haldið var á Ítalíu árið 1990 né á heimsmeistaramótið sem fram fór í Bandaríkjunum árið 1994. Þá fór franska liðið heim eftir riðlakeppnina á Evrópumótinu í Svíþjóð árið 1992.

Aimé Jacquet var fenginn til þess að byggja upp nýtt lið fyrir Evrópumótið sem haldið var í Englandi árið 1996. Í ársbyrjun árið 1995 var Eric Cantona, sem verið hafði fyrirliði franska liðsins, settur í ársbann frá knattspyrnuiðkun fyrir karatespark sitt í stuðningsmann Crystal Palace í leik með Manchester United.

Fyrirliðabandið var í kjölfarið tekið af Cantona og sett á handlegginn á Deschamps sem var einn fárra reynslumikilla leikmanna franska liðsins sem sluppu í gegnum nálaraugað í umbyltingu á leikmannahópi Frakklands undir stjórn Jacquet. Frakkar, með Deschamps sem fyrirliða, voru slegnir út í undanúrslitum af Tékklandi sem var besti árangur franska liðsins frá því á heimsmeistaramótinu í Mexíkó árið 1986.

Deschamps var akkerið inni á miðsvæði Frakka á blómatíma franska liðsins í kringum síðustu aldamót, en dugnaður hans í varnarvinnunni varð til þess að leikmenn á borð við Zinedine Zidane og Youri Djorkaeff þurftu litlar áhyggjur af varnarleiknum að hafa og gátu þess í stað látið ljós sitt skína í sóknarleiknum. Þetta var í fyrsta og eina skiptið sem Frakkland hefur orðið heimsmeistari, en Deschamps var einnig á sínum stað inni á miðsvæðinu þegar Frakkar urðu Evrópumeistarar árið 2000.

Deschamps var mikill leiðtogi inni á vellinum, en hann var ungur



Didier Deschamps lyftir hér heimsmeistaramótsbikarnum á Stade de France í París árið 1998, en við hliðina á honum er Laurent Blanc liðsfélagi hans. Deschamps átti síðar eftir að taka við þjálfun franska landsliðsins af Blanc.

> **»Didier Deschamps var fyrirliði Frakklands í fyrsta og eina skipti sem liðið hefur orðið heimsmeistari, en það var á heimavelli Frakka árið 1998. Frakkar unnu þá Brasilíu örugglega í úrslitaleik.**

gerður að fyrirliða Marseille og hann varð yngsti fyrirliðinn til þess að leiða lið sitt til sigurs í Meistaradeild Evrópu þegar liðið varð fyrsta og eina franska liðið sem bar sigur úr býtum í Meistaradeild Evrópu árið 1993. Deschamps var þá orðinn 24 ára gamall, en hann átti síðar eftir að vinna keppnina sem leikmaður Juventus.

Knattspyrnustjóraferill Deschamps hófst hjá Monaco, en hann byrjaði vel á þeim vettvangi. Deschamps varð franskur meistari á sínu fyrsta tímabili við stjórnvölinn hjá Monaco og á næstu leiktíð fór liðið alla leið í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu



Didier Deschamps tæklar hér boltann frá Rivaldo í úrslitaleik Frakklands og Brasilíu á HM árið 1998. Tæklingar sem þessar voru sérgrein Deschamps.

þar sem það laut í lægra haldi fyrir Porto.

Deschamps var svo fenginn til þess að koma fyrrverandi liði sínu, Juventus, á þann stall sem liðið á heima árið 2006. Juventus hafði verið dæmt niður í B-deild vegna þátttöku sinnar í því að hagræða úrslitum og Deschamps kom liðinu strax upp í A-deild þar sem liðið varð svo ítalskur meistari undir hans stjórn árið eftir.

Aftur ákvað lið sem Deschamps hafði spilað fyrir á ferli sínum að leita til hans, en að þessu sinni var það Marseille. Það reyndist Marseille einnig happadrjúgt að fá Deschamps til þess að stýra skútunni, en liðið varð franskur meistari undir hans stjórn vorið 2010 og franskur bikarmeistari þrjú ár í röð árin 2010 til 2012.

Deschamps tók við sem þjálfari franska liðsins af fyrrverandi liðsfélaga sínum hjá liðinu, Laurent Blanc, eftir Evrópumótið árið 2012. Frakkar féllu úr leik fyrir Spáni í átta liða úrslitum keppninnar og ákveðið var að skipta um mann í brúnni. Fyrsta verkefni Deschamps var að koma Frakklandi í lokakeppni heimsmeistaramótsins sem haldið var í Brasilíu árið 2014. Deschamps tókst ekki að koma Frakklandi beint inn í lokakeppnina, en liðið varð í öðru sæti þremur stigum á eftir ríkjandi heimsmeisturum, Spánverjum.

Við blasti viðureign við Úkraínu í umspili um laust sæti á heimsmeistaramótinu sem haldið var í Brasilíu. Ekki blés nú byrlega eftir fyrri viðureign liðanna í Kiev, en Úkraínumenn fóru með 2-0 sigur í farteskinu í seinni leikinn í París. Lærisveinar Deschamps gerðu sér hins vegar lítið fyrir og sneru taflinu við með 3-0 sigri í borg ástarinnar. Mamadou Sakho, sem hefur mátt muna sinn fífil sinn fegri undanfarin misseri, skoraði tvö marka franska liðsins í þessum leik og Karim Benzema bætti þriðja markinu við. Frakkar tryggðu sig þar af leiðandi inn á níunda stórmótið í röð.

Þjóðverjar komu hins vegar í veg fyrir að för Frakka til Brasilíu yrði frægðarför, en Þýskaland hafði betur gegn Frakklandi í átta liða úrslitum keppninnar með einu marki gegn engu. Frammistaða Frakka á fyrsta stórmóti Deschamps sem landsliðsþjálfari var þó nógu góð til þess að honum var treyst til þess að stýra franska liðinu á heimavelli á Evrópumótinu árið 2016. Deschamps sýndi að hann var traustsins verður með því að fara með Frakka alla leið í úrslitaleikinn þar sem Portúgalar komu hins vegar í veg fyrir sigur Frakklands á mótinu með því að leggja liðið að velli í úrslitaleiknum.

Nú fer Deschamps á sitt annað heimsmeistaramót sem þjálfari franska liðsins og vonast til þess að fagna því að 20 ár eru síðan hann varð heimsmeistari sem fyrirliði liðsins með því að fara með heimsmeistarabikarinn heim frá Rússlandi. **hjorvaro@frettabladid.is**


PIER
RISA SÓFADAGAR
20-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SÓFUM
GILDIR 4. - 6. MAÍ.
4 EASY BASIC PÚÐAR FYLGJA HVERJUM KEYPTUM SÓFA
30% MUNICH
SPARIÐ 69.000 kr.
VERÐ NÚ 160.900 kr.
FRÁBÆRT VERÐ
30% BALTIMORE
SPARIÐ 27.000 kr.
VERÐ NÚ 62.900 kr.
40% PORTLAND
SPARIÐ 30.000 kr.
VERÐ NÚ 47.900 kr.
FRÁBÆRT VERÐ
30% EGER
SPARIÐ 21.000 kr.
VERÐ NÚ 48.900 kr.
20% REGINA
SPARIÐ 20.000 kr.
VERÐ NÚ 79.900 kr.
FRÁBÆRT VERÐ
20% NOTHING HILL
SPARIÐ 36.000 kr.
VERÐ NÚ 143.900 kr.
20% HAAG TUNGUSÓFI
SPARIÐ 40.000 kr.
VERÐ NÚ 159.900 kr.
20% HAAG HORNSÓFI
SPARIÐ 34.000 kr.
VERÐ NÚ 135.900 kr.
FRÁBÆRT VERÐ
40% ARAN
SPARIÐ 28.000 kr.
VERÐ NÚ 41.900 kr.
Skoðið nýju sumarhúsgögnin á
www.pier.is
Gildir 4. - 6. maí. Gildir ekki með öðrum tilboðum.




# Stórir strákar fá raflost

Saga til næsta bæjar



**Stefán Pálsson** skrifar um framhaldsmynd sem floppaði.

Met var slegið í forsölu miða í íslensku leikhúsi fyrr á árinu þegar Borgarleikhúsið hóf sölu á sýninguna Rocky Horror Show. Það kom í sjálfu sér ekki á óvart. Verkið hefur notið vinsælda víða um lönd allt frá því að var fyrst sett á svið í Lundúnum árið 1973. Vinsældirnar þá voru þó ekki eins fyrirséðar, því upphaflega var búist við að þessi skringilegi og tilraunakenndi söngleikur yrði ekki á fjölunum nema í fáeinar vikur.

Það var ungur bresk/nýsjálenskur leikari, Richard O'Brien, sem skrifaði verkið og samdi lögin í söngleiknum, en við sviðsetninguna naut hann aðstoðar ástralsks leikstjóra, Jims Sharman. Söguþráðurinn er hálfgert rugl, enda hugsaði O'Brien mest um að hræra saman sínum ólíku áhugamálum, sem snerust að miklu leyti um ódýrar gamlar bíómyndir, sem helst fjölluðu um vísindaskáldskap og sígilda bandaríska rokk og ról-tónlist. Raunar hafði listamaðurinn nánast þráhyggjukenndan áhuga á hvers kyns amerískri dægurmenningu.

Rocky Horror Show var óður til gömlu geimmyndanna, en í verkinu er líka teflt saman klisjum um bandarískt millistéttar-úthverfalíf sjötta áratugarins og kynlífsbyltingu og glysrokk þess áttunda. Siðprúðu turtildúfurnar Brad og Janet, holdtekjur ameríska draumsins, lenda í skuggalegum ævintýrum hjá kynóðum geimverum í gotneskum kastala og ganga á vald holdlegum fýsnum sínum. Saman við skringilegan og örlítið dökkan söguþráðinn var svo blandað glaðværri og kröftugri dægurtónlist.

Velgengni verksins í Lundúnum var ekki hvað síst að þakka frammistöðu aðalleikarans, Tims Curry, í hlutverki hins gjörspillta og sturlaða vísindamanns Franks N. Furter. Curry og O'Brien þekktust frá því að þeir unnu saman að uppsetningu á söngleiknum Hárinu nokkrum árum fyrr. Hlutverkið smellpassaði fyrir hinn unga Curry og lagði grunninn að glæstum ferli hans sem stendur enn.

Það lá því beint við að fá Tim Curry í aðalhlutverkið þegar ákveðið var að koma söngleiknum á hvíta tjaldið tveimur árum síðar. Bandaríski kvikmyndarisinn 20th Century Fox tryggði sér kvikmyndaréttinn og sumarið 1975 var The Rocky Horror Picture Show frumsýnd vestan hafs og austan. Þrátt fyrir að framleiðandinn og stór hluti leikarahópsins væri bandarískur, var myndin tekin upp í Bretlandi þar sem notast var við gamlar byggingar og leikmuni frá Hammer-kvikmyndafyrirtækinu, sem framleitt hafði margar af gömlu hryllingsmyndunum sem Rocky Horror Show vísaði svo mjög til.

## Sígandi lukka

Viðtökur kvikmyndahúsagesta ollu framleiðendunum sárum vonbrigðum. Aðsókn var afar dræm og stefndi í stórtap á myndinni. Þurfti meðal annars að hætta við sýningar í fjölda bandarískra stórborga vegna áhugaleysis. Richard O'Brien og kvikmyndamógúlarnir sleiktu sár sín, en rúmlega ári síðar fór boltinn skyndilega að rúlla.

Í kjölfar óvæntra vinsælda hinnar skringilegu bíómyndar Pink Flamingos eftir John Waters á miðnætursýningum í nokkrum kvikmyndahúsum, var ákveðið að reyna slíkt hið sama með Rocky Horror Picture Show. Nær samstundis braust út Rocky Horror-æði í New York. Myndin eignaðist ástríðufulla aðdáendur sem sáu hana jafnvel mörg hundruð sinnum og kvikmyndasýningarnar urðu að sjálfstæðum leikverkum, þar sem áhorfendur mættu í klæðnaði aðalsöguhetjanna og tóku að dansa og syngja í takt við framvindu myndarinnar. Frá New York breiddist æðið út um Bandaríkin og víðar um lönd. Stofnaðir voru aðdáendaklúbbar og skipulagðar voru ráðstefnur Rocky Horror-aðdáenda vítt og breitt. Innan fárra ára var The Rocky Horror Picture Show, þrátt fyrir floppið á frumsýningarárinu, komin í hóp þekktari kvikmynda.

Það er gömul saga og ný í Hollywood að velgengni mynda kveikir þegar áhuga fjárfesta á framhaldsmyndum til að halda áfram að nytja mjólkurkúna. Þrýstingurinn á O'Brien að semja einhvers konar framhald með gömlu aðalpersónunum var því talsverður. Næstu misserin braut hann heilann um hvernig endurvekja mætti Frank N. Furter (sem var drepinn með leysigeislabyssu í myndinni – engin Höskuldarviðvörun) og láta þau Brad og Janet lenda í nýjum ævintýrum. O'Brien samdi raunar slíkt handrit og er rétturinn til að kvikmynda það enn í höndum 20th Century Fox, en litlar líkur eru þó taldar á að það verði að veruleika úr þessu.

Handritið að þessari fyrirhuguðu framhaldsmynd hefur lekið út og er það mjög í anda gömlu myndarinnar, með fjarstæðukenndum söguþræði og áherslu á siðspilltar geimverur í eggjandi korselettum. Jim Sharman taldi hins vegar félaga sinn ofan af því að reyna að herma um of eftir gömlu myndinni og hvatti hann til að teygja söguna frekar í aðrar áttir. Niðurstaðan varð handritið „The Brad and Janet Show“, þar sem Frank N. Furter var fjarri góðu gamni, en athyglinni fremur beint að afdrifum þeirra Brads og Janetar eftir kynnin af geimverunum með brókarsóttina. Framleiðendur reyndust fúsir til samstarfs og undirbúningsvinna hófst af kappi á árinu 1979.

## Úthverfalíf og auglýsingaskrum

Grunnhugmynd O'Briens var að nýja myndin skyldi gerast í dæmigerðu bandarísku úthverfi, þar sem Brad og Janet hefðu búið sér heimili en þjáðust í ástlausu hjónabandi. Í stað nostalgískra vísana til lélegra bíómynda fimmta áratugarins, beindi höfundurinn nú spjótum sínum að lágkúrulegri sjónvarpsmenningu samtíma síns og geðveikrahælum. Íbúar smáborgarinnar lifðu og hrærðust í sjónvarpsheimi, þar sem allt gekk út á að fylgjast með gerviveröld sápuópera og veruleikasjónvarpsþátta.

Draumur þeirra O'Briens og Sharmans var að leiða saman sem allra flesta af leikurunum úr fyrri myndinni, jafnvel þótt flestir þeirra yrðu látnir túlka nýjar persónur. Þegar nær dró kvikmyndatökum gengu þó sífellt fleiri úr skaftinu. Susan Sarandon, sem leikið hafði Janet, var orðin stórstjarna í Hollywood og gerði hærri launakröfur en framleiðendurnir gátu staðið undir. Eins þurfti að finna nýjan leikara í hlutverk Brads, þar sem Barry Bostwick hafði öðrum hnöppum að hneppa. Tim Curry hafði tekið vel í að leika í nýju myndinni, en að lokum náðust samningar ekki og sama gilti um nokkra aðra úr gamla hópnum. Allt kallaði þetta á sífelldar endurskriftir á handritinu, sem gerðu það flóknara og ruglingslegra.

Það var þó leikaraverkfall árið 1980 sem mestu breytti fyrir lokaútkomuna. Verkfallið setti alla kvikmyndaframleiðslu í Bandaríkjunum í uppnám og var því ákveðið að taka myndina upp í Englandi. Þar var hvergi að finna tökustaði sem líkst gætu bandarískum úthverfum. Því varð úr að láta myndina alla gerast í kvikmyndaveri, þar sem íbúarnir væru gestir í sjónvarpssal í endalausri beinni útsendingu. Brad og Janet eru kölluð fram fyrir myndavélina í spurningaleik og í kjölfarið stíað í sundur. Brad er sendur á geðveikrahæli, þar sem sprautuglaðir læknar ráða ríkjum, en Janet er dubbuð upp sem sjónvarpsstjarna sem sér að lokum í gegnum allan tryllinginn og blekkingarnar.

SIÐSPILLTAR GEIMVERUR Í EGGJANDI KORSELETTUM.

## Spámaður án föðurlands

Myndin sem að lokum kom út úr þessu langa ferli umskrifta og aðlagana hlaut nafnið „Shock Treatment“ eða „Raflostið“ – sem er kyndugt í ljósi þess að þótt í henni sé talsvert vikið að geðsjúkrahúsum, koma raflostsmeðferðir ekkert við sögu. Skemmst er frá því að segja að Shock Treatment varð enn meira flopp en fyrri myndin og kostaði framleiðendur sína stórfé. Gagnrýnendur voru upp til hópa neikvæðir og aðalmarkhópurinn: Rocky Horror-aðdáendur tóku myndinni almennt illa. Tengingin við gömlu myndina var óljós, ekki hvað síst í ljósi breytinganna á leikaraliðinu og yfirbragðið gjörólíkt.

Eftir á að hyggja hefðu þessi neikvæðu viðbrögð ekki þurft að koma á óvart. Á meðan fyrri myndin einkenndist af fortíðarþrá og endurliti, dró sú nýja upp martraðarkennda framtíðarmynd. Furðulegur bræðingur glysrokks áttunda áratugarins og klisja úr vísindaskáldsögum þess fimmta og sjötta var ekki jafn yfirþyrmandi og ágengt myndmál tónlistarmyndbanda níunda áratugarins.

Velta má því fyrir sér hvort neikvæðni Rocky Horror-aðdáenda í garð nýju myndarinnar hafi tengst því hversu föstum skotum Richard O'Brien skaut á þennan sama hóp í verkinu. Heilaþvegnu áhorfendurnir í sjónvarpssalnum í Shock Treatment hafa mörg einkenni Rocky Horror-unnenda, lifa sig inn í útsendinguna á sama hátt og tíðkast hafði á Rocky Horror-sýningum og klæðast eins. Ef til vill var þetta gaman örlítið of grátt fyrir hina dyggu aðdáendur?

Aðrir benda á þá ranghugmynd sem felist í því að reyna að búa til framhaldsmynd sem miðist að unnendum jaðarmyndar af þessu tagi. Aðdáendur Rocky Horror Picture Show hafi einmitt laðast að myndinni þar sem hún hafi ekki fallið í kramið. Þannig hafi hver og einn getað uppgötvað hana á sínum eigin forsendum og þannig synt gegn straumnum. Útilokað sé því að búa til mynd sem gagngert miðist að þessum viðtökuhóp, sem vilji ekki láta hugsa fyrir sig.

Á allra síðustu árum hefur Shock Treatment þó eignast nokkurn hóp unnenda. Skiptir þar máli að tónlistin í henni er prýðileg og af svipuðum gæðum og í fyrri myndinni. Í annan stað má segja að sú spásögn um firrt sjónvarpssamfélag sem í henni birtist hafi ræst ótrúlega vel með veruleikasjónvarpsþáttum samtímans. Raflostið talar því betur til samtíma okkar en ársins 1981 þegar það var frumsýnt við litlar undirtektir.

# VORTILBOÐ

## OPIÐ ALLA HELGINA Á SUÐURLANDSBRAUT OG Á GLERÁRTORGI






**Veglegur kaupauki!**

**32“ Philips sjónvarp fylgir með að verðmæti 39.995**

## SPLUNKUNÝTT SNJALLSJÓNVARP

**Philips 65PUS7303**
Glæsilegt 65“ UHD snjallsjónvarp með Android 6.0 stýrikerfi, Micro Dimming Pro og 3ja átta Amiblight baklýsingu. Frábær myndgæði með P5 Perfect Picture Engine myndvinnslu og HDR Plus. 20W RMS DTS HD Premium Sound hljóðkerfi ásamt Netflix í 4K.

TILBOÐ **179.995**
FULLT VERÐ 219.995



**Hoover HVTLS542WH**
85sm hvítur kæliskápur með 125L kæli, grænmetisskúffu og LED lýsingu. Orkuflokkur A+. Hljóð 40dB. Mál HxBxD: 85x55x58 sm.

TILBOÐ **26.995**
FULLT VERÐ 34.995



**Hoover HVTOS542WH**
85 sm hvítur kæliskápur með 14L frystihólfi og 95L kæli ásamt grænmetisskúffu og LED lýsingu. Orkuflokkur A+. Hljóð 39dB. Mál HxBxD: 85x55x58 sm.

TILBOÐ **26.995**
FULLT VERÐ 34.995



**Vestfrost CST60HB**
60cm eldavél með 4 steyptum hellum og Multifunction 7 blástursofni sem auðvelt er að hreinsa. Orkuflokkur A. Mál HxBxD: 85-92x60x60 sm.

TILBOÐ **32.995**
FULLT VERÐ 39.995



**Candy GVF1412TWHC3**
Stór 1400 snúninga, 12 kg þvottavél með stafrænu kerfisvali og niðurtalningu á þvottatíma. 16 þvottakerfi og hraðkerfi. Hljóðlátur kolalaus mótor. Orkuflokkur A+++.

TILBOÐ **64.995**
FULLT VERÐ 89.995



## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FRYSTIKISTUM




**Heimilistæki** ht.is

*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • Austurvegi 34 **SELFOSSI** S: 414 1745 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500



Elskuleg frænka okkar,

**Guðbjörg Marín Stefánsdóttir**

áður til heimilis í Engimýri 7, Akureyri,

lést 23. apríl á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Vestursíðu 9, Akureyri. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Systkinabörn og aðrir aðstandendur.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Lilja Jónsdóttir**

áður til heimilis á Fornhaga 15,

lést fimmtudaginn 26. apríl á Hrafnistu í Kópavogi. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ásta Garðarsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Helga Garðarsdóttir** **Sigurjón Sindrason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðfinna Valgeirsdóttir**

Faxabraut 13, Keflavík,

lést á Hrafnistu, Hlévangi, sunnudaginn 15. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Hallur Þórmundsson** **Ragnheiður Lúðvíksdóttir**
**Ólafur Þórmundsson** **Hulda María Sigurðardóttir**
**Rúnar Valgeir Þórmundsson** **Sigríður Gunnarsdóttir**
**Linda Ósk Þórmundsdóttir** **Ómar Gísli Sævarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Stefnis Helgasonar**

**Birna Stefnisdóttir** **Aðalsteinn Steinþórsson**
**Brynja Sif Stefnisdóttir** **Agnar Strandberg**
**Sigurður Hrafn Stefnisson** **Hekla Ívarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---





*Útfararþjónusta & lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


# Verða íbúar Sandgerðis og Garðs Útnesjamenn?

**Skiptar skoðanir eru meðal íbúa í sameinuðu sveitarfélagi Garðs og Sandgerðis um valkostina fimm sem koma til greina sem nafn sveitarfélagsins. Formaður bæjarráðs Sandgerðis og forseti bæjarstjórnar minna á að sveitarstjórn þurfi að taka afstöðu til málsins.**

**SAMFÉLAG** Kosning um nýtt nafn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Garðs hófst í gær og stendur til miðnættis 10. maí. Valið stendur á milli fimm nafna: Ystabyggð, Heiðarbyggð, Suðurbyggð, Nesjabyggð og Útnesjabyggð.

Örnefnanefnd mælir með nafninu Útnesjabyggð en í umsögn nefndarinnar er bent á að íbúar svæðisins hafi í gegnum tíðina verið kallaðir Útnesjamenn og að nafnið samræmist staðháttum í sveitarfélaginu.

Nokkurrar óánægju gætir í Sandgerði með þessi fimm nöfn.

„Ég er ekkert mjög hrifin af þessum nöfnum," segir Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, formaður bæjarráðs Sandgerðisbæjar. „Það er nú bara þannig."

Hólmfríður hefði viljað sjá nafnið Suðurnesjabyggð sem einn af valmöguleikunum. „Ég hef orðið vör við mjög mikla óánægju íbúa," segir hún en bendir um leið á að það muni alltaf einhver hópur taka þátt í kosningunum, en bagalegt sé ef aðeins agnarsmátt hlutfall íbúa ráði á endanum hvert nafn sameinaðs sveitarfélags verður.

Ólafur Þór Ólafsson, forseti bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar, segist einnig hafa fundið fyrir óánægju meðal fólks um nöfnin. Hann tekur undir með þeim.

„Ekkert af þessum nöfnum kallar neitt sérstaklega á mig. Ég skil fólk sem finnst það ekki hafa úr miklu að velja," segir Ólafur Þór. Hann ítrekar þó að sumir séu sáttir við valkostina.

„Við höfum fundið fyrir því að fólk er ósátt við umsögn Örnefnanefndar. Ég held að ef nöfn eins og Suðurnesjabær eða Suðurnesjabyggð hefðu verið eitt af þessum fimm nöfnum þá væri annað hljóð í fólki."

Atkvæðagreiðslan er ekki bindandi og fer ekki fram á grundvelli laga um kosningar. Allir íbúar, sem eru um 3.200 talsins, í Sandgerði og Garði fæddir 2001 og fyrr hafa atkvæðisrétt, burtséð frá þjóðerni eða kosningarétti í sveitarstjórnarkosningum.

„Ný sveitarstjórn þarf síðan að samþykkja þetta nýja nafn, en hún hefur líka þann valkost að hafna því," segir Hólmfríður. Ólafur Þór segir nýja sveitarstjórn væntanlega taka það til skoðunar ef niðurstöður nafnakosningarinnar hafi lítinn stuðning meðal íbúa. „Ég held að flest skynsamt fólk myndi nú endurskoða þá niðurstöðu."

Undirbúningur sameiningar sveitarfélaganna hefur staðið lengi en hún var samþykkt í íbúakosningu í fyrra.

„Þetta ferli hefur allt gengið afar vel, það hefur ekki strandað á neinu," segir Ólafur Þór. „Það eina sem hefur hikstað er þetta blessaða nafnamál, en það mál er auðvitað það sem brennur á fólki."

**kjartanh@frettabladid.is**



**Kosning um nýtt nafn sameinaðs sveitarfélags Sandgerðisbæjar og Garðs stendur nú yfir.**



**Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, formaður bæjarráðs Sandgerðisbæjar.**

---



Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**Þorgerðar Guðmundsdóttur**

Eyrarholti 6.

**Birna Þórhallsdóttir** **Hafsteinn Aðalsteinsson**
**Dóra Þórhallsdóttir** **Ari Sigurfinnsson**
**Þorgerður Hafsteinsdóttir** **Björn Þorfinnsson**
**Hafdís Hafsteinsdóttir Miller** **Justin Shawn Miller**
**G. Halla Hafsteinsdóttir** **Theodór Friðbertsson**
**Elfa Björg Aradóttir** **Hörður Már Jónsson**
**Ellert Þór Arason** **Hrafnhildur Ragnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Guðmundar Reynis Guðmundssonar**

múrarameistara, Kveldúlfsgötu 21, Borgarnesi.

**Herdís Jónasdóttir**
**Jónas Guðmundsson**
**Fjóla Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Guðmundsson** **Nína Rún Höskuldsdóttir**
**Hrönn Guðmundsdóttir** **Gunnar Máni Hermannsson**
**Saga, Hugi, Emma, Reynir, Tómas og Frosti**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi okkar,

**Ásgeir Sumarliðason**
**(Geiri)**

Túnhvammi 11, Hafnarfirði,

lést á Ísafold laugardaginn 28. apríl. Jarðsett verður frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 15. maí 2018 kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Valgerður M. Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Ásgeirsson** **Birna Ívarsdóttir Sandholt**
**Valur Ásgeirsson** **Laufey Guðmundsdóttir**
**Hildur D. Ásgeirsdóttir** **Bjarni Friðrik Jóhannesson**
**barnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, systir, mágkona og frænka,

**Ástdís Björg Stefánsdóttir**

Fitjaási 8, Reykjanesbæ, áður til heimilis að Melbraut 2, Garði,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans, Fossvogi, föstudaginn 27. apríl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn 7. maí kl. 13.

**Sveinbjörn S. Reynisson**
**Alma V. Sverrisdóttir** **Egill Jónsson**
**og frændsystkini.**



Valskórinn er 25 ára í ár en afmælistónleikar verða á sunnudag.

# KR-ingar og aðrir velkomnir í Valskórinn

Valskórinn var stofnaður haustið 1993 og er því 25 ára í ár. Af því tilefni heldur kórinn veglega afmælistónleika í Háteigskirkju á sunnudaginn og hefjast þeir klukkan fjögur. Bára Grímsdóttir tónskáld hefur stjórnað kórnum frá 2004. Á þessum tónleikum hefur Valskórinn fengið til liðs við sig Lúðrasveit Reykjavíkur undir styrkri stjórn Lárusar H. Grímssonar. Einnig Mörtu Kristínu Friðriksdóttur sópransöngkonu, sem stundar nám við Listaháskólann í Vín, og píanóleikarann Sigurð Helga Oddsson. Að venju er fjölbreytt lagaval íslenskra og erlendra höfunda. Lög úr kvikmyndum og söngleikjum verða flutt á seinni hluta tónleikanna.

Halldór Einarsson, Henson, hefur verið í kórnum nánast frá stofnun. „Ég var reyndar erlendis þegar kórinn hóf sína vegferð en um leið og ég kom til baka þá gekk ég í kórinn. Við höfum alltaf haft frábæra stjórnendur, núna er það Bára sem er svo sannarlega betri en enginn eins og Bjarni Fel hefði sagt,“ segir hann og hlær. Kórinn leggur, líkt og aðrir Valsmenn, á sig þrotlausar æfingar til að ná meiri árangri, en er þó ætíð minnugur orða séra Friðriks: „Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“

Um 30 manns eru í þessum kór og ekki bara Valsmenn. „Ég hef farið langt með að landa hörðum Víkingi inn í þetta starf. Og við höfum enga fordóma. Við bjóðum KR-inga velkomna en það er bara ekki sungið mikið í Vesturbænum. Ég hef ekki orðið þess var hjá KR-ingum að þeir hafi mikla söngþörf. Valsmenn hafa hana enda með þjóðsönginn okkar, Valsmenn léttir í lund.“ **benediktboas@365.is**


*Ókeypis aðgangur — allir velkomnir*




Sæmundur

KIRKJUBÆJARSTOFA 1997–2017

**Bókarkynning**
*í Vorkaffi Skaftfellingafélagsins*

*í Safnaðarheimili Grensáskirkju sunnudaginn 6. maí klukkan 16*

**Kirkjubæjarstofa** og **Bókaútgáfan Sæmundur** kynna bókina ***Fornar ferðaleiðir í Vestur-Skaftafellssýslu um aldamótin 1900***. Höfundur er Skaftfellingurinn Vera Roth. Hér er á ferðinni stórglæsilegt rit um mikla sögu og mikinn menningararf. Bókina prýðir fjöldi gamalla ljósmynda sem fæstar hafa áður komið á prenti.

Bókin er gefin út í tilefni af 20 ára afmæli Kirkjubæjarstofu. Hún er liðlega 260 síður í stóru broti. Almennt verð 9.500 kr. **Tilboðsverð 6. maí er 7.700 kr.**

- **Vera Roth** segir frá bókinni
- **Ólöf Rún Benediktsdóttir**, söngvari frá Kirkjubæjarklaustri, tekur nokkur lög við undirleik Ara Franks Ingasonar

**Á undan Vorkaffinu eru árlegir Vortónleikar Söngfélags Skaftfellinga í Grensáskirkju og hefjast þeir klukkan 14. Þar stíga auk þess á stokk Vinir Skúla. Aðgangseyrir á tónleikana er 3.000 kr.**

**Ertu að leita að... bíl?**

**Höfum opnað nýja bílasölu**




FÓLKSBÍLAR
JEPPAR
FERÐABÍLAR
HJÓLHÝSI
FELLIHÝSI
TJALDVAGNAR
FJÓRHJÓL




**BÍLAKAUP • VAGNAKAUP •**

Finndu okkur á

Köllunarklettsvegur 3 (Sæbrautarmegin) - Sími: 522 22 22 - bilakaup@bilakaup.com - www.bilakaup.com

# KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

**HJARTSLÁTTUR**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| V | E | G | K | A | N | T | | S | | O | | O | | H | | S | | A | |
| I | | R | | L | | Í | | A | L | D | U | R | S | Á | K | V | Æ | Ð | I |
| S | T | Á | L | P | U | Ð | U | M | | D | | Ð | | S | | E | | V | |
| T | | T | | A | | A | | L | A | M | P | A | S | K | E | R | M | A | R |
| A | U | K | A | K | A | S | T | I | | J | | S | | A | | A | | R | |
| R | | V | | L | | P | | T | | Ó | S | K | A | L | I | S | T | A | R |
| F | L | E | Ð | U | L | E | G | I | | A | | A | | Í | | T | | N | |
| Ö | | N | | K | | N | | R | Ú | N | A | K | E | F | L | A | | D | |
| N | | N | | K | | N | | | R | | R | | I | | A | R | K | I | R |
| G | J | A | F | A | K | A | R | F | A | | F | | N | | S | | N | | Ö |
| | A | | I | | J | | Ú | | N | Æ | T | U | R | G | A | M | A | N | S |
| F | R | A | M | S | Ö | G | N | I | N | | Ö | | Æ | | R | | R | | K |
| | Ð | | B | | R | | A | | Á | S | K | U | N | N | U | G | R | A | R |
| F | A | G | U | R | K | E | R | U | M | | U | | A | | S | | A | | A |
| | R | | L | | L | | Ö | | U | M | M | Y | N | D | A | Ð | R | A | |
| H | Á | L | F | G | E | R | Ð | U | M | | | D | | A | | | | L | |
| | V | | A | | F | | | R | | H | Á | D | E | G | I | S | S | Ó | L |
| | Ö | | M | Ó | A | F | U | G | L | A | | A | | F | | K | | Ð | |
| | X | | B | | N | | | A | | L | A | R | F | A | L | Ú | Ð | U | M |
| Ú | T | H | A | F | S | K | A | R | F | A | | I | | R | | R | | M | |

**LAUSNARORÐ:** Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist íþrótt . Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 11. maí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „5. maí“.



FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Þitt annað líf** eftir **Raphaélle Giordano** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Matthías Loftsson, Kópavogi**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

### LÁRÉTT

**1** Merkti nokkur blöð af mörgum og seldi í viðeigandi kauphöll (17)
**11** Árný er alltaf í ruglinu á þessum tíma (4)
**12** Held ég losi mig undan oki grimmdar með nettum tryllingi (11)
**13** Stafahvalir festast gjarna í rist (10)
**14** Garðyrkjuverkfæri æða í hægindin (11)
**15** Hirða þann hagnað sem heilla mun (8)
**16** Bók um stúkur og stafsetningu (9)
**17** Hef heyrt strangari tón en ekki hrjúfari (10)
**18** Veistu af barðanum á barðagólfinu? (7)
**19** Vistir varga kalla á stórt bitabox (11)
**22** Bæta skal baug svo hann verði eins og hann á að vera (9)
**27** Skoða stöngla Nonna, Manna og allra hinna (9)
**28** Háhyrningur í uppnámi; er hann valtur? (10)
**30** Þökur og reiðingur – þetta er einfaldlega niðurskurður! (11)
**33** Grá eru grimmust allra og öðrum ómýkri (10)
**35** Hjálparsveit grefur sér leið niður fyrir gildru þeirra sem prettina stunda (11)
**36** Skerjakollan fer úr húsi og rukkar aðgangseyri (10)
**37** Kerfaleiðslukerfið? Eða veiðiaðferðina? (11)
**38** Vantar stofur fyrir vatnsbogann og sleðaferðina (10)
**39** Ás vantar aur til að komast heim í sinn heiðardal (6)

### LÓÐRÉTT

**1** Stefndi ríkjasambandi í voða með hviklyndi sínu (15)
**2** Sýnir Bretóni dónaskap? Það er álíka merkilegt og yfirhöfn í óveðri (11)
**3** Það má segja að þetta sé viðbótarmálsgrein (11)
**4** Tel storm, ungan sel, ávöxt og landnorður duga í metalsöngleikinn (11)
**5** Tel konu án perlufestar hljóta að vera óbundna (11)
**6** Reynið fleira en að fá að keyra rútu (11)
**7** Meiri stuðboltinn, flatfiskurinn suður í höfum (14)
**8** Þessi braut er eina leiðin inn fyrir litlar sjónvarpsstöðvar (10)
**9** Að utan kemur blað skráðra nema um hina (10)
**10** Hörgull var á fjötrum út af litlu framboði á hráefni (10)
**20** Vegan-eftirrétturinn var sá eini sem ekkert bit var í (8)
**21** Kalkspatfjallið – er kandísnáman þar? (11)
**23** Kenna ákveðnum varðmönnum um morðin á ákveðnum herrum (10)
**24** Börn átu hæringinn, einkum kóðin (10)
**25** Meistaratign kommúnískrar sandeyðimerkur (9)
**26** Það sem hrökk af Báru var einkenni þessarar tilteknu lotu (9)
**29** Komast yfir kringlu með einhyrningi úthafanna (7)
**31** Blása á traust á liðið lið (7)
**32** Leirskánir í jörðu geyma verðskrá gamals gjaldmiðils (7)
**34** Vinir frá Ríga og þeirra amerísku kaggar (6)

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 1 | 5 | | | 6 | |
| | 6 | | 2 | | | | 9 | |
| | | | | | 8 | | | 5 |
| | | 1 | | | 4 | 8 | | 3 |
| | | | 3 | | 5 | 9 | | |
| 9 | | 2 | | | | | | |
| 6 | | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | | |
| 1 | | | | | | 6 | 7 | |
| | 9 | | | | | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | | | | 5 | | 3 |
| 1 | | | 7 | | | 4 | | 2 |
| 6 | 2 | | | | 4 | | | 9 |
| | 4 | | | | 8 | | | |
| | | | 9 | 5 | 1 | | | |
| | | | 2 | | 6 | 3 | | |
| | 1 | | | | 5 | 8 | | 6 |
| 7 | | | 1 | | | | 3 | |
| 9 | | | | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 5 | | | 8 |
| | | | 6 | | | 9 | | |
| | 5 | 9 | | | 8 | 1 | 2 | |
| | | 2 | | | | 7 | 6 | |
| | | 4 | | 6 | | | 3 | |
| | | | 5 | 3 | | | | 1 |
| | | | | | 1 | | | 7 |
| 9 | 3 | | | | | | | |
| 2 | | | 9 | | | 8 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 5 | 4 | 3 | 7 | 2 | 6 | 9 |
| 9 | 3 | 4 | 2 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 |
| 2 | 6 | 7 | 8 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 5 | 3 |
| 5 | 9 | 2 | 3 | 7 | 4 | 6 | 8 | 1 |
| 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 |
| 3 | 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 9 | 4 | 7 |
| 6 | 2 | 8 | 7 | 4 | 9 | 1 | 3 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 7 | 3 | 4 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 2 | 4 | 8 | 7 | 6 | 9 | 1 | 3 | 5 |
| 3 | 5 | 6 | 8 | 1 | 2 | 7 | 9 | 4 |
| 9 | 6 | 5 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 | 7 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 6 |
| 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 5 | 1 | 9 |
| 5 | 3 | 1 | 4 | 9 | 8 | 6 | 7 | 2 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 5 | 1 | 4 | 8 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 8 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 8 | 2 |
| 4 | 1 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 9 |
| 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 4 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 9 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 9 | 7 | 1 | 4 | 5 |
| 1 | 9 | 4 | 5 | 7 | 8 | 6 | 2 | 3 |
| 6 | 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 | 7 |
| 7 | 8 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 5 | 4 |

## Skák Gunnar Björnsson



Vlahos átti leik gegn Tryandafyllidis í Grikklandi árið 1980.
**Svartur á leik.**
**1. ... Dxh3+! 2. gxh3 Hf1+ 3. Kg2 H8f2# 0-1.** Landsmótið í skólaskák hófst í gær og verður hægt að fylgjast með því á Skák.is. Héðinn Steingrímsson sigraði á alþjóðlegu skákmóti sem lauk í Flórída fyrir skemmstu.

**www.skak.is:** HM kvenna hafið.

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### HAGSTÆÐ LEGA

Sveit Kjarans sem vann sigur í úrslitakeppninni í sveitakeppni var með 119,52 stig og seldi Hótels Hamars (sem var efst) með 130,02 stig þegar 10 umferðir voru búnar af 11 í úrslitakeppni 12 efstu sveita. Þessar tvær sveitir áttust við í síðustu umferð áður en kom að úrslitakeppni fjögurra efstu sveita. Innbyrðis viðureign þessara tveggja sveita fór 16,09-3,91 fyrir Kjaran og munaði 26 impum (42-16) þegar upp var staðið. Sveit Kjarans græddi 15 impa á þessu spili í leiknum. Sveit Hótels Hamars lenti í slæmum misskilningi og endaði á 4 spöðum í AV á 3-0 samlegu – sem fór 3 niður (150 í dálk NS). Gefin hafði verið „Voidwood“-sögnin 4 spaðar á hönd austurs, en vestur hafði tekið hana sem eðlilega og passað hana. Austur var gjafari og enginn á hættu:

**Norður**
♠ D5432
♥ K43
♦ 874
♣ 72

**Vestur**
♠ ÁG10
♥ D10962
♦ 103
♣ D84

**Austur**
♠ -
♥ Á975
♦ KDG5
♣ ÁKG105

**Suður**
♠ K9876
♥ G
♦ Á962
♣ 963

Guðjón Sigurjónsson og Stefán Stefánsson í sveit Kjarans lentu í metnaðarfullum samningi. Guðjón endaði í 6 ♥ í vestur eftir baráttusagnir. Öruggur gjafaslagur var á tígullitinn og trompliturinn varð að vera tapslagalaus. Guðjón vann slemmuna (ásamt 2 öðrum pörum sem voru í hjartaslemmu) með því að fara af stað með hjartadrottningu og pinna hjartagosann blankan hjá suðri. Sveit Kjarans fór inn í úrslitakeppni fjögurra efstu sveita með 135,61 stig og sveit Hótels Hamars var í þriðja sæti með 133,93 stig.


30
ÁRA
2018
Flísabúðin
Gæði og glæsileiki
endalaust úrval af hágæða flísum
Finndu okkur
á facebook
Flísabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

# KRAKKAR

## Konráð og félagar á ferð og flugi 300

„Jæja þá, tvær sudoku gátur,“ sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku gátur að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa þær,“ bætti hún við. Konráð horfði á gáturnar. „Allt í lagi,“ sagði hann. „Til er ég.“ Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við þær báðar og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin,“ sagði hún. „Allt í lagi,“ sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár,“ sagði hún montin.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 7 | 3 | | | 4 | | |
| | | | | 9 | | 8 | 7 | |
| 9 | | | 7 | 5 | | | 3 | |
| | | 1 | 5 | | | 7 | 6 | |
| | | | 6 | | 7 | | | |
| | 7 | 4 | | 2 | | | | |
| | | 3 | 9 | | | | 4 | |
| 4 | | 5 | | | | | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 8 | | 6 | 5 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 2 | | | | 5 | | | |
| 9 | | | 4 | 1 | 6 | 8 | 3 | |
| | | | | 2 | | | | |
| 1 | | | | | 2 | 6 | 4 | |
| | 4 | | | 9 | | | 7 | 8 |
| | | 2 | | | 8 | | 9 | 1 |
| 6 | | | | | | 3 | | 4 |
| 2 | | 7 | 1 | | | | | 5 |
| 4 | 9 | | 5 | | 3 | | | 6 |

**Heldur þú að þú getir leyst þessar sudoku gátur hraðar en Kata?**



## Listaverkið

**Stefnir Daniel** í fjórða bekk í Ártúnsskóla gerði þessa skemmtilegu mynd.





Jón Björn hefur ansi margt fyrir stafni, æfir körfubolta, skák og fótbolta. Honum finnst líka gaman að baka. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Skemmtilegast að baka

**Jón Björn Margrétarson** er sjö ára. Hann æfir fótbolta, körfubolta og skák.



**Hvað ertu gamall?**
6 ára.

**Hvenær áttu afmæli?**
26. febrúar.

**Ertu að æfa íþróttir?**
Já, ég æfi skák, fótbolta og körfubolta.

**Hvaða íþrótt finnst þér skemmtilegust?**
Mér finnst körfubolti mjög skemmtilegur.

**Í hvaða skóla ertu?**
Hamrasķóla og ég er í 1. bekk.

**Áttu systkini?**
Nei.

**Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum?**
Mér finnst skemmtilegast að baka í heimilisfræði.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?**
Pylsa.

**Hvað langar þig að gera í sumarfríinu þínu?**
Fara til útlanda.

**Hefur þú farið til útlanda?**
Já, tvisvar sinnum. Til Kanaríeyja og líka til Danmerkur.

bauhaus.is

# BAUHAUS®

Allt fyrir hús, heimili og garða




6 ára

Afmælishátíð

Við eigum 6 ára afmæli







## Afmælishátíð BAUHAUS

### Laugardaginn 5. maí

Við erum 6 ára! og hjá okkur er sannkölluð afmælisveisla.

**Kl 11:00 BAUHAUS BINGÓ**
20 fyrstu sem fá BINGÓ fá afmælisglaðning
- fyrstur kemur fyrstur fær.

**Kl. 13:00-13:45 LUKKUHJÓL**
Lalli töframaður sér um fjörið og viðskiptavinir fá tækifæri að snúa lukkuhjólinu þar sem er til mikils að vinna!

**Kl 15:00-15:45 LUKKUHJÓL**
Endurtökum leikinn, og viðskiptavinir fá tækifæri á að snúa lukkuhjólinu þar sem er til mikils að vinna!

Emmessís í boði fyrir alla á meðan birgðir endast.
Hlökkum til að sjá ykkur!
BAUHAUS gæði, gott verð og góðar stundir.



emmessís

Opnunartímar: mánudaga til föstudaga 8-19 * laugardaga og sunnudaga 10-18

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag gefur suðvestanáttin aðeins eftir frá því sem hún var í gær, en þó verður víða strekkingsvindur. Áfram má búast við snjóéljum og fremur köldu veðri, en norðaustan- og austanlands verður sólskin og þokkalegar hitatölur yfir daginn.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 18° | Oslo 16° | Stokkhólmur 17° | Gautaborg 15° | Helsinki 12° | Þórshöfn 9° | Nuuk -3° |
| London 19° | Amsterdam 18° | París 20° | Berlín 17° | Madríd 20° | Brussel 19° | Róm 22° |
| Boston 13° | New York 15° | Orlando 21° | Moskva 23° | Singapúr 28° | Tókýó 15° | Sydney 13° |

### Reykjavík



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↗13 | 6° ↑10 | 7° ↖2 | 3° ↘7 | 3° ↗3 |

### Ísafjörður



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 1° ↗10 | 3° ↗10 | 4° ←6 | 0° ↘8 | 1° →10 |

### Akureyri



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗15 | 5° ↗7 | 5° ↙3 | 5° ←7 | 2° →14 |

### Egilsstaðir



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↑13 | 5° ↑10 | 5° ↙6 | 5° ↖9 | 2° →11 |

### Kirkjubæjarklaustur



| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 4° ↗11 | 6° ↑9 | 7° ←6 | 5° ←6 | 4° →6 |


# Hollvinasamtök varðskipsins Óðins



**Aðalfundur** Hollvinasamtaka Óðins verður haldinn **þriðjudaginn 15. maí næstkomandi.** Fundurinn verður um borð í Óðni sem liggur við Óðinsbryggju áfastri Sjóminjasafninu í Reykjavík og hefst klukkan 17:00.

**Fundarefni: Venjuleg aðalfundarstörf**

Auk þess verður fjallað um ástand skipsins, gangsetningu aðal- og ljósavéla og fyrirhugaða slipptöku síðsumars. Þá verður umræða um þá stefnu stjórnar Hollvinasamtakana að sigla Óðni „um sundin blá“ árið 2020 í tilefni af því að þá eru liðin 60 ár frá komu hins nýja varðskips í fyrsta sinn til Reykjavíkurhafnar.

***Hollvinir, fjölmennið á fundinn. Nýir félagar velkomnir.***

***Stjórn Hollvinasamtaka Óðins***

FRÉTTABLAÐIÐ

89%

af lesendum dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 18–49 ára lesa Fréttablaðið daglega.

*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup jan.-mar. 2018.


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# KRÓNAN

ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK



## 100% hamborgara-búðin þín!

120g - 579 kr. pk.
175g - 859 kr. pk.

★★★

**NÝ AÐFERÐ**
**Betri hamborgari!**

★★★

alltaf 2 stk. í pakka

Nýtt!




Fylltir hamborgarar, 2x120 g

**599** kr. pk.

VEGAN
Vegan



Grænmetisbuff, vegan, 4 stk.

**699** kr. pk.

Nýtt!




Gardchips flögur, 150 g

**399** kr. pk.




12 stk. í pakka

ENGIN AUKEFNI
100%
UNGNAUTAHAKK

12 smáborgarar og brauð, Fabrikkusósa, salt og pipar

**1999** kr. pk.

# Glæpasagan er frábær til þess að skoða samfélagið

**Kvikmyndin Vargur var frumsýnd í vikunni við góðar undirtektir. Börkur Sigþórsson leikstjóri segir hlutverk listamannsins vera að velta upp spurningum fremur en að predika í verkum sínum.**



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Þó að sumarið virðist ætla að láta bíða dálítið eftir sér á Íslandi þessi dægrin er ekkert lát á íslenska kvikmyndavorinu. Í íslenskri kvikmyndagerð er reyndar löngu komið hásumar enda mikið framleitt og frumsýnt af nýju og vönduðu efni af ýmsum toga. Nýjasta viðbótin er kvikmyndin Vargur í leikstjórn Barkar Sigþórssonar og framleiðslu RKV Studios. Þó að Börkur hafi lengi fengist við kvikmyndagerð er þetta hans fyrsta leikna kvikmynd í fullri lengd en hann var byrjaður að fást við leikstjórn strax fyrir tvítugt. „Ég byrjaði á því að leikstýra tónlistarmyndböndum og fór snemma til Bretlands þar sem ég var að vinna við að gera bæði tónlistarmyndbönd og auglýsingar, auk þess að fást við stuttmyndagerð þess á milli.

Í kjölfarið á því var mér boðið að taka að mér leikstjórn í Ófærð þar sem ég leikstýrði tveimur þáttum sem var hentugt vegna þess að þá var handritið að kvikmyndinni fullmótað og ég búinn að semja við framleiðendur. Að auki fór ég út og gerði þátt í seríu sem kallast Endeavour hjá ITV og það er að landa mér verkefni hjá BBC. Þannig að þetta hefur verið að koma svona eitt af öðru, boltinn er að rúlla," segir Börkur léttur.



Börkur Sigþórsson segir að tónlistarmyndbönd og auglýsingagerð hafi reynst honum góður skóli í kvikmyndagerð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Leikkonan Anna Próchniak fer með eitt af aðalhlutverkunum í Vargi.

## Starf leikstjórans

Aðspurður um þennan bakgrunn í kvikmyndagerðinni segir Börkur að tónlistarmyndbönd og auglýsingar séu góður skóli. „Þetta eru miðlar sem reiða sig á myndmálið rétt eins og kvikmyndirnar. Þarna verður þú að geta sagt sögu á mjög stuttum tíma og í mynd og þá nýttist mér líka vel bakgrunnur í ljósmyndun því maður er alltaf að leita að þessu hlaðna augnabliki. Finna myndmálið sem segir mest og það skilar sér einkar vel í spennumyndaforminu þegar það er rík þörf á því að fanga stemningu fremur en orð.

Það er í raun synd hvað allt er breytt í kringum tónlistarmyndböndin í dag frá því að ég var að fást við þau. Það var verið að skjóta á filmu með alvöru kostnaðaráætlun og maður var að vinna með alvöru fagfólki. Skipulagið þá var mun líkara því sem er í kvikmyndum og auglýsingum sem gerði það miklu léttara að fara þarna á milli eða koll af kolli. Þetta er því miður aðeins að glatast núna því ég get vel ímyndað mér að ef ég væri að byrja í tónlistarmyndböndum í dag væri ég meira bara með mína stafrænu myndavél og félaga mína mér til aðstoðar en engan aðgang að einhverjum innviðum. Maður gat komist í tæki og tól og framleiðslufyrirtækin hjálpuðu manni ef maður var bara nægilega graður og maður var að stela filmum úr kælum svona hér og þar. En maður var að vinna í umhverfi sem er miklu nær eiginlegri kvikmyndagerð."

Börkur segir að þetta hafi skipt miklu máli vegna þess að leikstjórn sé að svo miklu leyti fólgin í að kunna að raða fólki í kringum sig. „Að kunna að nýta krafta fólks til fullnustu. Fólk sem er með getu sem er langt umfram það sem maður hefur sjálfur. Þess vegna er stundum talað um það að þegar maður er kominn með handrit, leikara og mannskap þá sé maður sem leikstjóri eiginlega búinn með 80% af vinnunni. Þá er bara að setjast niður og gæta þess að allt fari rétt fram."

Börkur segir að það hafi líka gert hans vinnu ánægjulega hversu gott fólk hann hafi fengið til starfa við Varg. Í aðalhlutverkum eru Gísli Örn Garðarsson, Baltasar Breki Samper, Marijana Jankovic, Anna Próchniak og auk þess hafi verið valinn maður í hverju rúmi hvorum megin sem var myndavélarinnar.

## Glæpasagan og samfélagið

Auk þess að vera leikstjóri Vargs þá er Börkur einnig höfundur handritsins sem hann byrjaði að vinna að árið 2009. „Ég var að dúlla mér við þetta handrit í nokkur ár en það er í raun búið að vera tilbúið síðan 2013 en það er þolinmæðisverk að búa til kvikmynd."

Börkur segir að Vargur fjalli um tvo bræður sem hafi farið mjög ólíkar leiðir í lífinu en eru báðir í vanda staddir fjárhagslega en af ólíkum ástæðum. „Þeir snúa bökum saman og skipuleggja innflutning á einu og hálfu kílói af kókaíni en það fer allt til fjandans. Án þess að ég vilji nú segja of mikið þá er sagan einkum um hvað gerist eftir að burðardýrið þeirra veikist og viðbrögð þeirra við þeirri stöðu sem er komin upp. Svona hvernig þeir tækla stöðuna ef svo má segja og hvernig það knýr fram og opinberar þeirra innra eðli."

Þegar horft er til þess að Börkur byrjaði að vinna að þessari hugmynd í kjölfar efnahagshrunsins vaknar óneitanlega sú spurning hvort verkið sé samfélagslegs eðlis auk þess að vera hefðbundin spennumynd? „Já, sannarlega. Þetta kemur vissulega mikið upp úr pælingum um hrunið því það tímabil bæði var og er mér mjög hugleikið. Hvernig það blöstu við brestir í samfélaginu og íslenskri þjóðarsál? Glæpasagan er einmitt frábært form til þess að skoða samfélagslega þætti og ekki síður eitthvað sem snýr að manni sjálfum persónulega. Á þessum tíma þurfti ég eins og svo margir að horfast í augu við mína forgangsröðun. Spyrja mig hver minn þáttur væri í þessu öllu saman og hvernig ég væri á einhvern hátt þátttakandi og túlkandi í öllum þessum umbrotum.

Fyrir slíka rannsókn er glæpasagan frábær leið vegna þess að innan hennar getur maður ýkt hluti sem maður finnur í eigin fari og skoðað þá í öðru samhengi. Þó maður sé ekki að velta fyrir sér innflutningi á fíkniefnum þá getur maður engu að síður skoðað hvar og hvernig maður hefur stytt sér leið í gegnum tíðina. Þarf ég að horfast í augu við það? Þetta finnst mér skemmtilegt að skoða en þannig er að fást við sköpun; maður tekur allt sem maður upplifir og hrærir í einn graut. Hvort sem það eru sigrar eða áföll þá verður það manni allt að innblæstri."

**EITTHVAÐ SEM SNERTIR VIÐ FÓLKI Í RAUNVERULEIKANUM EN ER UM LEIÐ AFÞREYING OG FÓLK HEFUR GAMAN AF ÞVÍ AÐ HORFA Á.**

Það er mikill uppgangur í leiknu efni víða í heiminum þessa dagana og Börkur segir að það sé gaman að sjá hversu óseðjandi eftirspurn virðist vera eftir vönduðu afþreyingarefni. „Efni sem spyr spurninga og veltir upp málum sem snerta samtímann og líf okkar. Ég held að fólk vilji ekkert endalaust vera að flýja veruleikann heldur er það þessi gullna blanda á milli afþreyingar og félagslegs gildis sem svo mikil eftirspurn virðist vera eftir. Eitthvað sem snertir við fólki í raunveruleikanum en er um leið afþreying og fólk hefur gaman af því að horfa á. Þú getur farið og horft á bíómynd fyrir poppkornið en ef hún býr yfir raunverulegri dýpt þá er hún einfaldlega miklu áhugaverðari fyrir fleiri.

Þannig að ég held að kvikmyndir þurfi ekki að vera annaðhvort eða. Mér finnst líka mikilvægt að það blasi ekki við einhvers konar predikun kvikmyndagerðarmannsins því starf listamannsins er að velta upp spurningum en ekki endilega að sjá þér fyrir svörum."

# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur

Hvar@frettabladid.is

**5. MAÍ 2018**

### Tónlist

**Hvað?** Sniglabandið heiðrar The Band / The Last Waltz
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Á rúmlega 30 ára starfsferli hefur Sniglabandið komið víða við í stíl og stefnum, en flutningur og túlkun Sniglabandsins á tónlist The Band er nokkuð sem áheyrendur hafa getað gengið að sem vísu hjá hljómsveitinni. The Last Waltz, kveðjutónleikar The Band, eru einir frægustu tónleikar sögunnar. Sniglabandið flytur bestu lögin af tónleikunum, fyrst allra á Íslandi, ásamt mörgum góðum gestum í Bæjarbíói í kvöld.

**Hvað?** Mr. Silla & Jae Tyler
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu



Berlínarbúarnir Silla og Tyler eru stödd í borginni. Þau ætla að spila splunkunýtt efni fyrir gesti Mengis í kvöld. Tyler flytur fyrst eigið efni og notast við kasettuspilara og gítarmagnara. Síðar spila þau saman sem Mr. Silla og má búast við kosmísku, dreymandi tónaflóði frá tvíeykinu.

### Viðburðir

**Hvað?** Útgáfuhóf Draugsólar
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Penninn Eymundsson, Skólavörðustíg

### Sýningar

**Hvað?** Útskriftarsýning bakkalárnemenda í myndlist, hönnun og arkitektúr við Listaháskóla Íslands
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Kjarvalsstaðir
Á sýningunni má líta afrakstur þriggja ára háskólanáms í myndlist, hönnun og arkitektúr. Sýningarstjórar eru Birta Fróðadóttir (hönnun og arkitektúr) og Dorothée Kirch (myndlist). Sýnendur útskriftarsýningar á Kjarvalsstöðum eru 68 talsins, þar af 23 nemendur úr myndlistardeild, 44 úr hönnunar- og arkitektúrdeild og 1 nemandi úr tónlistardeild.

## Sunnudagur

### Tónlist

**Hvað?** KÍTÓN klassík
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hof, Akureyri
Erla Dóra Vogler og Eva Þyri Hilmarsdóttir fagna aldarafmæli Jórunnar Viðar með tónleikum á Akureyri.

**Hvað?** Snorri Helgason
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Iðnó
Á tónleikunum í Iðnó 6. maí verður platan Margt býr í þokunni flutt í heild sinni af sömu hljómsveit og spilaði á upptökunum en það eru ásamt Snorra; Örn Eldjárn á pedal steel gítar, Guðmundur Óskar Guðmundsson á bassa og Hjörtur Ingvi Jóhannsson á hljómborð og harmónikku. Einnig mun sami átta manna kórinn og syngur á plötunni koma fram á tónleikunum. Sannkölluð veisla fyrir unnendur íslenska þjóðsagnaarfsins.



Snorri Helgason verður með góða baðstofustemmingu í Iðnó á sunnudaginn.

### Viðburðir

**Hvað?** Listamannaspjall í Hallgrímskirkju
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Í listamannaspjalli mun Kristín Reynisdóttir segja frá tilurð sýningarinnar Synjun og Prodhi Manisha, flóttamaður sem er nýkominn með landvistarleyfi, mun segja frá reynslu sinni.

### Sýningar

**Hvað?** Fjölþing – ljósmyndasýning
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Borgarbókasafnið, Gerðubergi
Myndlistarkonan Hildur Björnsdóttir sýnir ljósmyndir og innsetningar frá ferðum sínum um Asíu þar sem hún hefur á undanförnum árum kynnst fjölbreyttri menningu, trúarbrögðum og lífsháttum. Áhorfendanum er boðið í heimspekilegt ferðalag á framandi slóðir.








MIÐVIKUDAGINN 9. MAÍ, KL. 8.30-10.00 Í GAMLA BÍÓ, INGÓLFSSTRÆTI

Samtök atvinnulífsins, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök iðnaðarins og Samtök verslunar og þjónustu efna til opins umræðufundar um **sambúð borgar og atvinnulífs** með oddvitum stærstu framboðanna

Vinsamlegast skráið þátttöku á www.sa.is

Fundurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis.
Boðið verður upp á morgunverð.

**Þátttakendur:**
Dagur B. Eggertsson, Samfylkingunni
Dóra Björt Guðjónsdóttir, Pírötum
Eyþór Arnalds, Sjálfstæðisflokknum
Ingvar Jónsson, Framsóknarflokknum
Líf Magneudóttir, Vinstri-grænum
Vigdís Hauksdóttir, Miðflokknum
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Viðreisn

**Fyrirspyrjendur:**
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ
Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður SAF
Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI

Fundarstjóri:
Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA

SVÞ Samtök verslunar og þjónustu · SI · SAF · SA

#PL

Laugardagur 5. maí

Stoke 11:20 Crystal Palace
#STKCRY

West Brom 13:50 Tottenham
#WBATOT

Everton 16:20 Southampton
#EVESOU

Sunnudagur 6. maí

Man. City 12:20 Huddersfield
#MCIHUD

Chelsea 15:20 Liverpool
#CHELIV

Arsenal 15:20 Burnley
#ARSBUR

SPORT

KAUPTU STAKAN LEIK:
vodafone Síminn



# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Waybuloo
07.45 Kalli á þakinu
08.10 Með afa
08.20 Billi Blikk
08.35 Blíða og Blær
09.00 Gulla og grænjaxlarnir
09.15 Dagur Diðrik
09.40 Lína langsokkur
10.05 Dóra og vinir
10.30 Nilli Hólmgeirsson
10.40 Ævintýri Tinna
11.05 Beware the Batman
11.25 Friends
12.20 Víglínan
13.05 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 Bold and the Beautiful
14.05 Bold and the Beautiful
14.30 Allir geta dansað
16.20 Satt eða logið
17.10 Fyrir Ísland
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 Ellen's Game of Games
19.55 Date Night Sprenghlægileg og rómantísk spennumynd frá 2010 með Steve Carrell og Tinu Fey í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um miðaldra hjón sem drukknað hafa í amstri hversdagslífsins og þrá ekkert heitar en smá tíma fyrir sig sjálf og hjónabandið. Þau ákveða því að skella sér á langþráð stefnumót, fara út á borða og ætla að gera sér sem mestan mat úr. En það sem stefnir í að verða enn eitt tilþrifalítið kvöldið breytist alveg óvænt í næturlangt ævintýri sem þau eiga aldrei eftir að gleyma.
21.35 Snowpiercer
23.40 We Don't Belong Here
01.15 Keeping Up with the Joneses
03.00 King Arthur: Legend of the Sword
05.05 Nothing Left Unsaid: Gloria Vanderbilt and Anderson Cooper

## STÖÐ 2 SPORT

07.00 Premier League Preview
07.30 Brighton - Manchester United - maí (Premier League 2017/2018)
09.10 Roma - Liverpool (UEFA Champions League 2017/2018)
10.50 Meistaradeildarmörkin
11.20 Stoke - Crystal Palace (Premier League 2017/2018)
13.25 Premier League Preview
13.50 WBA - Tottenham (Premier League 2017/2018)
16.00 Laugardagsmörkin
16.20 Everton - Southampton (Premier League 2017/2018)
18.30 Inkasso-deildin 2018
20.10 Köln - Bayern (Þýski boltinn 2017/2018)
21.50 Augsburg - Schalke - maí (Þýski boltinn 2017/2018)
23.30 ÍBV - Haukar

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.55 Pepsi-deild kvenna 2018
09.45 Premier League World 2017/2018
10.15 La Liga Report 2017/2018
10.45 Haukar - ÍBV
12.15 Seinni bylgjan
12.45 Fyrir Ísland
13.25 Augsburg - Schalke
15.35 PL Match Pack 2017/2018
16.30 ÍBV - Haukar
18.10 Evrópudeildarmörkin 2017/2018
19.00 *FH - Selfoss
21.00 Seinni bylgjan
21.30 Leicester - West Ham
23.10 Watford - Newcastle United
00.50 Bournemouth – Swansea

## STÖÐ 3

16.05 Britain's Got Talent
17.05 Friends
17.30 Friends
17.55 Friends
18.20 Friends
18.45 Friends
19.10 Anger Management
19.35 The Goldbergs
20.00 Britain's Got Talent
21.00 Schitt's Creek
21.25 NCIS. New Orleans
22.10 The Knick
23.10 The Mentalist
23.55 Game of Thrones
00.55 Anger Management
01.20 The Goldbergs
01.45 Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur
08.00 Strumparnir
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Ævintýraferðin
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Stóri og Litli
09.13 Tindur
09.27 Zigby
09.38 Mæja býfluga
09.50 Kormákur
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur
12.00 Strumparnir
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Ævintýraferðin
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Stóri og Litli
13.13 Tindur
13.27 Zigby
13.38 Mæja býfluga
13.50 Kormákur
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur
16.00 Strumparnir
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Ævintýraferðin
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Stóri og Litli
17.13 Tindur
17.27 Zigby
17.38 Mæja býfluga
17.50 Kormákur
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Smáheimar: Dalur týndu mauranna

Mörgæsirnar frá Madagaskar, 10.24, 14.24 og 18.24



## GOLFSTÖÐIN

08.15 PGA Tour 2018
12.20 PGA Special: 2017 Players Officical
13.10 Golfing World 2018
14.00 LPGA Tour 2018
17.00 PGA Tour 2018
22.00 Golfing World 2018
22.50 PGA Special: 2017 Players Official

## STÖÐ 2 BÍÓ

07.05 She's Funny That Way
08.40 St. Vincent
10.25 Brooklyn
12.15 As Good as It Gets
14.30 She's Funny That Way
16.05 St. Vincent
17.50 Brooklyn
19.40 As Good as It Gets
22.00 Eddie the Eagle
23.45 Land Ho!
01.20 Salting the Battlefield
03.00 Eddie the Eagle

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kalli og Lóa
07.12 Vinabær Danna tígurs
07.25 Lundaklettur
07.32 Veistu hvað ég elska þig mikið?
07.44 Símon
07.49 Molang
07.52 Klaufabárðarnir
08.01 Kata og Mummi
08.12 Úmísúmí
08.35 Hvolpasveitin
08.58 Rán og Sævar
09.09 Babar
09.31 Djúpið
09.53 Alvin og íkornarnir
10.04 Uss-Uss!
10.15 Krakkafréttir vikunnar
10.35 Dýrabörn
11.30 Skólahreysti
12.45 Útsvar
13.55 Eldað með Niklas Ekstedt
14.25 Veröld Ginu
14.55 Hafið, bláa hafið
15.45 Borgarsýn Frímanns
16.00 Bannorðið
17.00 Innlit til arkitekta
17.30 Táknmálsfréttir
17.40 KrakkaRÚV
17.41 Kioka
17.48 Póló
17.54 Ofur Groddi
18.01 Lóa
18.13 Bláí jakkinn
18.15 Landakort
18.25 Leiðin á HM
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Alla leið
21.00 Æfing
22.35 The Watch
00.15 Prometheus
02.15 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

08.00 King of Queens
08.25 Everybody Loves Raymond
08.45 Everybody Loves Raymond
09.10 How I Met Your Mother
09.30 How I Met Your Mother
09.55 Life in Pieces
10.20 The Great Indoors
10.40 Black-ish
11.05 Making History
11.30 The Voice USA
13.00 America's Funniest Home Videos
13.25 Air Buddies
15.00 Superior Donuts
15.25 Madam Secretary
16.15 Everybody Loves Raymond
16.40 King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Family Guy
17.55 Futurama
18.20 Friends with Benefits
18.45 Glee
19.30 The Voice USA
20.15 Bruce Almighty
22.00 Spring Breakers
23.35 Pearl Harbor
04.10 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Strumparnir
**07.25** Waybuloo
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Zigby
**08.05** Mamma Mu
**08.10** Elías
**08.20** Víkingurinn Viggó
**08.35** Grettir
**08.50** Pingu
**08.55** Heiða
**09.20** Tommi og Jenni
**09.40** Skógardýrið Húgó
**10.05** Friends
**10.30** Ellen's Game of Games
**12.00** Nágrannar
**12.20** Nágrannar
**12.40** Nágrannar
**13.00** Nágrannar
**13.25** American Idol
**14.50** Britain's Got Talent
**15.50** Friends
**16.15** Brother vs. Brother
**16.55** Grey's Anatomy
**17.40** 60 Minutes
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.10 Allir geta dansað** Nýr íslenskur skemmtiþáttur í beinni útsendingu byggður á hinum geysivinsælu þáttum Dancing with the Stars. Í þáttunum keppa tíu þjóðþekktir Íslendingar í dansi en þeir eru paraðir saman við tíu fagdansara og eitt par stendur uppi sem sigurvegari. Kynnar í þáttunum eru Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir. Dómarar eru Selma Björnsdóttir, Karen Reeves og Jóhann Gunnar Arnarsson.
**21.20** Gåsmamman
**22.05** Homeland
**22.50** Queen Sugar
**23.35** Vice
**00.05** Transparent
**01.00 Westworld** Önnur syrpa þessara hörkuspennandi þátta úr smiðju J.J. Abrams og Jonathans Nolan sem byggðir eru á bók Michaels Crichton. Þættirnir gerast í fullorðins þemagarði sem gengur út á að vélmenni sem líkjast mönnum sinna öllum þörfum gesta garðsins. Í síðustu þáttaröð kom í ljós galli í vélmennunum sem hafði ógnvænlegar afleiðingar og því verður spennandi að sjá hvernig framvindan verður hjá söguhetjum okkar í þessari nýju og stórbrotnu sögu.
**02.00** Suits
**02.50** S.W.A.T.
**03.35** Lucifer
**04.20** A Little Chaos

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Stoke - Crystal Palace
**08.30** WBA - Tottenham
**10.10** Everton - Southampton
**11.50** Premier League Preview
**12.20** Manch. City - Huddersfield
**14.30** Evrópudeildarmörkin
**15.20** Chelsea - Liverpool
**17.30** Messan
**18.35** Barcelona - Real Madrid
**20.45** Arsenal - Burnley

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00** Augsburg - Schalke -
**08.40** Köln - Bayern
**10.20** Mjólkurbikarmörkin
**11.25** Cardiff - Reading
**13.30** Inkasso-deildin
**15.20** Arsenal - Burnley
**17.30** FH - Selfoss
**19.00** Pepsi-deild karla
**21.10** Pepsi-deild karla
**22.50** Chelsea - Liverpool
**00.30** Messan

## STÖÐ 3

**15.25** Grand Designs
**16.15** Seinfeld
**16.40** Seinfeld
**17.05** Seinfeld
**17.30** Seinfeld
**18.00** Mayday
**18.45** Seinfeld
**19.10** The Goldbergs
**19.35** Anger Management
**20.00** The Mentalist
**20.45** Veep
**21.15** Game of Thrones
**22.10** Better Call Saul
**23.05** Silicon Valley
**23.40** Famous In Love
**00.25** Empire
**01.15** Anger Management
**01.40** The Goldbergs
**02.05** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Stóri og Litli
**07.13** Tindur
**07.27** Zigby
**07.38** Mæja býfluga
**07.50** Kormákur
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Hvellur keppnisbíll
**10.37** Ævintýraferðin
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.27** Zigby
**11.38** Mæja býfluga
**11.50** Kormákur
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Hvellur keppnisbíll
**14.37** Ævintýraferðin
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.27** Zigby
**15.38** Mæja býfluga
**15.50** Kormákur
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Hvellur keppnisbíll
**18.37** Ævintýraferðin
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Lína langsokkur á ferð og flugi



**Doddi litli og Eyrnastór kl. 08.47, 12.47 og 16.47**

## GOLFSTÖÐIN

**08.40** Golfing World
**09.30** LPGA Tour
**12.00** PGA Tour
**17.00** PGA Tour
**22.00** Golfing World
**22.50** PGA Tour: Arnold Palmer's Legacy
**23.35** PGA Special: Players

## BÍÓSTÖÐIN

**08.25** Trust Me
**09.55** Elsa & Fred
**11.35** The Age of Adeline
**13.25** The Lady in the Van
**15.10** Trust Me
**16.40** Elsa & Fred
**18.20** The Age of Adeline
**20.15 The Lady in the Van** Gamanmynd frá 2015 með Maggie Smith í aðalhlutverki. Sönn saga um kynni Alans Bennet af hinni heimilislausu Mary Shepherd sem í fimmtán ár bjó í sendibíl í innkeyrslunni við hús hans og átti sér merka sögu.
**22.00 We'll Never Have Paris** Rómantísk gamanmynd frá 2014. Þau Quinn og Devon hafa verið kærustupar síðan í skóla og eru sem sköpuð hvort fyrir annað. En þegar Quinn fellur fyrir annarri konu fer allt í vaskinn.
**23.35** Fifty Shades Darker
**01.30** The Giver
**03.10** We'll Never Have Paris

## RÚV

**07.00** KrakkaRÚV
**10.10** Krakkafréttir vikunnar
**10.30** Ævar vísindamaður
**11.00** Silfrið
**12.10** Menningin - samantekt
**12.35** Ahmed og Team Physix
**12.45** Baðstofuballettinn
**13.15** Hið ljúfa líf
**13.35** Drengjaskólinn
**14.05** Rússneski blaðamaðurinn
**14.50** Tímamótauppgötvanir
**15.35** Leiðin til Lissabon
**16.05** Saga HM: Bandaríkin 1994
**17.45** Táknmálsfréttir
**17.55** KrakkaRÚV
**17.56** Sögur
**18.25** Innlit til arkitekta
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.35** Veður
**19.45** Landinn
**20.15** Úti
**20.45** Sjóræningjarokk
**21.25** Bjólfur
**22.10** Þúsund og ein nótt: 2. hluti
**00.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** King of Queens
**08.25** Everybody Loves Raymond
**08.45** Everybody Loves Raymond
**09.10** How I Met Your Mother
**09.30** How I Met Your Mother
**09.55** Difficult People
**10.15** Playing House
**10.40** The Odd Couple
**11.05** Younger
**11.30** The Voice USA
**12.15** Top Chef
**13.05** Glee
**13.50** Family Guy
**14.15** 90210
**15.00** The Good Place
**15.25** Jane the Virgin
**16.15** Everybody Loves Raymond
**16.40** King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Ally McBeal
**18.25** Strúktúr
**18.55** Gudjohnsen
**19.45** Superior Donuts
**20.10** Madam Secretary
**21.00** Law & Order: Special Victims Unit
**21.50** SEAL Team
**22.35** Agents of S.H.I.E.L.D.
**23.20** The Walking Dead
**00.55** Satisfaction
**01.40** Scream Queens
**02.25** Hawaii Five-0
**03.15** Blue Bloods
**04.00** Snowfall
**04.50** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin





ALLIR GETA DANSAÐ
KL. 19:10
Lokabaráttan er hafin og nú kemur í ljós hver hreppir hinn eftirsótta glimmerbikar. Taktu þátt í símakosningu í æsispennandi lokaþætti og veldu þitt uppáhaldspar. Ágóðinn rennur til Barnaspítala Hringsins. Kynnar eru þær Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir.

Spennandi
Sunnudagskvöld
Fáðu þér áskrift á 365.is

GÅSMAMMAN
KL. 21:15
Hörkuspennandi lokaþáttur af þessum frábæru sænsku sakamálaþáttum með hinni einu sönnu Alexöndru Rapaport í hlutverki Sonju sem þarf að kljást við glæpamenn af allra verstu tegund.




HOMELAND
KL. 22:05
Magnaðir spennuþættir um Carrie Mathieson og fyrrverandi félaga hennar í bandarísku leyniþjónustunni CIA.






VICE
KL. 23:45
Ferskur og vandaður fréttaþáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.

Allt þetta og meira til
á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



# Siggi Hall spáir Omnom heimsfrægð

Á kynningu Omnom fyrir nýja súkkulaðið Black N' Burnt Barley voru fjölmargir áhrifamiklir innkaupastjórar. Matreiðslumeistarinnn Siggi Hall spáir heimsfrægð. „Eitthvað sem enginn hefur séð og bragðað á áður,“ segir Siggi Hall.



Siggi Hall kveðst hafa séð mjög jákvæðar undirtektir innkaupastjóra sem mættu á kynninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Omnom kynnti í gær nýtt súkkulaði, Black N' Burnt Barley, sem er örugglega eitt sérstakasta og eitt skemmtilegasta súkkulaði sem Omnom hefur unnið að. Í ferlinu fór súkkulaðið úr því að vera maltað hvítt á lit yfir í kolsvart úr möltuðu og brenndu byggi, sem er yfirleitt notað í bruggun á dökkum bjór. Í kynningunni kom fram að með því að stoppa í bruggheimum hafi Kjartan Gíslason, súkkulaðigerðarmaður og stofnandi Omnom, fundið bragð sem hefur breytt hugmyndinni um hvað súkkulaði er og getur orðið.

Matreiðslumeistarinn Siggi Hall leit við og kynnti sér hið nýja súkkulaði og sparar ekki stóru orðin. Hann spáir heimsfrægð en fjölmargir innkaupastjórar erlendra verslana voru mættir til að bragða á hinu nýja súkkulaði.

„Mér líst frábærlega á alla þeirra framleiðslu. Það er svo skemmtilegt þegar menn eru djarfir og framúrstefnulegir, það sem stundum er kallað „avant garde“, í sinni matargerð eða súkkulaðigerð,“ segir hann. Hann segir að hann hafi séð hrifningu innkaupastjóranna og þeirra sem ráða för í erlendum verslunum og þaðan kemur spá hans um heimsfrægð. „Þetta gæti orðið hin nýja Björk eða jafnvel Sigurrós, því þetta er eitthvað framúrstefnulegt frá Íslandi. Það þarf djarfan hug til að geta gert svona með matvælaframleiðslu, eins og súkkulaði er, því oft er slík framleiðsla föst inni í ferköntuðum ramma. Að fara út fyrir hann er erfitt og verður þvæla. En ef þetta tekst þá slærðu í gegn. Og þetta fannst mér takast.“

> **ÞAÐ ER SVO SKEMMTILEGT ÞEGAR MENN ERU DJARFIR OG FRAMÚRSTEFNULEGIR, ÞAÐ SEM STUNDUM ER KALLAÐ „AVANT GARDE“, Í SINNI MATARGERÐ EÐA SÚKKULAÐIGERÐ.**
>
> Siggi Hall

Brenna byggið er frá Þýskalandi og er yfirleitt notað í porter og stout bjór. Saltið kemur frá Saltverki á Reykjanesi og byggið er frá Móður Jörð í Vallanesi.

„Þetta er ekki hið hefðbundna kvöldsúkkulaði sem fólk er að stelast í. Þetta er mjög merkilegt súkkulaði, eitthvað sem enginn hefur séð eða bragðað á áður.“

**benedikt-boas@365.is**



Gerðu svo vel.



Bjór með súkkulaðinu.



Spjallað og spáð í spilin.



Allt gert eftir kúnstarinnar reglum.




Taktu far inn í framtíðina!

Glaðningur fyrir káta krakka meðan birgðir endast.

HEKLA er leiðandi á vistvænum bílamarkaði á Íslandi og hefur flutt inn til Íslands fyrsta sjálfkeyrandi bílinn frá **Autonoumus Mobility**.

**Komdu og fáðu far með alvöru sjálfrennireið skoðaðu breitt úrval vistvænna bíla.**
Við verðum á planinu hjá Hörpu laugardaginn 5. maí milli kl.12-16.

Í SAMSTARFI VIÐ:
EFLA

Framtíðin er vistvæn!
HEKLA Laugavegur 170-174
HEKLA










## EINFALDAÐU LÍFIÐ

Heimavellir bjóða nýjan valkost á húsnæðismarkaði – örugga langtímaleigu fyrir 55 ára og eldri.

Þú einfaldar lífið með því að greiða fasta leigufjárhæð mánaðarlega og losnar við allt umstang t.d. við húsfélag, þrif á sameign og viðhald á húsi.

## VANDAÐAR ÍBÚÐIR

Íbúðirnar eru glæsilega hannaðar með áherslu á birtu og rými, 79-148 m² að stærð. Vandaðar innréttingar, góð tæki, parket á gólfum en flísar á baðherbergjum og þvottahúsi. Í eldhúsi fylgja uppþvottavél og ísskápur. Rúmgóð geymsla fylgir hverri íbúð og flestum íbúðum fylgir stæði í bílageymslu.

Svalir eru á hverri íbúð en íbúðir á jarðhæð hafa aðgang að útipalli. Fullfrágengin sameign og lóð með hita í stéttum.

## NÁLÆGÐ VIÐ NÁTTÚRUNA

Boðaþing er staðsett í fallegu umhverfi þar sem stutt er að fara til að njóta náttúrunnar við Elliðavatn og í Heiðmörk.

Þá er Boðinn þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í nágrenni íbúðanna. Þar er hægt að sækja fjölbreytta þjónustu þegar fram líða stundir.



**60 nýjar íbúðir til langtímaleigu í Boðaþingi í Kópavogi**

## LANGTÍMASAMBAND Á LEIGUMARKAÐI

Traustur leigumarkaður sem byggir á langtímasambandi er mikilvægur partur af heilbrigðum og stöðugum húsnæðismarkaði. Markmið okkar er að taka þátt í að byggja upp leigumarkað á Íslandi eins og þekkist á Norðurlöndunum og víðar í Evrópu. Um tvö þúsund fjölskyldur búa nú þegar í öruggri langtímaleigu hjá okkur á höfuðborgarsvæðinu og víða um land.

**www.heimavellir.is**

HEIMA VELLIR
ÖRUGGLEIGA

# Lífið í vikunni 29.04.18-05.05.18



## FANN NOKKRA GALLA Á FULLKOMNU ATRIÐI

Jóhanna Guðrún og Max Petrov dönsuðu nær óaðfinnanlega í þættinum Allir geta dansað á sunnudaginn og fengu fullt hús stiga frá dómurunum, eða þrjár tíur. Jóhanna fann þó nokkra galla á atriðinu, enda með netta fullkomnunaráráttu.



## TÆKLAÐU PRÓFATÖRNINA MEÐ STÆL

Í vikunni sendi Lífið frá sér leiðbeiningar til að tækla lokaprófin með stæl. Tvö sjónarhorn eru á þetta vandamál og voru þau útlistuð í smáatriðum auk þess sem nokkur lykilatriði við að lifa törnina sjálfa af voru talin upp. Þakkið okkur bara fyrir síðar.

## FÖTIN HANS ARA VÍSA Í ELDGOS OG ÁSTRÍÐUELDINN



Fatahönnuðurinn Ýr Þrastardóttir gerir fötin sem íslenski Eurovision-hópurinn klæðist í Lissabon. Jakkinn hans Ara hefur þegar vakið mikla athygli en á honum eru rúnir enda segir hönnuðurinn að Ari sé boðberi jákvæðni. Þetta eru fyrstu herraföt Ýrar.

## RAFMAGNSGÍTARINN STENDUR HÖLLUM FÆTI



Í vikunni bárust þær fréttir að Gibson, einn þekktasti gítarframleiðandi heimsins, væri kominn í gjaldþrot. Það er því óhætt að segja að rafmagnsgítarinn, hljóðfærið sem var hvað mest töff fyrir ekki svo löngu, standi á brauðfótum. Lífið fór aðeins yfir málið eins og því einu er lagið.



Addi Intro og félagar í hjólabrettagarðinum fagna verklokum í dag með grilli og almennu fjöri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Horfið aftur í tímann í Dugguvogi

**Jaðaríþróttafélagið Jaðar fagnar því að framkvæmdum í húsnæði þess í Dugguvogi lýkur nú í dag. Af því tilefni ætlar félagið að fá graffiti-goðsagnir til að skreyta garðinn og minnast fallins félaga.**

Jaðaríþróttafélagið Jaðar hefur verið búa um sig í langþráði aðstöðu í Dugguvoginum nú síðustu mánuði. Nú fer að koma að verklokum en í dag, laugardag, verður smiðshöggið rekið á hjólabrettagarðinn og af því tilefni verða nokkrir af upphafsmönnum veggjalistarinnar á Íslandi fengnir til að mála garðinn hátt og lágt, pylsur verða settar á grillið og rapptónlist frá síðustu öld verður spiluð fyrir mannskapinn, en öllum sem vilja er boðið að mæta. Fallins félaga verður einnig minnst.

„Í framhaldi af uppbyggingu Jaðars ætlum við að láta mála „parkið“ – við sláum í raun þrjár flugur í einu höggi þarna: í fyrsta lagi hefur ekki verið haldinn graffiti-tengdur viðburður í mjög, mjög mörg ár en við ætlum að fá alla þá graffara sem voru öflugastir hér áður fyrr til leiks og þeir ætla að mála allan garðinn, en Reykjavíkurborg styrkti brúsakaupin,“ segir Addi Intro, plötusnúður og einn stofnandi Jaðars. Addi hefur sjálfur verið með hamarinn á lofti í garðinum og smíðað flestalla rampa og annað í þeim dúr.

> **ÞETTA VERÐUR ALGJÖRT „THROWBACK“. ÞETTA BINDUR GÖMLU HIPPHOPPKYNSLÓÐINA SEM VAR MIKLU MEIRA EN BARA TÓNLISTIN.**

„Önnur ástæðan fyrir því að ég skellti í þetta núna er sú að Breki Johnsen, eða Starz, lést um daginn. Hann var mjög öflugur í graffitisenunni, þannig að það verða gerðir nokkrir veggir honum til heiðurs. Hann var með þeim fyrstu hér á landi sem var þrívíddar-graffari – þannig að það verða gerð einhver „tribute“ listaverk í þrívídd hérna í dag.“

Addi segir hugmyndina upphaflega hafa sprottið upp frá þeirri staðreynd að Breki var duglegur við að skreyta hjólabrettagarða – hann átti verk eftir sig í nánast öllum hjólabrettagörðum sem komið hafa upp í Reykjavík enda var hann hluti af þeim hópi sem byggði þá garða og skreytti.

Síðan í þriðja lagi er þetta auðvitað reisugill – svo á svæðinu verður grill og pylsur. Þeir sem vilja mega koma með sitt eigið á grillið og virða fyrir sér goðsagnir í veggjalist stunda sitt fag – þar á meðal verður Charlie D, meðlimur í rappsveitinni goðsagnakenndu Subterranean og veggjalistamaður af gamla skólanum.

„Ég mæti með plötuspilarana og spila eitthvað gamalt og gott og svo held ég að hann Charlie D ætli að mæta með einhvern vínyl líka. Hann ætlar líka að mála. Við skiptumst svo sennilega á að spila. Það verður bara næntís hipphopp spilað, þetta verður algjört „throwback“. Þetta bindur gömlu hipphoppkynslóðina sem var miklu meira en bara tónlistin.“

Allir eru velkomnir en leikar munu standa frá klukkan tvö til sex í dag – þó líklega muni gleðin teygjast eitthvað.

„Fólk verður bara að hafa það í huga að þarna verða yfir 500 brúsar á lofti og því fylgir ákveðin mengun svona fyrir þá sem eru viðkvæmir fyrir málningarlykt.“

**stefanthor@frettabladid.is**


OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

Vikutilboð
3. til 10. maí
Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN

NATURE'S SUPREME
heilsurúm m/Classic botni



Nature's Bedding

TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

| Stærð í cm | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| 160x200 | 134.900 | 101.175 |
| 180x200 | 149.900 | 112.425 |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á $m^2$
- Vandaðar kantstyrkingar

TILBOÐ
40%
AFSLÁTTUR



PURE COMFORT
hvít teygjulök

| Stærðir | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| 80/100 x 200/220 x 35 | 2.990 kr. | 1.794 kr |
| 90/100 x 200/220 x 35 | 3.490 kr. | 2.094 kr |
| 120/140 x 200/220 x 35 | 3.990 kr. | 2.394 kr |
| 160 x 200/220 x 35 | 4.990 kr. | 2.994 kr |
| 180/200 x 200/220 x 35 | 5.490 kr. | 3.294 kr |

Frábært verð!

Afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorgi)
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson *elmar@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*



**Umsóknarfrestur er til 15. maí**

# Góður leiðtogi nær betri árangri

## Almennt meistaranám í forystu og stjórnun eða með áherslu á mannauðsstjórnun eða verkefnastjórnun

Meistaranám í forystu og stjórnun við Háskólann á Bifröst er sérsniðið að þörfum þeirra sem vilja styrkja sig í starfi og efla leiðtogahæfileika sína fyrir forystu og stjórnunarstörf.

Námið hefur hlotið frábærar móttökur og samanstendur af fjölbreyttum námskeiðum sem veita nemendum víðtæka þekkingu og sérstökum námskeiðum um ólíkar kenningar innan forystu- og stjórnunarfræða.

Í náminu er sérstök áhersla lögð á að efla samskiptahæfni nemenda.

**Í boði eru þrjár mismunandi leiðir.**

- Almennt meistaranám í forystu og stjórnun þar sem til að mynda er sérstakt námskeið í þjónandi forystu (e. servant leadership).
- Forysta og stjórnun með sérstaka áherslu á mannauðsstjórnun, sem byggir á fjórum námskeiðum á sviði mannauðsmála.
- Frá hausti 2018 verður í boði nýr valkostur; forysta og stjórnun með sérstaka áherslu á verkefnastjórnun sem er sérsniðið að starfi verkefnastjórans.

**Nám í forystu og stjórnun er kennt í fjarnámi og nemendur geta tekið námið á eigin hraða.**

**Umsóknarfrestur fyrir haustönn 2018 er til 15. maí**
Nánari upplýsingar á **bifrost.is**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
*- fyrir þá sem ætla lengra*




Tilboð gilda til 10. maí eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl.









**Turbokalk**
Það eykur mótstöðuafl plantna gegn sjúkdómum og vinnur gegn vexti mosa. Þá bætir Turbokalk jarðvegsbygginguna og auðveldar loftun jarðvegsins.
12kg.
**2.595**
55090005

**Flúðamold**
100% íslensk lífræn ræktunarmold. 20l.
**765**
55097014

**Hjólbörur** 80l.
**4.495**
79290094

**Blákorn**
Góður alhliða áburður sem hentar vel í öll blómabeð, fyrir matjurtir og skrautrunna og tré. Inniheldur öll helstu næringar- og snefilefni.
5kg.
**1.455**
55095007
10kg.
**2.595**
55095107

Einhell® **Tilboðsverð**

## Hekkklippur
GH-EH 4245, 420W, rafmagns, lengd sverðs 51 cm, klippilengd 45 cm, bil milli tanna 16 mm.
**7.865**
74830003
Almennt verð: 10.495



Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**

GrillPro 24025.

**19.995**

50657522

Almennt verð: 29.995



kílóvött 7,3 brennarar 2

NAPOLEON
ROGUE

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**

NAPOLEON - ROGUE R365, grillgrind 51x46cm úr pottjárni.

**63.995**

506600035

Almennt verð: 79.995



kílóvött 8,2 brennarar 2

NAPOLEON
ROGUE

**Tilboðsverð**

**Gasgrill**

NAPOLEON - ROGUE R365, SIZZLE-ZONE™ hliðarbrennari, grillgrind 51x45 cm, grillgrindur úr ryðfríu stáli.

**95.995**

506600037

Almennt verð: 119.995



INFRARED SIZZLE ZONE

kílóvött 10,8 brennarar 2+1

RYOBI

**Tilboðsverð**

**Hersluvél**

18V sett með 3 lyklum, 2Ah rafhlöðu og hleðslutæki.

**27.995**

7133003574

Almennt verð: 39.995



**30% afsláttur**

BOSCH

**Tilboðsverð**

**Rafhlöðuborvél**

PSR 14,4V sett. Tvær 2,5Ah rafhlöður og hleðslutæki.

**18.195**

74864116

Almennt verð: 25.995



**30% afsláttur**

Einhell

**Tilboðsverð**

**Bútsög**

TC-MS 2112, sagarblað 210mm.

**12.595**

74808295

Almennt verð: 17.995



**30% afsláttur**

# ALLAR FLÍSAR

**25% afsláttur**





# ÖLL BÚSÁHÖLD





**25% afsláttur**

*Vertu með!*

# PALLA-LEIKUR

**Sjá nánar á byko.is**

**Alls 10 vinningar, heildarverðmæti rúmlega 700.000kr.**

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja




Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Sirrýjar Hallgrímsdóttur



# Trump er víða

Donald Trump er sennilega flinkasti popúlisti Vesturlanda. Þrátt fyrir harðar árásir fjölmiðla virðist engu skipta hversu mikið rugl kemur frá honum, hversu mörg hneykslismál rata upp á yfirborðið, alltaf flýtur Trump áfram. Eftir því sem hann lætur meira rugl frá sér fara, því ónæmari virðist hann verða fyrir gagnrýni.

Mér varð hugsað til þessa þegar ég heyrði formann VR í fjölmiðlum 1. maí. Þar fór hann mikinn og sagði að verkalýðshreyfingin myndi fara í aðgerðir sem ekki hefðu sést hér á síðustu áratugum. Eitt af því var að beita verkfallsvopninu til að breyta vöxtum Seðlabankans, afnema verðtryggingu og ýmislegt annað smálegt. Slíkar aðgerðir eru ólöglegar með öllu og reyndar fráleit hugmynd að breyta vöxtum með verkföllum. En hið merkilega er að engum fjölmiðli sem Ragnar Ingólfsson talaði við hugkvæmdist að spyrja hann gagnrýninna spurninga, ólíkt því sem við sjáum í Bandaríkjunum í samskiptum fjölmiðla þar og Trumps.

Þessi tegund af Trumpisma sem Ragnar Ingólfsson hefur tileinkað sér svo listilega er hættuleg fyrir allt launafólk á Íslandi, sérstaklega þá sem búa við lægstu launin. Við búum nefnilega svo vel að eiga nýlega sögu kjaradeilna hér á landi og hverjir það voru sem fóru verst út úr þeim, og það var ekki ríka fólkið.

Fjölmiðlar hafa hingað til verið duglegir að útvarpa, sjónvarpa og prenta það sem Ragnar segir. Hvernig væri nú að taka áhættuna og byrja að spyrja gagnrýninna spurninga? Verkalýðshreyfingin hefur samkvæmt lögum gríðarlegt vald í samfélaginu, því valdi á að fylgja sama ábyrgð og sama eftirlit eins og á við um aðrar valdastofnanir þjóðfélagsins.







